# Bókatíðindi 2021

Getur þú hugsað þér jól án bóka?



## Kæri bókaunnandi,

Sú hefð að gefa bækur til jólagjafa má rekja til áranna eftir síðari heimstyrjöld og eftir að hafa fengið sjálfstæði okkar frá Dönum árið 1944. Á þessum árum var efnhagsástandið hér á landi ekki burðugt enda kreppa eftirstríðsáranna ríkjandi hér sem og í öðrum löndum. Fyrstu ár nýfengins sjálfstæðis voru því ekki auðveld fyrir hið unga lýðveldi sem stóð nú frammi fyrir afar flóknum og krefjandi aðstæðum. Þá dugði ekki að grípa til neinna vettlingataka þannig að efnahagsástandið færi ekki úr böndunum. Mjög umfangsmiklar aðgerðir reyndust nauðsynlegar til takmarka innflutning á margskonar vörum. Það var gert með víðtækum kvótum og innflutningsbönnum sem sett voru á fjölmargar neysluvörur. Þetta takmarkaði mjög það úrval af gjafavöru sem landsmönnum hafði áður staðið til boða m.a. til jólagjafa. En þar sem pappír var utan þessara hafta þá var hann fluttur inn til að framleiða bækur sem mjög fljótt urðu vinsælar jólagjafir. Þannig varð útgáfa íslenskra bóka á þessum árstíma tákn um hugvit smáþjóðar sem bæði styrkti sjálfsmynd sína á erfiðum tímum og skóp líka einstaka hefð sem hvergi á sér hliðstæðu í heiminum.

Ekki þarf svo að staldra lengi við lestur þessara Bókatíðinda til að sjá að nú sem aldrei fyrr er íslensk bókaútgáfa í miklum blóma. Úrvalið hefur sjaldan verið fjölbreyttara og aldrei fyrr hafa jafn margar nýjar raf- og hljóðbækur komið út. Útgáfa nýrra íslenskra skáldverka er líka í sögulegu hámarki og matreiðslubókum fjölgar á milli ára, svo fátt eitt sé nefnt. Allir ættu því að finna bækur við sitt hæfi til að njóta, lesa, hlusta, tala um, deila og gefa.

Í ár kynnum við nýja og bætta þjónustu fyrir alla unnendur íslenskra bóka því samhliða hinni hefðbundnu prentuðu útgáfu Bókatíðinda kynnum við nýja og notendavæna rafræna útgáfu á slóðinni www.bokatidindi.is

Gleðileg einstök íslensk bókajól!

Heiðar Ingi Svansson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda.

## *Efnisyfirlit*


***Barna- og ungmennabækur***

- Myndskreyttar ........ 3
- Skáldverk ........ 11
- Fræði og bækur almenns efnis ........ 20
- Ungmennabækur ........ 23

***Skáldverk***

- Íslensk ........ 26
- Þýdd ........ 36

***Ljóð og leikrit*** ........ 47
***Listir og ljósmyndir*** ........ 52
***Saga, ættfræði og héraðslýsingar*** ........ 54
***Ævisögur og endurminningar*** ........ 55
***Matur og drykkur*** ........ 58
***Fræði og bækur almenns efnis*** ........ 59
***Hannyrðir, íþróttir og útivist*** ........ 74
***Titlaskrá*** ........ 77
***Skrá yfir raf- og hljóðbækur*** ........ 80
***Útgefendaskrá*** ........ 81


## Merking tákna í Bókatíðindum

Undir kápumyndum allra bóka má nú finna tákn sem vísa til útgáfuforms. Táknskýringar má finna neðst á öllum kynningarblaðsíðum.

- GOR Gormabók
- HSP Harðspjalda bók – allar blaðsíður úr hörðum pappír
- HLB Hljóðbók
- IB Innbundin bók – kápuspjöld úr hörðum pappír
- KIL Kilja
- RAF Rafbók
- SVK Sveigjanleg kápa – líkt og kilja en í annarri stærð
- EÚT Endurútgefin bók


## BÓKATÍÐINDI 2021

**Útgefandi:** Félag íslenskra bókaútgefenda
Barónsstíg 5
101 Reykjavík
Sími: 511 8020
Netf.: fibut@fibut.is
Vefur: www.fibut.is

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

**Hönnun kápu:** Halldór Baldursson og Ámundi Sigurðsson
**Ábm.:** Benedikt Kristjánsson
**Upplag:** 110.000
**Prentvinnsla:** Prentmet Oddi ehf., umhverfisvottað fyrirtæki

ISSN 1028-6748



Kynntu þér úrvalið á boksala.is
Æðisleg bókabúð, geggjuð verð.

Auðvelt að panta og fá sent heim

bóksala stúdenta

Háskólatorgi - s. 570 0777 - boksala@boksala.is - www.boksala.is

# Barnabækur
## MYNDSKREYTTAR



### Baðbók
*Dýrabörn*
*Sveitahljóð*
**Þýð.: Baldur Snær Ólafsson**
Börnin elska að skoða bók í baði, sundi eða sturtu. Með þessum skemmtilegu bókum verður ennþá meira fjör! Litríkar myndir á mjúkum, vatnsþolnum síðum.
6 bls.
**Setberg**

IB

---




### 5 mínútna FROZEN sögur
**Walt Disney**
Ævintýri í Arendell! Taktu þátt í heillandi ævintýrum Önnu, Elsu og vina þeirra í Arendell. Þessi litríka ævintýrabók er tilvalin í sögustund fyrir svefninn eða bara hvenær sem er.
160 bls.
**Edda útgáfa**

IB

---



### Binna B Bjarna
*Björgum býflugunum*
*Fúll nágranni*
**Sally Rippen**
Binna er snjöll og sjálfstæð stelpa sem veit hvað hún vill. Hún og besti vinur hennar, hann Jónsi, eru uppátækjasamir krakkar. Tvær nýjar bækur eru komnar út. Góðar lestrarbækur fyrir 5 ára + með stóru letri og góðu línubili.
44 bls.
**Rósakot**

KIL

---



### 5 mínútur
*Draumaheimur*
*Ævintýri*
**Þýð.: Baldur Snær Ólafsson**
Sex myndskreytt sígild ævintýri og kvöldsögur. Hér kynnist þú sígildum persónum og ævintýrum þeirra. Einnig bíða þín hugljúf ævintýri, allt frá drekum sem ekki vildu fara að sofa til tígrisdýrsins sem gat ekki öskrað.

*Sögurnar eru fimm mínútna langar.*
**Setberg**

IB

---




### Bílasögur
**Walt Disney**
Það er líf og fjör hjá bílunum í Vatnskassavin! Leiftur McQueen er nýi bíllinn í bænum en kynnist fljótt litríkum íbúum staðarins. Saman halda vinirnir óvænta veislu, aðstoða við löggæslu, æfa slökkviliðsstörf og hlusta á ævintýralegar sögur Króks.
160 bls.
**Edda útgáfa**

IB

---




### Aldrei snerta hákarl
**Stuart Lynch**
**Þýð.: Sigurgeir Orri Sigurgeirsson**
Börn og fullorðnir finna sameiginlega snertifleti á þessum litskrúðugu og heillandi verum. Góða skemmtun við að snerta dýrin sem búa í sjónum ... ef þú þorir!

Skemmtileg barnabók fyrir þau allra yngstu.
10 bls.
**Unga ástin mín**

IB

---




### Bókin sem vildi ekki láta lesa sig
**David Sunden**
VARÚÐ! Þetta er sagan um bókina sem vildi ekki láta lesa sig. Bókina sem í prakkaraskap sínum beitir ólíklegustu brögðum til þess að vera látin í friði. Orð breytast. Bókin lokast og skyndilega - krókódíll!

Óvenju lífleg, þrjósk og algerlega töfrandi myndabók, skrifuð af litlum fyndnum manni.
36 bls.
**Edda útgáfa**

IB

---




### Asmódeus litli
**Ulf Stark**
**Þýð.: Guðrún Hannesdóttir**
**Myndir: Anna Höglund**
Asmódeus litli er ekki eins og aðrir í Undirheimum. Hann vill aldrei slást eða vera með andskotans læti og langar ekki til að gera neitt af sér. Hvað eiga foreldrar hans þá til bragðs að taka? Eina ráðið er víst að senda hann upp á yfirborð jarðar þar sem honum er ætlað að sýna fram á að hann sé sannur sonur föður síns.

Mögnuð saga eftir einn þekktasta barnabókahöfund Svía. Myndir og þýðing í sérflokki.
46 bls.
**Dimma**

IB

---




### Búálfar: Jólasaga
**Jakob Ómarsson**
*Búálfar: Jólasaga* segir frá búálfum og lífi þeirra í kringum jól og áramót. Búálfar eiga heima inn á heimilum okkar og eiga þeir það til að fá alls konar hluti „lánaða“ frá okkur mannfólkinu. Búálfar hafa sérstaklega mikið dálæti á sokkum af öllum stærðum og gerðum. Þetta er falleg jólasaga sem er ríkulega myndskreytt, með skemmtilegum persónum og hentar börnum á öllum aldri.
32 bls.
**Af öllu hjarta ehf.**

IB




## Bökum saman

*Litla kanínan býr til morgunverð*
*Mýsla litla bakar*
**Þýð.: Baldur Snær Ólafsson**
Hjálpaðu litlu kanínunni að finna allt það sem hún þarf til að bera fram óvæntan morgunverð eða Mýslu að finna allt sem þarf í baksturinn.
*35 flipar og einföld uppskrift aftast í bókinni!*
12 bls.
**Setberg**

IB




## Depill í leikskólanum

**Eric Hill**
**Þýð.: Jakob F. Ásgeirsson**
Ávaxtastundin er að hefjast ... En hvar er Depill?
Lyftu flipunum og gáðu hvað þú sérð!
Í þessari skemmtilegu bók bregður hvolpurinn fjörugi sér á leik í leikskólanum.
14 bls.
**Ugla**

IB




## Depill – Bók og bangsi í kassa

**Eric Hill**
**Þýð.: Jakob F. Ásgeirsson**
Hvar er Depill? Í þessu fyrsta ævintýri Depils geta börnin tekið þátt í leitinni að hinum fjöruga og skemmtilega hvolpi með því að lyfta flipunum á hverri síðu og athuga hvað leynist undir þeim.
Eftirlætis flipabók allra barna í fallegum gjafakassa ásamt krúttlegum og mjúkum Depils-bangsa.
22 bls.
**Ugla**

IB




## Drottningin sem kunni allt nema ...

**Gunnar Helgason**
**Myndir: Rán Flygenring**
Bambalína drottning kann allt! Nema kannski eitt. Hvað ætli það sé? Kannski kemur það í ljós daginn sem hún þeysir í hestvagninum sínum til að opna nýja leikskólann. Sprenghlægileg saga handa börnum sem kunna líka (næstum) allt og foreldrum sem kunna gott að að meta.
32 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

IB




## Depill – Límmiðabók

**Eric Hill**
**Þýð.: Jakob F. Ásgeirsson**
Í þessari bók er fjöldi skemmtilegra mynda sem börnin geta skreytt enn frekar með límmiðum.
Þeim er boðið með Depli út að leika í snjónum, rigningunni, rokinu og sólskininu. Þau fara líka með Depli og vinum hans að máta búninga fyrir grímuball.
Allt fullt af límmiða-GAMNI!
20 bls.
**Ugla**

SVK




## Dundað á jólunum

**Kirsteen Robson**
Verkefnabók fyrir krakka sem eru að byrja að leysa þrautir - um leið og þau þjálfast í að halda á penna.
Tússpenni fylgir með bókinni. Í henni eru skemmtileg verkefni sem hægt er að gera aftur og aftur.
20 bls.
**Rósakot**

SVK




## Depill – Stóra límmiðabókin í fríið

**Eric Hill**
**Þýð.: Jakob F. Ásgeirsson**
Alls konar verkefni sem halda vinum Depils glöðum og kátum í fríinu. Og allir fá gullstjörnu fyrir rétt svör!
Í þessari bók eru ótal límmiðar, myndir til að lita og skemmtilegar þrautir. – Slástu í för með Depli og vinum hans í frábæru límmiða-gamni!
68 bls.
**Ugla**

SVK




## Dýrasögur

*9 fallega myndskreyttar sögur*
**Þýð.: Baldur Snær Ólafsson**
Dýrðlegt safn af ógleymanlegum sögum fyrir börn.
*Fallegar sögur fyrir börn tveggja ára og eldri.*
100 bls.
**Setberg**

IB




## Depill heimsækir afa og ömmu

**Eric Hill**
**Þýð.: Jakob F. Ásgeirsson**
Í þessari bók fer hvolpurinn fjörugi og skemmtilegi í heimsókn til afa og ömmu.
Lyftið flipunum til að sjá hvað Depill og afi og amma gerðu sér til skemmtunar.
18 bls.
**Ugla**

IB



Vertu ekki bóklaus á jólanótt
bóksala stúdenta
www.boksala.is




## Elsku mamma
**Denise Hughes**
**Þýð.: Bjarki Karlsson**
Þessi fallega myndskreytta bók er óður til hinna nánu samskipta móður og barns. Sérlega ljúf bók sem hentar vel til lesturs fyrir eins til fjögurra ára börn.
10 bls.
**Unga ástin mín**

IB

---




Risaeðlugengið
## Ferðalagið
**Lars Mæhle**
**Þýð.: Æsa Guðrún Bjarnadóttir og Sverrir Jakobsson**
**Myndir: Lars Rudebjer**
Sölvi sagtanni fær Gauta grameðlu með sér í ævintýralegt ferðalag yfir fjöllin háu í norðri og Nanna nashyrningseðla slæst með í för – sem betur fer! Krúttleg, fræðandi og fyndin saga fyrir yngsta áhugafólkið um risaeðlur og önnur forsöguleg dýr.
48 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

IB

---




## Ég elska ketti
**Hannah Porter**
Í þessari skemmtilegu flipabók leynist margur fróðleiksmolinn um ketti.
Undir flipunum eru alls konar upplýsingar um fjölda kattartegunda, umönnun katta og hegðun þeirra.
17 bls.
**Rósakot**

IB

---




## Fyrstu 100 orðin á íslensku og ensku
*Lyftu 100 flipum og lærðu fyrstu orðin á íslensku og ensku!*
**Þýð.: Baldur Snær Ólafsson**
Litlir fingur hafa sérstaklega gaman af að lyfta flipunum í þessari harðspjaldabók og skoða myndirnar sem þar birtast, lesa og læra.
16 bls.
**Setberg**

IB

---




## Ég er ekkert (svo) myrkfælinn
**Anna Milbourne**
Myrkrið getur verið ógnvænlegt en líka töfrandi ævintýraheimur. Það fer allt eftir því hvaða augum þú lítur það.
Falleg bók í stóru broti fyrir 2 ára og eldri.
20 bls.
**Rósakot**

IB

---




## Fyrstu orðin
*Orða- og myndabók til að lesa saman*
**Þýð.: Kolbeinn Þorsteinsson**
Þessa dásamlegu orða- og myndabók er gaman að lesa með litlum börnum þegar þau læra að segja fyrstu orðin.
*Fræðandi harðspjaldabók.*
24 bls.
**Setberg**

IB

---




## Felix - Fyrstu bréfin frá Felix
*Inniheldur 5 bréf frá Felix*
**Þýð.: Baldur Snær Ólafsson**
Undir stóra flipanum leynist bréf til þeirra yngstu, sem Felix sendir þeim úr heimsreisu sinni. Ljúfur texti og stuttar spurningar örva börnin til að taka þátt og uppgötva.
10 bls.
**Setberg**

IB

---




## Fyrstu tölustafirnir
*Orða- og myndabók til að lesa saman*
**Þýð.: Kolbeinn Þorsteinsson**
Þessa yndislegu orða- og myndabók er gaman að lesa með ungum börnum þegar þau uppgötva fyrstu tölustafina og læra að telja.
*Fræðandi harðspjaldabók.*
24 bls.
**Setberg**

IB

---




## Felix, Bréf frá Felix
*Inniheldur 6 laus bréf og 6 límmiða*
**Annette Langen og Constanza Droop**
**Þýð.: Rúna Gísladóttir**
Fjölskyldan fer í sumarfrí og Felix, hérinn hennar Soffíu, hverfur. Felix ferðast um heiminn og sendir Soffíu sex myndskreytt og fræðandi bréf frá sex mismunandi borgum. Sex límmiðar fylgja bókinni.
*Bækurnar um Felix hafa verið prentaðar í um 7 milljónum eintaka.*
36 bls.
**Setberg**

IB

---







## Glóandi límmiðar
*Dýrin*
*Mannslíkaminn*
**Þýð.: Baldur Snær Ólafsson**
Uppgötvaðu stórkostlegar staðreyndir um hin undraverðu dýr jarðarinnar og skoðum úr hverju við erum gerð! Hvernig starfar líkaminn?
*Glóandi límmiðar og fjöldi heillandi staðreynda um mannslíkamann og dýraríkið!*
48 bls.
**Setberg**

IB




## Góða nótt

*8 fallegar myndasögur*

**Þýð.: Baldur Snær Ólafsson**

Sögusafn með átta, krúttlegum dýrasögum með heillandi persónum og fallegum myndum. Sögurnar eru hæfilega langar til að lesa fyrir svefninn.

176 bls.

**Setberg**

IB




## Góðan daginn bréfberi

**Michaël Escoffier og Matthieu Maudet**

**Þýð.: Guðrún Vilmundardóttir**

Bráðskemmtileg myndabók fyrir börn á öllum aldri. Bréfberinn ferðast um með stundum óvæntar – en alltaf ánægjulegar! – sendingar.

24 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

IB




## Heyrðu, Jónsi!

*Boðskortið*

*Viltu vera með mér?*

**Sally Rippen**

Jónsi er hlédrægur strákur sem þarf að takast á við alls konar áskoranir, stundum með hjálp besta vinar síns, hennar Binnu B.

Tvær nýjar bækur eru nú komnar út.

Góðar lestrarbækur fyrir 5 ára + með stóru letri og góðu línubili.

44 / 46 bls.

**Rósakot**

KIL




## Hér býr Bóbó Bangsi

*Orða- og myndabók með flipum*

**Þýð.: Kolbeinn Þorsteinsson**

Loksins er Bóbó mættur aftur! Farðu um allt húsið í þessari orða- og myndabók. Í húsinu er fjöldi flipa til að lyfta og litríkar leitarsíður þar sem hægt er að uppgötva margt og læra í þessari harðspjaldabók.

16 bls.

**Setberg**

IB




## Hvolpasveitin

*Litir og Tölur*

**Þýð.: Birgitta Elín Hassell**

Róbert og hressu hvolparnir í Hvolpasveitinni skoða litina og tölurnar.

Veglegar harðspjaldabækur fyrir yngstu börnin.

8 bls.

**Töfraland - Bókabeitan**

HSP




## Kíkjum í dýragarðinn

**Anna Milbourne**

Hvað leynist undir laufunum eða á bak við dyrnar? Eru það háværir páfagaukar, apakettir eða eitthvað allt annað? Lyftu flipunum og láttu það koma þér á óvart. Flipabók fyrir 2 ára og eldri

14 bls.

**Rósakot**

IB




## Lára og Ljónsi

*Lára bakar*

*Lára lærir á hljóðfæri*

**Birgitta Haukdal**

**Myndir: Anahit Aleqsanian**

Tvær nýjar sögur um töfrana í hversdegi Láru og bangsans Ljónsa. Lára hefur yndi af tónlist og langar til að læra á hljóðfæri. En hvaða hljóðfæri verður fyrir valinu? Dag einn kemur Lára fjölskyldunni á óvart og býr til spari-morgunmat. Litríkar og fallegar bækur sem krakkar hrífast af.

41 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB




Hæ Sámur

## Litla bókin um Sámsknús

**Þýð.: Elín G. Ragnarsdóttir**

Vinalegi hundurinn Sámur hvetur börn til þess að kanna umhverfi sitt og takast á við verkefni í sameiningu. Langbesta leiðin til að sýna einhverjum hvernig manni líður er með stóru Sámsknúsi!

32 bls.

**Drápa**

IB




## Litlu lærdómshestarnir

*Fyrstu orðin,*

*Litum sveitin,*

*Margföldun,*

*Stafir*

**Elizabeth Golding og Hannah Mitchell**

**Þýð.: Kristín Þórsdóttir og Sigurgeir Orri Sigurgeirsson**

Skemmtilegar bækur með tússpenna sem æfa fínhreyfingar við skrif bókstafa og tölustafa.

Í þessari bókaröð skemmta börnin sér við:

– að þekkja orð
– að skrifa einföld orð
– að læra að þekkja alls konar hluti

22 bls.

**Unga ástin mín**

IB SVK




## Litum

*Litum tækin*

**Hannah Mitchell**

**Þýð.: Kristín Þórsdóttir**

Endurnýtanleg og umhverfisvæn litabók. Bleytið pensilinn með vatni og málið yfir myndirnar til þess að kalla fram hina ýmsu liti. Hægt er að lita aftur og aftur í bókina þar sem litirnir hverfa fljótlega eftir að vatnið þornar.

12 bls.

**Unga ástin mín**

IB



GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa EÚT Endurútgáfa




## Ljóni og fjölburarnir

**Guðný Anna Annasdóttir**
**Myndir: Páll Jóhann Sigurjónsson**

Ljóni byrjar í leikskóla og deildin hans heitir Súlur. Þar kynnist Ljóni,tvíburum og þríburum. Þetta finnst pabba Ljóna mjög áhugavert, en hvers vegna?

Bókin sýnir fjölbreytileika samfélagsins. Á deildinni Súlum eru 5 tvíburar, einir þríburar og 3 einburar.

32 bls.
**Gudda Creative ehf.**

IB




## Múmínálfarnir - Stóra flipabókin

**Tove Janson**
**Þýð.: Jakob F. Ásgeirsson**

Velkomin í Múmíndal!

Lyftu flipunum á hverri blaðsíðu í þessari RISA bók og kynnstu Múmínálfunum, uppgötvaðu liti og tölur og finndu líka fyrstu orðin.

Og síðan, eftir viðburðaríkan og skemmtilegan dag, segirðu góða nótt við Múmínálfahúsið ...

10 bls.
**Ugla**

IB




## Ljóni og Lindís plokka

**Guðný Anna Annasdóttir**
**Myndir: Páll Jóhann Sigurjónsson**

Systkinin Ljóni og Lindís fara í fjölskylduferð með mömmu og pabba. Ferðin tekur óvænta stefnu þegar þau uppgötva hvað það liggur mikið rusl í náttúrunni.

Bókin kemur fram með nýjung í íslenskum barnabókmenntum. Hvað varðar nærumhverfi barna og umhverfisvitund fjölskyldunnar.

32 bls.
**Gudda Creative ehf.**

IB




## Onk! Onk!

**Neville Asley og Mark Baker**
**Þýð.: Klara Helgadóttir**

Vertu með Gurru grís í þessari skemmtilegu hljóðbók. Sjáðu allt sem hún elskar að gera og fær hana til að segja „Onk!“ Bækurnar um Gurru grís eru með allra vinsælustu barnabókum í heimi.

10 bls.
**Unga ástin mín**

IB




## Ljóni og ævintýraklippingin

**Guðný Anna Annasdóttir**
**Myndir: Páll Jóhann Sigurjónsson**

Ljóni er að verða 3 ára og mamma býður honum í ævintýraklippingu. Hann vissi ekki að til væru sérstakar hárgreiðslustofur, sem bjóða upp á ævintýraklippingu. Því pabbi Ljóna hafði alltaf klippt hann heima.

Bókin fjallar um hvernig ferð á hárgreiðslustofu getur orðið að ævintýraferð í huga barns.

En hvað er ævintýraklipping?

32 bls.
**Gudda Creative ehf.**

IB




## Ófriður í grænmetisgarðinum

**Sven Nordqvist**
**Þýð.: Ásta H. Ólafsdóttir**

Það er fagur vormorgunn í friðsælum trjágarði í Svíþjóð og Pétur ætlar að sá fyrir grænmeti og setja niður kartöflur. Kötturinn Brandur er ekki hrifinn af áformunum og vill heldur rækta eitthvað annað.

Garðyrkjan gengur þó ekki alveg þrautalaust og það reynir á hugvitsemi Péturs og leikhæfileika Brands.

26 bls.
**Kvistur bókaútgáfa**

IB




## Múmín – Býflugnabók í kassa

**Tove Janson**

Mjúk taubók, litrík og skemmtileg, til að snerta og skynja – handa allra yngstu börnunum.

Frábær taubók til að auka samhæfingu og einbeitingu hjá smábörnum.

Tilvalið að festa við barnavagn og láta býflugubókina suða og hristast þegar togað er í hana.

Bókin er í fallegum gjafakassa.

4 bls.
**Ugla**

SVK




## Pési og Pippa

*Hlaupahjólameistarinn*
*Með Frogga í háttinn*
**Þýð.: Baldur Snær Ólafsson**

Pippa ætlar að gista hjá Pésa en gleymdi uppáhaldstuskudýrinu sínu, froskinn!

Pippa er ROSALEGA spennt fyrir að prófa hlaupahjólið hans Pésa sem hún tekur í óleyfi.

*Ljúfur boðskapur um vináttu.*

24 bls.
**Setberg**

IB

Auðvelt að panta á boksala.is




Komdu til okkar
á Háskólatorg
eða pantaðu á
www.boksala.is

Hó, hó, hó!
Jólabóka-bókajól!

bóksala stúdenta
www.boksala.is




## Pétur getur
**Sara Yvonne Ingþórsdóttir**
**Myndskr.: Lilja Andrea Kitmitto**
Pétur er að byrja í fyrsta bekk í grunnskóla þar sem hann þekkir enga. Hann er feiminn og á erfitt með að kynnast hinum börnunum. Hann kynnist álfi að nafni Álfur og lenda þeir í alls kyns ævintýrum saman. Álfur hvetur Pétur til dáða og hann lærir að hann getur allt sem hann ætlar sér.
51 bls.
**LEÓ Bókaútgáfa**

IB




## Skrímslaleikur
**Áslaug Jónsdóttir, Kalle Güttler og Rakel Helmsdal**
**Myndir: Áslaug Jónsdóttir**
Litla skrímslið og stóra skrímslið eru að bauka eitthvað saman í leyni. En þegar loðna skrímslinu er boðið til leiks finnur það hvergi vini sína! *Skrímslaleikur* er tíunda bókin um skemmtilegu skrímslin sem slegið hafa í gegn hjá litlum bókaormum, og hér búa þau til leikhús!
32 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

IB




## Pétur tjaldar
**Sven Nordqvist**
**Þýð.: Ásta H. Ólafsdóttir**
Pétur býr með kettinum sínum Brandi og nokkrum hænum í fallegri sveit í Svíþjóð. Uppi á háalofti rekast þeir á gamalt tjald, en sá fundur á heldur betur eftir að draga dilk á eftir sér og skapa vandræði sem Gústi nágranni getur ekki beðið með að segja öllum sveitungunum frá.
25 bls.
**Kvistur bókaútgáfa**

IB




## Slökkvilið
**Þýð.: Huginn Þór Grétarsson**
Þessi bók fjallar um starf slökkviliðsmanna og tækjakost þeirra. Myndirnar lyftast upp úr síðunum þegar blaðsíðunum er flett. Vönduð spjaldabók, vegleg gjöf.
20 bls.
**Óðinsauga útgáfa**

IB




## Rauð viðvörun! Jólin eru á leiðinni
**Sigrún Eldjárn**
Spennandi jólasaga í 24 stuttum köflum sem upplagt er að lesa á aðventunni eða um jólin. Hér segir frá æsilegri leit systkinanna Jóa og Lóu að jólagjöfum sem leiðir þau í mikil ævintýri. Geta krakkarnir á endanum gefið öllum eitthvað sniðugt á aðfangadagskvöld? Ný og skemmtileg saga eftir einn ástsælasta höfund landsins.
58 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

IB




## Snuðra og Tuðra fara í útilegu
**Iðunn Steinsdóttir**
**Myndir: Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir**
Það er komið sumar og Snuðra og Tuðra eru á leið í útilegu með mömmu sinni og pabba. Systurnar eru spenntar og vilja taka öll leikföngin sín með í tjaldið en mamma segir að það sé ekki pláss í bílnum. Það er margt spennandi á tjaldsvæðum en Snuðra og Tuðra komast að því að það er mjög mikilvægt að týna ekki tjaldinu sínu!
24 bls.
**Salka**

SVK




## Rím og roms
**Þórarinn Eldjárn**
**Myndir: Sigrún Eldjárn**
Barnaljóðabækur Þórarins og Sigrúnar Eldjárn hafa glatt kynslóðir íslenskra barna. Þessi fallega bók geymir nýjar og skemmtilegar vísur um kaldar og heitar krumlur, heilagar kýr, kubba, tröll og margt, margt fleira. Hver opna er prýdd fjörugum myndum sem endalaust er hægt að skoða. Óskabók fyrir litla og stóra ljóðaorma.
42 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

IB




## Stafasmjatt
**Viktoría Buzukina**
Stafasmjatt er gómsæt og fallega myndskreytt bók um stafrófið. Í bókinni kynnast börnin einnig ýmsum matartegundum og auka þar með orðaforða sinn. Stafasmjatt er gott bragð fyrir börn til að uppgötva heim stafrófsins. Verði ykkur að góðu.
16 bls.
**Króníka**

HSP



## Sagan um Pomperípossu með langa nefið
**Axel Wallengren**
**Þýð.: Guðrún Hannesdóttir**
**Myndir: Guðrún Hannesdóttir**
Einu sinni fyrir langa löngu var afskaplega gömul galdrakerling sem hét Pomperípossa. Hún var hræðilega ljót og vond í þokkabót. En í hvert skipti sem Pomperípossa galdraði þá lengdist á henni nefið. Það var hennar refsing.

Höfundurinn Axel Wallengren (1865–1896) birti söguna árið 1895, en hún hefur síðan notið mikilla vinsælda í meira en heila öld. Guðrún Hannesdóttir íslenskaði og myndskreytti þetta sígilda, sænska ævintýri.
29 bls.
**Dimma**

IB



Bækurnar heim!
bóksala stúdenta
www.boksala.is


GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa EÚT Endurútgáfa




Hæ Sámur
## Stóra merkjabókin
**Þýð.: Elín G. Ragnarsdóttir**
Vilt þú vinna þér inn Sámsmerki?

Þessi bók er smekkfull af allskonar merkjum, límmiðum og leikjum. Fylgdu leiðbeiningum Sáms og skelltu þér í fjörið. Hver síða er ævintýri líkust með allskyns skemmtilegheitum, litríkum merkjum og límmiðum. Auk þess fylgir verðlaunaspjald fyrir límmiðana.
24 bls.
**Drápa**

SVK




## Tröllamatur
**Berglind Sigursveinsdóttir**
Sérlega skemmtileg og fallega myndskreytt barnabók eftir listakonuna Berglindi Sigursveinsdóttur. Lítil mannabörn þurfa að passa sig á að vera ekki ein úti að þvælast að nóttu til. Þá fara tröllin á kreik að leita sér að mat. Spennandi en um leið hlý bók sem lítil börn hafa mjög gaman að.
32 bls.
**Unga ástin mín**

IB




## Súper Viðstödd
**Paola Cardenas og Soffía Elín Kristjánsdóttir**
**Myndskr.: Viktoría Buzukina**
Klara er fjörug og uppátækjasöm stúlka sem á stundum erfitt með að einbeita sér. Súper Viðstödd hjálpar henni að finna aðferðir til að róa hugann en fá um leið útrás fyrir hreyfiþörfina.
32 bls.
**Krónika**

IB




## Töfrar hafsins
*Skafmynda- og litabók*
**Baldur Snær Ólafsson**
Litaðu myndirnar 12 eins og þú vilt hafa þær. Notaðu skafpinnann til að fjarlægja svörtu kápuna af myndunum 12 og njóttu þess að skoða ótrúlega skrautlega sjávarbúa eins og hafmeyjar, sæhesta og litríka fiska.

*Góð afþreying fyrir allan aldur.*
28 bls.
**Setberg**

IB




## Súper Vitrænn
**Paola Cardenas og Soffía Elín Kristjánsdóttir**
**Myndskr.: Viktoría Buzukina**
Tristan er tilfinningaríkur drengur sem fær stundum óþægilegar hugsanir og verður þá dapur. Hann fær aðstoð frá Súper Vitrænum til að skilja betur tilfinningar sínar.
32 bls.
**Krónika**

IB




## Töfrasögur
*11 hrífandi myndasögur*
**Þýð.: Baldur Snær Ólafsson**
Njótið töfrandi sögustunda saman. Hér kynnast ungir lesendur blómálfaeðlu, sem finnst hún alltaf vera höfð útundan, einhyrningshetju og fleirum.
96 bls.
**Setberg**

IB




## Sveitahljóð
*Vönduð hljóðbók*
**Þýð.: Kolbeinn Þorsteinsson**
Lítil börn munu hafa gaman af að hitta öll söngelsku dýrin á sveitabænum þegar þau þrýsta á hnappana á síðum þessarar fallega myndskreyttu bókar.
10 bls.
**Setberg**

IB




## Syngdu jólalög með Láru og Ljónsa
**Birgitta Haukdal**
**Myndir: Anahit Aleqsanian**
Öll fjölskyldan kemst í jólaskap! Skemmtileg bók með tónspilara sem inniheldur uppáhaldsjólalög Láru og Ljónsa, sungin af Birgittu Haukdal. Krakkar geta bæði hlustað á lögin með söng Birgittu og spreytt sig á að syngja þau sjálf með undirspili. Bókin er skreytt litríkum og fallegum myndum sem gaman er að skoða.
29 bls.
**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB




Komdu til okkar
á Háskólatorg
eða pantaðu á
www.boksala.is

bóksala stúdenta
Bækurnar heim!




## Töskubókin, 100 fyrstu orðin

*Krúttleg bók með handfangi sem gerir barninu kleift að bera hana eins og tösku*

**Þýð.: Kolbeinn Þorsteinsson**

Gríptu töskubókina þína og uppgötvaðu allt það stórkostlega í kringum þig! Með öllum sínum yndislegu myndum hjálpar þessi bók ungum lesendum að auka við orðaforða sinn í öllu frá litum og farartækjum til dýra og forma.

24 bls.

**Setberg**

IB




## Þorri og Þura

*Tjaldferðalagið*

**Agnes Wild og Bergrún Íris Sævarsdóttir**

Sólin skín og álfarnir Þorri og Þura ætla í tjaldferðalag. Skyndilega kemur hellidemba en vinirnir finna lausn á því, enda láta þau ekkert stoppa sig í ævintýraleitinni. Þorri og Þura hafa heimsótt leikskólabörn, komið fram á bæjarhátíðum og birst á skjám landsmanna. Þessir bráðskemmtilegu fjörkálfar eru nú orðnir að litríkum söguhetjum.

32 bls.

**Töfraland - Bókabeitan**

IB




## Undraheimur

*12 skafmyndir með töfrandi litbrigðum*

**Baldur Snær Ólafsson**

Falleg fiðrildi, töfrandi neðansjávarmyndir og ævintýraveröld. Skafðu og þú gleymir stund og stað!

*Góð afþreying fyrir allan aldur.*

16 bls.

**Setberg**

IB




## Þorri og Þura

*Jólakristallinn*

**Agnes Wild og Bergrún Íris Sævarsdóttir**

Jólin nálgast og Þorri og Þura eiga að gæta jólakristalsins hans afa. Allt í einu hættir kristallinn að lýsa og hinn eini sanni jólaandi því í mikilli hættu! Tekst vinunum að laga kristalinn og bjarga jólunum? Leiksýninguna Jólaævintýri Þorra og Þuru má sjá í Tjarnarbíói í nóvember og desember!

32 bls.

**Töfraland - Bókabeitan**

IB




## Vetrarævintýri Gurru

**Neville Asley og Mark Baker**

**Þýð.: Klara Helgadóttir**

Einu sinni fóru Gurra og Georg með Ömmu og Afa Grís í Vetrarríkið og hittu sykurplómuálfinn Hverja aðra munu þau hitta á þessu yndislega ferðalagi. Ljúf og skemmtileg bók um hina geysivinsælu Gurru grís.

32 bls.

**Unga ástin mín**

IB




## Þrjár bækur eftir Carson Ellis

*Heimili*

*Kva es þak?*

*Stysti dagurinn*

**Carson Ellis & Susan Cooper**

**Þýð.: Sverrir Norland**

Þrjár fallegar bækur eftir Carson Ellis með myndskreytingum í algjörum sérflokki. *Stysti dagurinn* minnir okkur á mikilvægi samveru, söngs og hefða á jólunum. *Kva es þak?* lýsir ævintýralegum heimi fallegra og forvitinna skordýra. *Heimili* sýnir okkur ólík híbýli fólks og furðuvera um alla jörð og í hugarfylgsnum okkar. Sjá amforlag.com

32 bls.

**AM forlag**

IB




## Þegar ég verð stór

**Lára Garðarsdóttir**

**Myndir: Lára Garðarsdóttir**

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Möguleikarnir eru óteljandi eins og Snær og kisan hans vita. Þau leggja af stað saman í ævintýralegt ferðalag og fljúga um himinhvolfin, binda bófa, heimsækja hallir og hitta meira að segja sjóræningja. Ímyndunaraflið færir þau heimsendanna á milli í leit að svarinu við spurningunni sem börn fá svo oft en er erfitt að svara.

56 bls.

**Salka**

IB




## Æi nei, Georg þó!

**Chris Haughton**

**Þýð.: María S. Gunnarsdóttir**

Hundurinn Georg ætlar að vera þægur einn heima.

Það er bara ekki svo auðvelt þegar hann sér stóru tertuna í eldhúsinu. Hvað gerir Georg?

Margverðlaunuð bók fyrir lítið fólk á leikskólaaldri eftir Chris Haughton, höfund *Hvar er mamma?*

32 bls.

**litli Sæhesturinn**

HSP




Æðisleg bókabúð, geggjað verð!

bóksala stúdenta

www.boksala.is




## Ævintýri músadrekans

**Gunnar Elís Ólafsson**

**Myndskr.: Júlía Hrönn Hjálmarsdóttir**

Músin litla átti sér eina ósk heitasta, að verða stór svo hún gæti allt eins og stóru dýrin. Einn daginn rættist ósk hennar og hún hóf að gera allt það sem hana hafði langað til, en komst fljótt að því að stærðin er ekki allt.

33 bls.

**LEÓ Bókaútgáfa**

IB



GOR Gormabók · HSP Harðspjalda bók · HLB Hljóðbók · IB Innbundin bók · KIL Kilja · RAF Rafbók · SVK Sveigjanleg kápa · EÚT Endurútgáfa

# Barnabækur

## SKÁLDVERK




### Álfheimar
*Bróðirinn*
**Prófessor Ármann Jakobsson**
Pétur er nýfluttur heim frá París til að hefja nám í menntaskóla. Hann eignast strax vini í skólanum, þau Konál og Soffíu, og kynnist hinni fögru Dagnýju en litli bróðir hennar hvarf sporlaust tíu árum áður. Fljótlega áttar Pétur sig á að einhver fylgist með hverju skrefi hans. Og af hverju er Sæunn frænka alltaf að tala um álfasteina … álfar eru bara til í sögum – ekki satt? Fyrsta bók af fjórum um fjögur ungmenni í heimi álfanna.
205 bls.
**Angústúra**

IB




### Af hverju skín sólin ekki á mig?
**Ásgeir Hvítaskáld**
**Myndskr.: Nína Ivanova**
Þessi fagurlega myndskreytta saga höfðar til barna og foreldra. Tóti litli á töfratúkall og einn daginn óskar hann sér að sólin skíni á hann því það er rigning í garðinum hans og við það nemur sólin staðar á himinhvolfinu. En það er aðeins ein sól og mennirnir á jörðinni verða að skipta henni á milli sín. Tilvalin bók til að lesa fyrir börnin og ræða á eftir.
50 bls.
**Frjálst orð ehf**

KIL




Alexander Daníel Hermann Dawidsson
### Bannað að eyðileggja
**Gunnar Helgason**
**Myndir: Rán Flygenring**
Alexander er með ADHD og það er allt í lagi – nema þegar lífið tekur upp á því að fara á hvolf. *Bannað að eyðileggja* er spennandi saga um Alexander og Sóleyju bekkjarsystur hans, litríku fjölskyldurnar þeirra, mömmuna sem er farin og bandbrjálaðan kennara. Áhrifamikil og skemmtileg saga eftir einn ástsælasta höfund landsins.
230 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF HLB




### Afinn sem æfir fimleika
**Smári Hannesson**
**Myndskr.: Smári Hannesson**
*Afinn sem æfir fimleika* er æsispennandi saga fyrir hressa krakka. Hún fjallar um Tómas sem fylgir afa sínum eftir á fimleikamót og lendir í æsispennandi og stórhættulegum ævintýrum.
Smári Hannesson skrifaði þessa sögu þegar hann var 11 ára gamall og fær hugarheimur barnsins að njóta sín í máli og myndum.
74 bls.
**Smári Hannesson**

SVK




### Blikur á lofti
**Arne Svingen**
**Þýð.: Kristján Jóhann Jónsson**
Hvað á maður eiginlega að gera þegar maður er nýkominn frá lækni og búinn að fá verstu fréttir í heimi? Jú, það veit Henrik. Hann ætlar að bjarga heiminum! Henrik hefur í nógu að snúast og setur í gang mestu og trylltustu björgunaraðgerðir sem um getur! Bókin var tilnefnd til Brageprisen og ARKs barnabókaverðlaunanna 2018.
208 bls.
**Bókabeitan**

IB




### Akam, ég og Annika
**Þórunn Rakel Gylfadóttir**
Hrafnhildur flytur til Þýskalands með fjölskyldu sinni þegar stjúpfaðir hennar fær þar vinnu. Nýi skólinn er strangur og hún saknar fólksins heima. Það er erfitt að vera nýja stelpan í bekknum, mállaus og vinalaus, en það virðist vera til verra hlutskipti. Hverjum getur hún eiginlega treyst? Af hverju vill Annika endilega vera vinkona hennar – og í hvaða vandræðum er Akam?
353 bls.
**Angústúra**

SVK




### Bold-fjölskyldan í klípu
**Julian Clary**
**Þýð.: Magnús Jökull Sigurjónsson**
**Myndskr.: David Roberts**
Bold-fjölskyldan býr í ósköp venjulegu húsi í ósköp venjulegu úthverfi – en hún er fjarri því að vera venjuleg fjölskylda ...
Í hverfinu ríkir ró og friður þar til ótrúlega slægur refur fer að verða þar til mikilla vandræða.
Fjórða bókin um Bold-fjölskylduna eftir breska grínistann Julian Clary – með frábærum teikningum á hverri síðu. Fyndnasta bók ársins!
400 bls.
**Ugla**

IB RAF HLB




### Artúr og álfaprinsessurnar
*minjagripur vandræða*
**Ólíver Þorsteinsson og Páll Gestsson**
**Myndskr.: Sigmar Boði Hallmundsson**
Í konungshöll Paradísar býr Aldís drottning ásamt átján dætrum og einum syni. Frá því að prins Artúr man eftir sér hefur hann alltaf þráð að ganga á vit ævintýranna og þegar tvíburasysturnar Elddís og Ísdís þurfa að passa upp á litla bróður sinn, fara þær með hann í óvænt ferðalag að Heimsopinu. Þar gengur allt á afturfótunum en Artúr fær ósk sína uppfyllta.
45 bls.
**LEÓ Bókaútgáfa**

IB




### Dagbók Kidda klaufa 14
*Brot og braml*
**Jeff Kinney**
**Þýð.: Helgi Jónsson**
Kiddi klaufi er vinsælasti bókaflokkur heims, enda er Kiddi langskemmtilegastur og fær alla til að lesa, líka þá sem nenna því ekki.
Foreldrar Kidda erfa mikla peninga og velta vöngum yfir því hvað þau eigi að gera við þá. Mamma Kidda vill endurinnrétta húsið en Kiddi er ekki sannfærður. Enda kemur margt skrítið í ljós þegar framkvæmdir við húsið hefjast.
218 bls.
**Sögur útgáfa**

IB



## Dagbók Kidda klaufa 15

*Á bólakafi*
**Jeff Kinney**
**Þýð.: Helgi Jónsson**
Fjölskylda Kidda leggur upp í langt ferðalag á húsbíl. Eins og oft gerist hjá fjölskyldunni gengur allt á afturfótunum. Má líka segja að mikið vatnsveður einkenni þetta ferðalag enda allt á bólakafi!
Bækurnar um Kidda klaufa eru metsölubækur um allan heim. Helgi Jónsson er margverðlaunaður fyrir þýðingar sínar á Kidda.
224 bls.
**Sögur útgáfa**

IB



## Dinna

*Dinna í blíðu og stríðu*
*Ég var svo hamingjusöm ...*
**Rose Lagercrantz**
**Myndir: Eva Eriksson**
**Þýð.: Guðrún Hannesdóttir**
Þriðja og fjórða bókin í sænska bókaflokknum um Dinnu - sem er alltaf svo hamingjusöm!
Bæði höfundur og myndskreytir hafa hlotið einróma lof og bækurnar verið þýddar á mörg tungumál. Myndir og texta lýsa á einfaldan og hlýjan hátt ævi og ævintýrum Dinnu, tilfinningum barns og mikilvægi vináttu.
130 / 112 bls.
**litli Sæhesturinn**

KIL



## Dreki í múmíndal

**Cecilia Davidsson og Tove Jansson**
**Þýð.: Gerður Kristný**
**Myndir: Cecilia Heikkilä**
Hugljúf og falleg saga um síðasta drekann í veröldinni, sem múmínsnáðinn finnur í gruggugri tjörn. Drekinn glitrar sem gull, lifir á flugum og er ákaflega þrjóskur. Múmínsnáðinn þráir ekkert meira en að eiga dreka en drekinn kýs miklu frekar félagsskap Snúðs! Litríkar teikningar varpa töfraljóma á lífið í múmíndal.
34 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

IB



## Drengurinn sem dó úr leiðindum

**Guðríður Baldvinsdóttir**
Þegar foreldrar Kára Hrafns taka frá honum öll snjalltæki og afhenda honum í staðinn skærgulan farsíma sem hæfir bara risaeðlum, gerist það óumflýjanlega – hann hreinlega deyr úr leiðindum! Höfundur hlaut frábæra dóma fyrir fyrstu bók sína *Sólskin með vanillubragði* og þessi er ekki síðri.
176 bls.
**Bókaútgáfan Sæmundur**

IB



## Dýrasinfónían

**Dan Brown**
**Þýð.: Árni Sigurjónsson**
Tónlist og textar í bundnu máli um dýr og hljóðfæri eftir hinn heimsþekkta metsöluhöfund og fyrrum tónlistarkennara Dan Brown, höfund Da Vinci-lykilsins.
44 bls.
**Bjartur**

IB



## Ekki opna þessa bók - ALDREI

**Andy Lee**
**Þýð.: Huginn Þór Grétarsson**
Ekki opna þessa bók! Aldrei! Þessar frábæru bækur hafa slegið í gegn hjá börnum. Þær hvetja þau til að lesa áfram með öfugri sálfræði og gamansömum uppákomum. Bókaflokkurinn hefur verið tilnefndur af börnum tvö ár í röð sem bestu þýddu barnabækurnar.
30 bls.
**Óðinsauga útgáfa**

IB



## Fleiri hryllilega stuttar hrollvekjur

**Ævar Þór Benediktsson**
**Myndir: Ágúst Kristinsson**
Í þessari æsispennandi bók má lesa tuttugu stuttar sögur sem koma lesendum óþægilega á óvart. Hér er fjallað um skelfilega hluti eins og varúlfa, nornir, köngulær í vínberjaklösum og píp-test. Í bókinni fer Ævar Þór á kostum í því sem honum þykir skemmtilegast – og heillar lesendur frá fyrstu síðu.
126 bls. / 🔊 1:31 klst.
**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF HLB



## Fuglabjargið

**Birnir Jón Sigurðsson**
**Myndskr.: Hallveig Kristín Eiríksdóttir**
Á leynieyju sem stingst upp úr norðurhafi er fuglabjarg. Þar búa dramatískar súlur, hrekkjóttar ritur, slúðrandi æðarfuglar, stressuð hringvíufeðgin, snyrtilegir lundar, hlæjandi haftyrðlar, full skarfur og hinn fjölkunnugi hrafn. Fuglabjargið er bók sem sækir innblástur í lífríki fugla. Fuglabjargið er einnig tónleikverk og er tengill á tónlist verksins innifalinn í bókinni.
120 bls.
**Bókabeitan**

IB



## Gírafína og Pellinn og ég

**Roald Dahl**
**Þýð.: Sólveig Sif Hreiðarsdóttir**
**Myndskr.: Quentin Blake**
Elli á sér þann draum stærstan að eiga sælgætisbúð, fyllta með heimsins besta sælgæti frá gólfi upp í rjáfur og hann hefur ákveðið hús í huga. Einn daginn er merki í glugganum á þessu húsi sem segir: „Seljað“! Inn eru flutt gíraffi, pelíkani og api, Stigalausa gluggaþvottagengið. Og ævintýrin fara að gerast! Dásamleg bók frá hinum eina sanna Roald Dahl.
73 bls.
**Kver bókaútgáfa**

KIL



## Handbók gullgrafarans

**Snæbjörn Arngrímsson**
Milla og Guðjón G. Georgsson komast yfir áratuga gamalt fjársjóðskort. Við leitina að fjársjóðnum átta þau sig fljótlega á því að einhver fylgist með þeim. Fyrsta bókin um krakkana í Álftabæ, *Rannsóknin á leyndardómum Eyðihússins*, hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin og önnur bókin, *Dularfulla styttan og drengurinn sem hvarf*, hlaut Barnabókaverðlaun Reykjavíkur.
309 bls.
**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB RAF



## Harry Potter og fanginn frá Azkaban
*myndskreytt útgáfa*
**J. K. Rowling**
**Þýð.: Helga Haraldsdóttir**
Stórglæsileg myndskreytt útgáfa af þriðju bókinni í ritröðinni um Harry Potter, stútfull af töfrum úr pensli Jims Kay, handhafa Kate Greenaway-verðlaunanna.
„Stórfenglegt“
Telegraph
326 bls.
**Bjartur**

IB



## Harry Potter og Fönixreglan
**J. K. Rowling**
**Þýð.: Helga Haraldsdóttir**
Þegar vitsugur ráðast á Harry og Dudley í sumarfríinu gerir hann sér grein fyrir því að Voldemort og fylgdarlið hans mun svífast einskis til að ná völdum og knésetja hann. Í Hogwarts er allt í uppnámi vegna yfirvofandi endurkomu Voldemorts og Harry, Hermione og Ron þurfa að taka til sinna ráða.
749 bls.
**Bjartur**

IB



## Herra Fnykur
**David Walliams**
**Þýð.: Guðni Kolbeinsson**
Líkast til er engin stelpa eins einmana og Lóa. En svo hittir hún herra Fnyk, flakkarann í bænum. Já, það er svolítil ólykt af honum – en hann er sá eini sem hefur nokkru sinni verið góður við hana. Og þegar herra Fnyk vantar stað til að vera á ákveður Lóa að fela hann í garðskúrnum heima hjá sér. Frábær bók eftir þennan vinsæla höfund.
280 bls.
**Bókafélagið**

IB



Ljósaserían
## Holupotvoríur alls staðar
**Hilmar Örn Óskarsson**
**Myndskr.: Blær Guðmundsdóttir**
Bókaklúbbur barnanna - ljosaserian.is
Hávarður og Maríus eru átta ára og bestu vinir. Einn daginn ætla þeir að selja tombólur og græða haug af peningum en hitta þá Bartek sem er nýfluttur til Íslands frá Póllandi. Í fyrstu gengur erfiðlega fyrir strákana að tala saman en þeir láta það ekki stöðva sig. Sérstaklega ekki þegar þeir uppgötva að Bartek er á leið í lífshættulegan leiðangur.
80 bls. / 🔈 59 mín.
**Bókabeitan**

IB RAF HLB



## Hringavitleysa
**Sigurrós Jóna Oddsdóttir**
**Myndskr.: Sigmar B. Þorgeirsson**
Af hverju í ósköpunum hafði Fjóla samþykkt að taka þátt í þessari vitleysu? Nú var hún á harðahlaupum, með heimska belju og meðvitundarlausan kóngsson í eftirdragi og tvær ófrýnilegar tröllskessur á hælunum. Þetta var algjörlega út í hött og alls ekki það sem hún hafði ætlað sér þegar hún mætti í skólann um morguninn.
216 bls. / 🔈 3:30 klst.
**Bókabeitan**

IB RAF HLB



## Hulduheimar
*Draumadalurinn*
*Vatnaliljutjörn*
**Rosie Banks**
**Þýð.: Arndís Þórarinsdóttir**
Tvö ný og töfrandi ævintýri um Evu, Sólrúnu og Jasmín og vini þeirra í Hulduheimum. Í *Draumadalnum* liggja allir íbúarnir andvaka af dularfullum ástæðum og í *Vatnaliljutjörn* leita stúlkurnar að enn einu hráefni í töfradrykkinn handa Teiti konungi. Skemmtilegar og ríkulega myndskreyttar léttlestrarbækur sem eiga marga aðdáendur.
122 bls.
**Forlagið - JPV útgáfa**

KIL



## HUNDMANN – Tveggja katta tal
**Dav Pilkey**
**Þýð.: Sigurgeir Orri Sigurgeirsson**
Hundmann hefur slegið í gegn um allan heim og selst í tugum milljóna eintaka. Raunar er leit að vinsælli barnabókum. Dav Pilkey, sem einnig samdi bækurnar um Kaptein Ofurbrók, fer hér á kostum. Húrrandi glens og spaug með ýmsum fíflagangi í bland. Oft ansi gott og ristir dýpra en við fyrstu sýn. Hér í frábærri þýðingu Sigurgeirs Orra Sigurgeirssonar.
256 bls.
**Bókafélagið**

IB



Ferðin á heimsenda
## Illfyglið
**Sigrún Elíasdóttir**
**Myndir: Sigmundur Breiðfjörð Þorgeirsson**
Húgó og Alex eru búin að týna hvort öðru en halda þrátt fyrir það áfram leitinni að síðustu steinstyttunni. Á meðan þau kljást við úrillan dreka, blóðþyrsta drottningu og allt of kurteist skrímsli sveimar Illfyglið yfir og veit að brátt mun tími þess renna upp. Þetta er lokabindið í bráðfyndnum fantasíuþríleik fyrir 8–12 ára lesendur.
212 bls.
**Forlagið - JPV útgáfa**

IB RAF



## Í huganum heim
**Guðlaug Jónsdóttir**
Í huganum heim er heillandi tímaferðalag á bernskuslóðir höfundar. Við heyrum lömbin jarma, krakkana hlæja og hrossagaukinn hneggja, finnum ilm af lyngi og angan af jólum. Fjörlegar frásagnir af krökkunum á bænum en líka fullorðna fólkinu og sveitungum, gestum og gangandi, að ógleymdum öllum dýrunum.
Kjörin bók til samlesturs barna og fullorðinna.
188 bls.
**Guðlaug Jónsdóttir og Karl K. Ásgeirsson**

IB




Þar sem týpurnar versla er þér óhætt
bóksala stúdenta
www.boksala.is




## Íkorninn óttaslegni

**Mélanie Watt**
**Þýð.: Þórdís Bjarney Hauksdóttir**

Íkorninn óttaslegni yfirgefur aldrei tréð sitt, hið ókunna er of hættulegt. Dag einn birtist boðflenna og íkorninn neyðist til að yfirgefa tréð en þá uppgötvar hann svolítið ótrúlegt. Var ekkert að óttast eftir allt saman? Lesendur velta fyrir sér uppruna hræðslu/kvíða, mikilvægi nýrra upplifana og ágæti þess að vera við öllu reiðubúin.
(4–8 ára)
40 bls.
**Oran Books**

IB




## Ísadóra Nótt á afmæli

**Harriet Muncaster**
**Þýð.: Ingunn Snædal**

Mamma hennar er álfur og pabbi hennar vampíra og hún er blanda af þessu báðu. Ísadóru finnst afar gaman í veislum hjá mannfólki og nú ætlar hún sjálf að halda veislu!

En þar sem foreldrar hennar sjá um skipulagið verður veislan sennilega mjög frábrugðin öðrum veislum sem hún hefur farið í …
128 bls.
**Drápa**

SVK




## Ísadóra Nótt fer í skóla

**Harriet Muncaster**
**Þýð.: Ingunn Snædal**

Hálf vampíra, hálfur álfur, fullkomlega einstök!

Hún hrífst af nóttinni, leðurblökum og svarta ballettpilsinu sínu en þykir líka vænt um sólina, töfrasprotann sinn og Bleiku kanínu.

Þegar Ísadóra á að fara í skóla er hún ekki viss um hvar hún tilheyri – í álfaskólanum eða vampíruskólanum.
128 bls.
**Drápa**

SVK




## Ísadóra Nótt fer í útilegu

**Harriet Muncaster**
**Þýð.: Ingunn Snædal**

Mamma hennar er álfur og pabbi hennar vampíra og hún er blanda af hvoru tveggja. Þegar þau fara í útilegu við ströndina gerast því auðvitað atburðir sem eru ekki alveg venjulegir. Allt frá því að grilla sykurpúða á báli til þess að vingast við hafmeyju – ævintýrin ekki langt undan!
128 bls.
**Drápa**

IB




## Jólahátíð í Björk

**Dóróthea Ármann**

Systurnar Magga, Helga, Dóra, Ásta og Þóra undirbúa jólin með því að klæða dúkkurnar sínar í sitt fínasta púss. Þær klæðast sjálfar sínum fínustu kjólum og fá slaufu í hárið. Jólaandinn læðist yfir bæinn og þær halda jólin hátíðleg með fjölskyldunni. Falleg og einlæg frásögn sem kemur hverjum þeim sem les í sannkallað jólaskap.
32 bls.
**Bókaútgáfan Sæmundur**

IB




## Jólasvínið

**J. K. Rowling**

Jack á sér uppáhaldsleikfang - lítið tuskusvín. Svínið hefur fylgt honum alla tíð, í gegnum súrt og sætt. Þangað til aðfangadagskvöld eitt að hið hræðilega gerist: svínið týnist.

Jólasvínið er fyrsta skáldsaga J.K. Rowling fyrir börn og unglinga eftir að hún lauk við Harry Potter.
318 bls.
**Bjartur**

IB RAF




## Jólasyrpa 2021

**Walt Disney**

Jólin eru komin í Andabæ! Skemmtileg lesning sem kemur öllum í hátíðarskap.
256 bls.
**Edda útgáfa**

IB




Ljósaserían

## Jónas ísbjörn og jólasveinarnir

**Súsanna Gottsveinsdóttir**
**Myndskr.: Viktoría Buzukina**

Bókaklúbbur barnanna - ljosaserian.is

Jónas er kominn í jólafrí. Hann hlakkar mikið til að fá gómsæta jólasteik - og skógjafir frá jólasveinunum! En 19. desember er skórinn hans tómur úti í glugga og í fjárhúsinu rekst hann á afar skrítinn karl. Jónas býður karlinum inn í hús og þá gerast heldur betur undarlegir hlutir!
64 bls. / 🔊 50 mín.
**Bókabeitan**

IB RAF HLB




## Kennarinn sem kveikti í

**Bergrún Íris Sævarsdóttir**

Nýr afleysingakennari tekur við BÖ-bekknum eftir ógurlegar hremmingar síðustu mánaða. Þegar krakkarnir eru sendir í dularfullan ratleik í mannlausum skólanum læðist að þeim óþægilegur grunur. Í þetta sinn fylgjum við hinum einstaka, bráðgreinda en stundum misskilda Fannari í gegnum hraða, fyndna og hörkuspennandi atburðarás í bók sem fær hárin til að rísa.
165 bls. / 🔊 3:24 klst.
**Bókabeitan**

IB RAF HLB




## Kettlingur kallaður Tígur

**Holly Webb**
**Þýð.: Kristján Hreinsson**
**Myndir: Sophy Williams**

Eva og systur hennar mega loks eignast kettling. Þegar Tígur er kominn til þeirra fer hann að valda þeim áhyggjum með uppátækjum sínum. Einn daginn hverfur Tígur og Eva er alveg viss um að hann sé búinn að koma sér í vandræði, og hún verði að koma honum til hjálpar sem fyrst – en til þess þarf hún að vera næstum því jafnhugrökk og Tígur!
128 bls.
**Nýhöfn**

KIL




## Koma jól?

**Hallgrímur Helgason og Rán Flygenring**

Jólaljóðabók eftir einstaka listamenn sem kveðst á við fræga bók Jóhannesar úr Kötlum, *Jólin koma*. Hér er að finna nýjustu fréttir af Grýlu og Jólakettinum og jafnframt stíga hinar jökulhressu Grýludætur, systur jólasveinanna, fram úr þúsund ára löngum skugga bræðra sinna og arka til byggða, hver með sínu lagi og hrekkjabrögð í farteskinu. Myndir bókarinnar eru dúkristur. Fyrir lesendur á öllum aldri.

36 bls.

**Angústúra**

SVK




Einkaspæjarastofa Suðurgötusystranna

## Leyndardómurinn um yfirgefna hundakúkinn

**Anna Cabeza**

**Þýð.: Ásmundur Helgason og Elín G. Ragnarsdóttir**

**Myndskr.: Toni Batllori**

Abelína, Karólína og Rósalína eru ekki dæmigerðar ömmur. Þess vegna ætla þær komast að því hver á hundinn sem kúkar fyrir utan dyrnar á hverjum degi. Óvænt trufla þær fyrirhugað bankarán. Sprenghlægilegt ævintýri, æsispennandi og lúmskt - mjög lúmskt.

88 bls.

**Drápa**

IB




## Kynjadýr í Buckinghamhöll

**David Walliams**

**Þýð.: Guðni Kolbeinsson**

Alfreð prins, lasburða tólf ára drengur, hefur aldrei kynnst lífinu utan Buckinghamhallar. Ill öfl eru að verki og hann verður að berjast við konung kynjadýranna – sjálfan grýfoninn. Hér er David Walliams í essinu sínu. Þessi bók tróndi lengi í efsta sæti bóksölulista í Bretlandi.

476 bls.

**Bókafélagið**

IB




## Leyndarmál Lindu 8

*Sögur af ekki-svo gömlu ævintýri*

**Rachel Renée Russell**

**Þýð.: Helgi Jónsson**

Lífið leikur við Lindu sem aldrei fyrr. Eða hitt þó heldur! Hún á eina vinkonu sem gerir henni lífið leitt! Stundum er erfitt að vera vinur allra.

Bókaflokkurinn um leyndarmál Lindu er gríðarvinsæll um allan heim, en hér er komin 8. bókin í íslenskri þýðingu hins margverðlaunaða þýðanda Helga Jónssonar.

304 bls.

**Sögur útgáfa**

IB




## Landverðirnir - Íra

**Dagur Lárusson og Úlfar Konráð Svansson**

**Myndskr.: Fannar Gilbertsson**

Í þessari annarri bók um Landverðina fáum við að kynnast henni Íru sem er með krafta hins íslenska ís. Einn daginn hittir hún þá Atlas og Avion (úr fyrstu bókinni) og eftir það verður líf hennar aldrei eins. Í kjölfarið þarf Íra að ákveða hver hún eigi að vera í raun og veru. Vill hún vera venjulega unglingsstelpa eða nýjasti meðlimur Landvarðateymisins sem berst gegn Azar og hans Hamfarateymi?

80 bls.

**Ljósmynd - útgáfa**

IB




Bekkurinn minn

## Lús!

**Yrsa Þöll Gylfadóttir og Iðunn Arna**

Vandaðar myndríkar léttlestrarbækur sem fjalla um krakka í íslenskum skóla. Hvert barn í bekknum fær sína eigin bók og saman mynda þær bókaflokkinn Bekkurinn minn. Lús! fjallar um Sigríði.

56 bls.

**Bókabeitan**

IB




## Langafi minn Supermann

*jólastund*

**Ólíver Þorsteinsson**

**Myndskr.: Tómas Leó Þorsteinsson**

Sylvía snýr aftur til Ólafsfjarðar en í þetta sinn kemur öll fjölskyldan með í ferðalagið. Um leið og hún sér langafa sinn hjálpa bílstjóra sem er fastur í skafli, gufar hvíta hárið hans upp ásamt hrukkunum. Vindurinn fleytir skikkju hans í allar áttir og stórt ‚S' blasir við henni. Langafi Supermann og Sylvía lenda í margs konar ævintýrum þar sem kettlingur festist uppi í tré, jólasveinn týnist, laufabrauðsþjófurinn kemst á kreik, og stór mistök eiga sér stað á aðfangadagskvöldi.

97 bls. / 🔊 1:30 klst.

**LEÓ Bókaútgáfa**

IB HLB




## Martröð í Hafnarfirði

**Rakel Þórhallsdóttir**

**Myndskr.: Heiða Rún Jónsdóttir**

Jón Pétur, sem er að byrja í sjöunda bekk, hlakkar síður en svo til þess að hefja nýtt skólaár. Hann hefur alla tíð verið vinafár og fótboltastrákarnir áreita hann nánast daglega. Ekki skánar ástandið þegar bekkurinn fær nýjan kennara sem kemur krökkunum afar undarlega fyrir sjónir. Stuttu seinna fara skrítnir hlutir að gerast í Hafnarfirði þegar einn fótboltastrákanna hverfur sporlaust. Í kjölfarið hefst óútreiknanleg atburðarás sem aðeins Jón Pétur og nýju vinir hans virðast geta stöðvað.

160 bls. / 🔊 3:35 klst.

**LEÓ Bókaútgáfa**

IB HLB

Hljóðbók frá Storytel




Goðheimar

## Leyndardómurinn um skáldamjöðinn

**Peter Madsen**

**Þýð.: Bjarni Frímann Karlsson**

Eitt vetrarkvöld berja tveir dvergar dyra hjá Óðni og krefjast hjálpar við að endurheimta mjaðarkerald sitt. Eftir að hafa bragðað á ljúffengum miðinum sem þeir hafa meðferðis ákveður Óðinn að hjálpa þeim. En hvers vegna skyldi hann allt í einu vera farinn að tala í rími? Þetta er ellefta bókin í þessum sívinsæla bókaflokki.

48 bls.

**Forlagið - Iðunn**

IB






## Með skuggann á hælunum
**Guðrún Rannveig Stefánsdóttir**
**Myndskr.: Solveig Pálsdóttir**
Saga er nýflutt til Kaupmannahafnar með mömmu sinni og stendur frammi fyrir þeirri áskorun að læra annað tungumál og eignast nýja vini. Þegar hún kynnist Kristian, sem er líka nýfluttur til borgarinnar, hefst ævintýralegt og spennandi ferðalag um borgina þar sem þau leysa undarlega ráðgátu. Á sama tíma virðist óhugnalegur skuggi alltaf vera skrefi á eftir þeim.
115 bls.
**Blekfélagið, félag meistaranema í ritlist**

KIL

---




## Meira pönk – meiri hamingja
**Gerður Kristný**
**Myndir: Halldór Baldursson**
Hér er komið sjálfstætt framhald af *Iðunni og afa pönk* sem gladdi bæði pönkara og aðra lesendur upp í hanakamba. Nú er komin verslunarmannahelgi og vinkonurnar Iðunn og María Sara ákveða að halda sína eigin útihátíð. En óheppnin eltir þær á röndum svo mamma neyðist loks til að skerast í leikinn. Fyndin og fjörug saga sem endalaust kemur á óvart.
132 bls. / 🔊 2:11 klst.
**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF HLB

---




## Múmínsnáðinn og Jónsmessuráðgátan
**Tove Jansson**
**Þýð.: Tinna Ásgeirsdóttir**
Það er kyrrlátur og fallegur sumardagur í Múmíndal. Múmínfjölskyldan hefur það notalegt úti í garði. Múmínpabbi segir frá því að hann sé að skrifa spennandi glæpasögu. En þegar hann ætlar að halda áfram að skrifa kemur í ljós að dýrmæta minnisbókin og uppáhaldspenninn hans eru horfin. Hvað hafði gerst? Tekst Múmínsnáðanum og vinum hans að leysa ráðgátuna?
28 bls.
**Ugla**

IB

---




## Mömmustrákur
**Guðni Kolbeinsson**
**Myndskr.: Kristín Berta Guðnadóttir**
Mömmustrákur kom fyrst út 1982 en seldist fljótt upp. Nú hefur verið bætt úr því með nýrri útgáfu. Mömmustrákurinn Helgi fylgir einstæðri móður sinni í sveitina og þaðan til Keflavíkur og lendir í ýmsum ævintýrum. Vandi hins föðurlausa barns er meginviðfangsefni bókarinnar en á öllu er tekið með léttri gamansemi og undirtónninn er mannlegur og ljúfur.
156 bls.
**Bókafélagið**

IB

---




Furðufjall
## Nornaseiður
**Gunnar Theodór Eggertsson**
**Myndir: Fífa Finnsdóttir**
Íma dauðöfundar systur sína sem fær að nema galdur hjá nornunum á meðan hún sjálf passar sækýrnar. Andreas lærir járnsmíðar af pabba sínum en dreymir um að verða riddari og vinna hetjudáðir. En brátt verða óvæntir og skelfilegir atburðir sem setja tilveru þeirra í uppnám. Fyrsta bókin í spennandi bókaflokki eftir verðlaunahöfund.
174 bls.
**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB RAF HLB

---




## Nornirnar
**Roald Dahl**
**Þýð.: Sólveig Sif Hreiðarsdóttir**
**Myndskr.: Quentin Blake**
Lítill drengur býr hjá ömmu sinni. Helstu óvinir þeirra eru nornir en þær þola ekki börn og vilja útrýma þeim með æðstu aðalnorn fremsta í fylkingu. Tekst þeim ætlunarverk sitt? Eða tekst þeim eitthvað annað eins og breyta börnum einhvern veginn? Hver stendur uppi sem sigurvegari? Fyndin, skemmtileg og ljúfsár bók frá hinum snjalla sögumanni Roald Dahl.
201 bls.
**Kver bókaútgáfa**

KIL EÚT

---




## Nú er nóg komið!
**Hildur Knútsdóttir og Þórdís Gísladóttir**
**Myndir: Helga Valdís Árnadóttir**
Þó að Vigdís Fríða þurfi að húka heima í sóttkví er alveg óþarfi að láta sér leiðast! Það má alltaf finna sér verkefni, svo sem að reka sjoppu eða njósna um nágranna sem virðast hafa eitthvað óhreint í pokahorninu. Spennandi og sprenghlægilegt sjálfstætt framhald *Hingað og ekki lengra!* sem var tekið fagnandi, bæði af ungum lesendum og gömlum gagnrýnendum.
178 bls.
**Forlagið - JPV útgáfa**

IB RAF

---




## Oreo fer í skólann
**Sylvia Erla Melsted**
**Myndir: Þórir Karl Celin**
Oreo er að byrja í skólanum og er fullur tilhlökkunar. Hann er spenntur að hitta kennarana sína og eignast nýja vini. En þegar kemur að fyrsta tímanum í lestri rennur upp fyrir Oreo að hann er ekki eins og hinir hundarnir. Stafirnir fara á fleygiferð á blaðinu og Oreo á erfitt með að lesa. Hann verður leiður og sumir af hinum hundunum stríða honum. Oreo er lesblindur en eigandi hans veit sem betur fer að það eru fjölmargar leiðir til að takast á við þetta nýja verkefni.
44 bls.
**Salka**

IB

---




## Orri óstöðvandi: Kapphlaupið um silfur Egils
**Bjarni Fritzson**
Mér leist nú ekkert sérstaklega vel á það þegar mamma og pabbi tilkynntu okkur Möggu að við værum að fara í gamaldags útilegu. En úr varð ein rosalegasta ferð allra tíma. Við tjölduðum við hliðina á andstyggilegum náunga sem við urðum að kenna smá lexíu, rákumst á sótilla þýska túrista, lentum í fingralöngum Fransmanni og glímdum við stórhættulegan hóteldraug, allt meðan við leituðum að frægasta fjársjóði Íslandssögunnar. Ég vil alls ekki ljóstra of miklu upp en þetta er klárlega mín besta bók hingað til.
256 bls.
**Út fyrir kassann**

IB

---




## Óskar var einmana um jólin
**Holly Webb**
**Þýð.: Ívar Gissurarson**
**Myndskr.: Katherine Kirkland**
Hanna er ánægð með Óskar, hvolpinn sem hún eignaðist nýlega, og vildi helst alltaf vera hjá honum. Það getur Hanna hins vegar ekki vegna skólans og æfinga fyrir jólaleikritið þar. Á meðan Hanna er í burtu þá leiðist Óskari alveg óskaplega mikið – hann getur bara ekki skilið af hverju Hanna getur ekki verið meira hjá honum.
128 bls.
**Nýhöfn**

KIL



GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa EÚT Endurútgáfa




## Ótrúlegt en satt - Ævintýri Dísu og Stjörnu

**Þórdís Kjartansdóttir og Þórdís Lára Sigurðardóttir**
**Myndskr.: Hlíf Una Bárudóttir**
Dísa, sem er sjö ára fimleikastelpa, þráir ekkert heitar en að eignast hund. Óskin rætist og vegna ótrúlegra hæfileika voffans lenda þær saman í miklum ævintýrum sem fara með þær alla leið til Hollywood. Stórskemmtileg og sérlega fallega myndskreytt bók sem bæði vermir og kætir.
68 bls.
**Bókafélagið**

IB




## Palli Playstation

**Gunnar Helgason**
Ný saga í geysivinsælum bókaflokki um Stellu og fjölskyldu hennar sem hófst með *Mömmu klikk*. Nú hefur systkinum Stellu fjölgað um tvö og heimilislífið er ansi skrautlegt. Allt fer þó endanlega í vitleysu þegar Palli stóri bróðir hættir með Bellu kærustunni sinni. Þá verður Stella að bjarga málunum! En hvernig skyldi það ganga?
175 bls. / 🔊 3:46 klst.
**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF HLB




## Randver kjaftar frá

*Geggjaðar draugasögur*
**Jeff Kinney**
**Þýð.: Helgi Jónsson**
Randver heldur áfram að kjafta frá. Nú vill hann segja spennandi draugasögur. Randver gæti þess vegna verið efni í stórskáld þó svo að Kiddi klaufi, sem á að heita besti vinur hans, efist um það.

*Geggjaðar draugasögur* er sú þriðja í röðinni af fáránlega fyndnum sögum af besta vini Kidda klaufa.
224 bls.
**Sögur útgáfa**

IB




Þín eigin saga

## Rauðhetta

**Ævar Þór Benediktsson**
**Myndir: Evana Kisa**
Hér er sagan af Rauðhettu sögð á glænýjan hátt – því þú ræður hvað gerist! Mundu bara að ef sagan endar illa má alltaf reyna aftur því það eru mörg mismunandi sögulok. Bækur Ævars Þórs þar sem lesandinn ræður ferðinni njóta mikilla vinsælda og hér er komin stutt og litrík útgáfa af þessu alþekkta ævintýri sem hentar byrjendum í lestri.
104 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

SVK




## Saga finnur fjársjóð (og bætir heiminn í leiðinni)

**Sirrý Arnardóttir**
**Myndskr.: Freydis Kristjánsdóttir**
Saga er nýflutt í borgina og leiðist. Hún fer út og hittir þar þrjá stráka sem allir eru eins, og saman ákveða þau að gera heiminn betri. Þau byrja á því að tína upp rusl í fjörunni og finna þar óvenjulegan fjársjóð sem hefur óvæntar afleiðingar í för með sér ...
32 bls.
**Veröld**

IB




## Sagan af Gýpu

**Endurs.: Huginn Þór Grétarsson**
Gýpa er með eindæmum matgráðug og mesta furða að hún hafi ekki verið búin að éta heimilisfólk út á gaddinn. Þegar matinn þrýtur étur hún askinn sinn, karl og kerlingu í kotinu og kúna Kreppiltrýnu. Síðan heldur hún af stað. Hver skyldi vera svo ólánsamur að verða á vegi hennar? Stórkostlegt íslenskt ævintýri.
34 bls.
**Óðinsauga útgáfa**

IB




## Salka: Tölvuheimurinn

**Bjarni Fritzson**
Eftir að Benedikt forseti hafði sett neyðarútgöngubann á um allt land kynnti hann Tölvuheiminn, sýndarveruleikaútgáfu af okkar eigin lífi, fyrir þjóðinni. Þar var hægt að gera allt sem maður vildi og verið nákvæmlega sá sem mann hefur alltaf dreymt um að vera. Þjóðin sökk djúpt ofan í Tölvuheiminn og ég hafði áhyggjur af því að við kæmumst aldrei út úr honum. En svo sagði afi dálítið sem átti eftir að breyta öllu og þar með hófst mesta ævintýri lífs míns. Sem betur fer hafði ég Dag, Kristínu og Henrý mér til halds og trausts.
200 bls.
**Út fyrir kassann**

IB




Lóa og Börkur

## Saman í liði

**Kjartan Atli Kjartansson**
Þegar miðherji unglingaliðs í körfubolta hrynur niður í miðjum leik vegna óvæntra veikinda eru góð ráð dýr. Liðsfélagarnir óttast um afdrif vinar síns og draumarnir um Íslandsmeistaratitilinn eru í uppnámi, en á ögurstundu kemur öflugur liðsstyrkur úr óvæntri átt.

*Lóa og Börkur – Saman í liði* er skemmtileg og spennandi saga um mikilvægi vináttunnar.
144 bls.
**Sögur útgáfa**

IB




## Seiðmenn 4

*Að eilífu, aldrei*
**Cressida Cowell**
**Þýð.: Jón St. Kristjánsson**
Ósk og Xar hafa fundið hráefnin fyrir nornaförgunargaldurinn og nú kallar nornakóngurinn þau til sín að Tjörn hinna týndu. En fyrst verða þau að blanda seyðið … Geta þau sigrast á hinum hungraða gandormi og flúið með Bikar nýrra færa? Og verður galdurinn nógu öflugur til að aflétta BÖLVUNINNI yfir Villiskógunum eða munu nornirnar ráða AÐ EILÍFU? Fjórða og síðasta bókin í æsispennandi ævintýrasögu um stríðsmærina Ósk og seiðstrákinn Xar.
392 bls.
**Angústúra**

IB




## Síðasta tækifærið

**Eva Björg Logadóttir**
**Myndskr.: Heiða Rún Jónsdóttir**
Eftir afdrifaríkt spjall við Braghildi gömlu, ferðast Sandra og Karen aftur í tímann. Þegar þangað er komið bíður þeirra það stóra og mikilvæga verkefni að bjarga heiminum frá hættulegu loftslagsbreytingunum. Hefst þá mikið kapphlaup við tímann og alls kyns óvæntar uppákomur verða á vegi þeirra og eitt er víst að aðalverkefnið þarna er þeirra síðasta tækifæri til að bjarga heiminum.
104 bls.
**LEÓ Bókaútgáfa**

IB



Handbók fyrir ofurhetjur
## Sjötti hluti - Vonlaust
**Elias Vahlund**
**Þýð.: Ingunn Snædal**
**Myndskr.: Agnes Vahlund**
Rósahæð er í áfalli. Sjö börn í viðbót hafa horfið sporlaust og fólk er bæði hrætt og reitt. Af hverju gera lögreglan og Rauðan gríman ekki neitt? Getur bærinn ekki stólað á ofurhetjuna sína? Lísa og félagar eru þó að vinna í leyni en það er eitthvað sem gengur ekki upp.
96 bls.
**Drápa**

IB



## Stjáni og stríðnispúkarnir - Púkar á ströndinni
**Zanna Davidson**
Fjölskyldan hans Stjána er að fara niður á strönd og stríðnispúkarnir fá að fara með. Svangur mávur rænir Lúðri og flýgur með hann út í buskann. Getur Stjáni fundið hann aftur?
Bækurnar um Stjána eru spennandi valkostur fyrir krakka sem eru að ná góðum tökum á lestri.
76 bls.
**Rósakot**

IB



Ljósaserían
## Sóley og töfrasverðið
**Eygló Jónsdóttir**
**Myndskr.: Hafsteinn Hafsteinsson**
Bókaklúbbur barnanna - ljosaserian.is
Sóley býr í Grálandi þar sem allt er grátt. Grasið, regnboginn, hárið á mömmu, bókstaflega allt. Sóley segist muna eftir fleiri litum en enginn trúir henni. Dag einn finnur hún töfrasverð sem flytur hana í annað land. Þar eru fleiri litir en þar eru líka óvæntar hættur og margt dularfullt á seiði.
80 bls. / 🔊 51 mín.
**Bókabeitan**

IB RAF HLB



## Stórfenglegasta undrið
**Ashley Spires**
Dag einn fær stúlka nokkur frábæra hugmynd - hún ætlar sér að skapa STÓRFENGLEGASTA UNDRIÐ! Hún er með skýra hugmynd um hvernig það á að virka og líta út, þetta verður ekkert mál! Verkefnið reynist þó flóknara en hún bjóst við í fyrstu. Snjöll, einlæg og skondin bók sem sýnir lesendanum gleðina sem fylgir bæði þrautseigju og sköpunargáfu. (4–8 ára)
36 bls.
**Oran Books**

IB



## Spæjarahundurinn
**Guðjón Ingi Eiríksson**
**Myndskr.: Halldór Baldursson**
Hvað eftir annað hefur Spæjarahundurinn aðstoðað lögregluna víða um heim við að leysa hin erfiðustu mál og koma þjófum og bófum á bak við lás og slá. Hann hefur oft komist í hann krappann en þó aldrei eins og nú. Hann þarf á öllu sínu að taka - og jafnvel meiru til - ef ekki á illa að fara. Ævintýrið um Spæjarahundinn er bæði skemmtilegt og spennandi og prýtt mögnuðum teikninum hins snjalla listamanns, Halldórs Baldurssonar.
159 bls.
**Bókaútgáfan Hólar**

IB



## Sumardagur í Glaumbæ
**Berglind Þorsteinsdóttir**
Hefur þú einhvern tímann velt því fyrir þér hvernig það var að alast upp í torfbæ í gamla daga? Í þessari ríkulega myndskreyttu sögubók fylgjum við Sigga litla, vinkonu hans Jóhönnu og heimilishundinum Ysju í einn dag í lífi þeirra. Bókin gefur innsýn í daglegt líf Íslendinga á árum áður. Bókin kemur út á íslensku, ensku, frönsku og þýsku.
33 bls.
**Byggðasafn Skagfirðinga**

IB



## Spæjarastofa Lalla og Maju
*Bókasafnsráðgátan*
*Saffranráðgátan*
**Martin Widmark**
**Myndir: Helena Willis**
**Þýð.: Íris Baldursdóttir**
Ráðgátubækurnar henta vel fyrir krakka sem vilja æfa lesturinn því letrið er stórt og setningarnar stuttar. Í *Bókasafnsráðgátunni* er verðmætum bókum stolið af bókasafninu, og í *Saffranráðgátunni* er jólabaksturinn í Víkurbæ í hættu þegar saffranbirgðir Súperkaupa hverfa sporlaust. Ríkulega myndskreyttar metsölubækur.
94 / 92 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

IB HLB



## SVARTA KISA fer til dýralæknis
**Nick Bruel**
**Þýð.: Sigurgeir Orri Sigurgeirsson**
Heilbrigð Kisa er kraftmikil og fjörug. Hún hefur næga orku afgangs til að atast í Hvutta. Veik Kisa er máttlaus og leið. Hún liggur áhugalaus í bælinu allan daginn. Er Svarta Kisa lasin? Svei mér þá, ég held það. Kisa þarf að fara til dýralæknis. Hún er vitaskuld ólm að fara . . . Er það ekki? Öðru nær! Hún STREITIST á móti því með kjafti og klóm!
144 bls.
**Bókafélagið**

KIL



## Stelpan sem fauk út um gluggann
**Halla Eysteins**
**Myndskr.: Lára Garðarsdóttir**
Hekla er lítil. Létt, forvitin og athugul. Hennar heimur er lífið og fólkið hennar á Egilsstöðum
Pabbi Heklu, þarf að ferðast mikið vegna vinnunnar. Hans áhugi er að segja sögur, mæla allt og skrá. Hekla elskar ekkert meira en að ferðast með honum og skoða nýja staði. Enda forvitin mjög.
Allt virðist vera eins og það á að vera í lífi sjö ára stelpu. En fljótt skipast veður í lofti og saga Heklu tekur óvænta stefnu sem engann getur órað fyrir.
86 bls.
**Hallas ehf**

KIL



## Tommi Klúður 2
*Sjáðu hvað þú ert búinn að gera!*
**Stephan Pastis**
Tommi Klúður snýr aftur!
Tommi er í þann mund að leysa stærsta mál sinnar kynslóðar. En einhverjir stunda blekkingarleiki. Gabba, svindla, ljúga, snuða. Þess vegna þarf hann að vera á varðbergi gagnvart því eina sem gæti fellt hann: klækjabrögðum!
332 bls.
**Edda útgáfa**

IB




## Tryllti tannlæknirinn

**Huginn Þór Grétarsson**

Þessi saga fjallar um hana Völu. Hún borðar mikið sælgæti og burstar ekki tennurnar. Hún vaknar því upp um miðja nótt með tannpínu. Eina tannlæknastofan sem er opin um miðja nótt er frekar draugaleg og þar kynnist Vala tryllta tannlækninum. Bókin hentar vel til að æfa lestur.

20 bls.

**Óðinsauga útgáfa**

SVK




## Villinorn 6

*Afturkoman*

**Lene Kaaberbøl**

**Þýð.: Jón St. Kristjánsson**

Bestla Blóðkind er snúin aftur til lífsins og ætlar að gera allt sem í hennar valdi stendur til að halda lífi, þótt hún þurfi að éta hverja einustu veru á jörðinni til þess. Klara og nornahringurinn hennar eru þau einu sem geta stoppað blóðkindina en það krefst fórnar. Sjötta og síðasta bókin í danska bókaflokknum Villinorn þar sem segir frá Klöru og baráttu hennar við ill öfl í villtri náttúrunni.

188 bls.

**Angústúra**

KIL




## Tunglið, tunglið taktu mig

**Þorgrímur Þráinsson**

Máney á heima í sveitinni hjá ömmu og afa þar sem hún á bæði hund og lamb. Þegar Sólmundur flytur á næsta bæ er hann eins og geimvera og gargar á alla, en það breytist þegar þau Máney lenda saman í ævintýrum. Það besta er þó að Sólmundur á litla systur sem getur kannski orðið systir Máneyjar líka. Skemmtileg og einlæg saga eftir einn vinsælasta höfund landsins.

219 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF




## Þegar Stúfur bjargaði jólunum

**Ari H.G.Yates**

Í þessari sprenghlægilegu teiknimyndabók leiðir höfundur saman íslensku jólasveinana og þann ameríska. Stúfur er búinn að fá nóg af því að verða fyrir gríni bræðra sinna. Hann stormar að heiman og hittir þá Sveinka, furðulegan jólasvein í rauðum fötum, sem þarfnast hjálpar því annars verða engin jól – en ná Stúfur og Sveinki að bjarga jólunum?

88 bls.

**Nýhöfn**

IB




## Valur eignast vinkonu

**Helga Sigfúsdóttir**

Valur er fimm ára forvitinn strákur á leikskólanum Bergseli. Einn daginn byrjar ný stelpa á leikskólanum sem heitir Eva en hún var að flytja með fjölskyldu sinni frá Þýskalandi og talar því annað tungumál en hinir krakkarnir. Höfundur er móðir tveggja drengja sem læra nú annað tungumál vegna búsetu erlendis.

40 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

IB




## Þín eigin ráðgáta

**Ævar Þór Benediktsson**

**Myndir: Evana Kisa**

Áttunda bókin í gríðarvinsælum bókaflokki þar sem lesandinn er söguhetjan og ræður ferðinni. Einn daginn vaknarðu og engin tækni virkar – hvorki símar né tölvur! Hvað í ósköpunum gerðist? Þér er falið að leysa gátuna en það er ekki einfalt. Hörkuspennandi saga með óvæntum vendingum og yfir 40 mögulegum sögulokum.

368 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB




Ljósaserían

## Veran í vatninu

**Hjalti Halldórsson**

**Myndskr.: Auður Ýr**

Bókaklúbbur barnanna - ljosaserian.is

Vatnið í sveitinni er orðið skærgrænt og Jónas frændi fær Dísu og Dreng með sér í rannsóknarleiðangur. Dísa er sannfærð um að ástæðan sé sú að í vatninu búi geimvera. Því trúir reyndar enginn svo hún verður að taka málin í eigin hendur. Við sögu koma draugar og kleinur. Og mýflugur. Mjög, mjög mikið af mýflugum!

72 bls. / 🔊 58 mín.

**Bókabeitan**

IB RAF HLB




Nornasaga

## Þrettándinn

**Kristín Ragna Gunnarsdóttir**

Lokabók í æsispennandi þríleik! Katla verður að koma tveimur nornum aftur til Goðheima. Auk þess þarf hún að finna örlaganornirnar og fá Skuld til að skera á galdrafjötur. En áætlanir eiga það til að fara úrskeiðis þegar Katla á í hlut og í þetta sinn kemur hún af stað röð atburða sem gætu haft áhrif á örlög sjálfra guðanna. Tekst Kötlu að bjarga málunum áður en allt fer í bál og brand?

240 bls. / 🔊 8:00 klst.

**Bókabeitan**

IB RAF HLB




## Verstu foreldrar í heimi

**David Walliams**

**Þýð.: Guðni Kolbeinsson**

Enn ein snilldar bókin eftir David Walliams. Þú þekkir VERSTU BÖRN Í HEIMI og þú þekkir líka VERSTU KENNARA Í HEIMI. Þú átt eftir að hlæja tryllingslega að VERSTU FORELDRUM Í HEIMI. Þessar VERSTU Í HEIMI-bækur henta sérlega vel þeim sem eru byrjaðir að lesa sér til ánægju.

308 bls.

**Bókafélagið**

IB




## Ævintýri H.C. Andersen

**Val Biro**

**Þýð.: Steingrímur Steinþórsson**

Í þessari glæsilegu útgáfu birtast nokkrar vinsælustu sögur H.C. Andersen:

Villtu svanirnir, Hans klaufi, Nýju fötin keisarans, Koffortið fljúgandi, Litli ljóti andarunginn, Tindátinn staðfasti, Næturgalinn, Þumalína.

198 bls.

**Skrudda**

SVK

# *Barnabækur*

## FRÆÐI OG BÆKUR ALMENNS EFNIS




### 100 myndskreyttir brandarar

**Huginn Þór Grétarsson**

Fimm brandarabækur og allar hafa þær slegið í gegn. En þessi er stærri og flottari, og nú í fyrsta skipti eru allir brandararnir myndskreyttir og í lit! Þetta eru jafn stór tíðindi og þegar litasjónvarpið kom fyrst til landsins! Þessi bók er happafengur fyrir káta krakka sem elska að hlægja.

104 bls.

**Óðinsauga útgáfa**

KIL




### Af hverju gjósa fjöll?

**Þorsteinn Vilhjálmsson og Jón Gunnar Þorsteinsson**

**Myndir: Þórarinn Már Baldursson**

Þessi fróðlega bók, sem hér kemur út í nýrri útgáfu, geymir 40 spurningar og svör af Vísindavefnum um eldgos og eldvirkni. Öllum svörum fylgja skemmtilegar og skýrandi myndir og kort sýna helstu eldfjöll jarðar, flekaskil og íslenskar eldstöðvar, þar á meðal þá nýjustu: í Geldingadölum.

57 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB EÚT




### Bál tímans

***Örlagasaga Möðruvallabókar í sjö hundruð ár***

**Arndís Þórarinsdóttir**

**Myndir: Sigmundur Breiðfjörð Þorgeirsson**

Ofan í læstri hvelfingu í Reykjavík eru varðveitt ómetanleg skinnhandrit sem voru skrifuð fyrir mörg hundruð árum. Eitt þeirra er Möðruvallabók. Hér segir hún sögu sína þar sem við sögu koma hetjur og skúrkar Íslandssögunnar og hvernig hún slapp aftur og aftur naumlega frá báli tímans. Bók sem öll fjölskyldan getur notið saman.

121 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB




### Brandarar, gátur og þrautir

Brandararnir í þessari bráðsmellnu bók eru sprenghlægilegir, gáturnar leyna á sér og þrautirnar eru bæði laufléttar og þrælþungar. Þessi bók hittir því víða í mark!

72 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

KIL




### Fagurt galaði fuglinn sá

**Helgi Jónsson og Anna Margrét Marinósdóttir**

**Myndskr.: Jón Baldur Hlíðberg**

Dásamleg fuglabók með hljóðum sem á sér engan líka. Fuglar heimsins eru falleg og forvitnileg dýr. Þeir fljúga frjálsir um loftin blá og hver og einn syngur með sínu nefi.

Í þessari bók kynnist þú fuglum af ýmsum tegundum og meira að segja hvers konar hljóð þeir gefa frá sér. Þú smellir á takkann, hlustar á hið fagra fuglagal og kvakar með.

114 bls.

**Sögur útgáfa**

IB




### Ferðalagið

**Jakob Ómarsson**

*Ferðalagið* er uppbyggileg, fallega myndskreytt og skemmtileg styrkleikabók fyrir börn sem hafa áhuga á að kynnast sjálfum sér og styrkleikum sínum betur. Bókin er gagnvirk en það þýðir að á meðan að barnið les þá svarar það spurningum, gerir áhugaverð verkefni og safnar styrkleikakortum. Bókinni fylgja 63 styrkleikakort sérstaklega hönnuð með börn í huga.

48 bls.

**Af öllu hjarta ehf.**

IB




### Gagn og gaman I–II

**Helgi Elíasson og Ísak Jónsson**

**Myndskr.: Tryggvi Magnússon og Þórdís Tryggvadóttir**

Gagn og gaman var nær einráð við lestrarkennslu yngstu barna í hálfa öld. Bókin byggðist á hljóðaðferð við lestrarkennslu sem með þessari bók var innleidd í íslenskum skólum. Bækur þessar voru ófáanlegar um áratugi en hafa nú verið endurútgefnar, fyrst hvor í sínu lagi en nú í ár saman í einni skemmtilegri kilju.

192 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




### Gleðiskruddan

***Dagbók fyrir börn og ungmenni sem eflir sjálfsþekkingu og eykur vellíðan***

**Marit Davíðsdóttir og Yrja Kristinsdóttir**

*Gleðiskruddan* er dagbók fyrir börn á aldrinum 6–15 ára sem byggir á hugmyndafræði jákvæðrar sálfræði. Það er mikilvægt fyrir börn og ungmenni að hafa tækifæri til að efla sjálfsþekkingu sína sem hjálpar þeim um leið að takast á við verkefni og áskoranir daglegs lífs.

Dagbókin telur 100 daga þar sem jákvæða inngripið þrír góðir hlutir er í forgrunni. Dögunum er skipt upp í 21 þemu, m.a. tilfinningar, seiglu, markmið, grósku-hugarfar, bjargráð við streitu, kvíða og fleira.

176 bls.

**Gleðiskruddan ehf.**

IB SVK




### Hvað veistu um tölvuleiki?

**Birkir Grétarsson og Huginn Þór Grétarsson**

Hversu vel þekkirðu vinsælustu tölvuleikina? Í þessari bók er að finna fjölbreyttar spurningar fyrir alla tölvuleikjaspilara. Ungir spilarar eru á heimavelli þegar spurt er um nýjustu leikina en eldri spilarar fyllast fortíðarþrá þegar þeir rifja upp leiki sem umvöfðu æsku þeirra. Hvað er betra en að taka sér stutta pásu frá tölvuspilun og spreyta sig á þessum skemmtilegu spurningum?

96 bls.

**Óðinsauga útgáfa**

KIL




## Hver er ég? Styrkleikar

**Sigríður Birna Bragadóttir**
**Myndir: Anna Jóna Sigurjónsdóttir**
**Myndrstj.: Hafdís Anna Bragadóttir**

Ása sem er 8 ára stelpa langar að læra um styrkleika. Mamma hennar kennir henni sniðugan leik með kórónur í ólíkum litum. Bókin er fyrir 6–12 ára börn til að læra að þekkja sig betur og finna styrkleikana sína.

Höfundur er félags, náms- og starfsráðgjafi með MA diplómu í jákvæðri sálfræði. Dóttir hennar teiknaði myndirnar.

26 bls.
**Spurning**

KIL RAF




## Lærðu að skipuleggja og gera áætlanir

**Kathleen G. Nadeau**
**Þýð.: Gyða Haraldsdóttir**

Ef þú ert fær í að skipuleggja og gera áætlanir gengur allt betur í lífinu. Og vittu til – þessi færni hjálpar þér líka við að ná markmiðum þínum! Bókin er full af dæmum, verkefnum og ýmsu skemmtilegu og getur hjálpað þér að skapa góðar venjur, skipuleggja dótið þitt, hafa stjórn á tíma, útbúa áminningar fyrir þig, búa til rútínur, koma hlutum í verk, skipuleggja verkefni og margt fleira.

Í *Lærðu að skipuleggja og gera áætlanir* er líka talað sérstaklega við foreldra og þeim gefnar ráðleggingar.

117 bls.
**Skrudda**

KIL




## Íslandsbók barnanna

**Margrét Tryggvadóttir**
**Myndir: Linda Ólafsdóttir**

Falleg og fræðandi bók um flest það sem einkennir eldfjallaeyjuna okkar. Hér er fjallað í máli og myndum um fjörur og fjallstinda, sumarsól og vetrarmyrkur, náttúru og borgarlíf, sjávarþorp og sveitir – vetur, sumar, vor og haust. Bókin hlaut fjölda verðlauna þegar hún kom fyrst út og er nú loksins fáanleg að nýju.

97 bls.
**Forlagið - Iðunn**

SVK EÚT




## Reykjavík barnanna

**Margrét Tryggvadóttir**
**Myndir: Linda Ólafsdóttir**

Hér er stiklað á stóru um sögu Reykjavíkur, frá því áður en fyrstu íbúarnir tóku sér þar bólfestu og þar til hún varð sú fjölbreytta og líflega borg sem við þekkjum. Höfundarnir hlutu mikið lof fyrir *Íslandsbók barnanna* en hér beina þær kastljósinu að höfuðborg allra landsmanna, í bók sem er í senn listaverk og fróðleiksnáma fyrir alla fjölskylduna.

97 bls.
**Forlagið - Iðunn**

IB




## Leikskólalögin okkar 2

**Jón Ólafsson**
**Myndskr.: Úlfur Logason**

Þessi skemmtilega tónbók geymir tuttugu sívinsæl sönglög sem óma dátt á leikskólum landsins og veita börnum gleði alla daga. Hún fylgir eftir *Leikskólalögunum okkar*, sem kom út fyrir nokkru og naut gríðarlegra vinsælda.

Tónbækurnar okkar er yndislegur bókaflokkur eftir Jón Ólafsson sem slegið hefur rækilega í gegn á undanförnum árum.

64 bls.
**Sögur útgáfa**

IB




## Skemmtikrafturinn

*Töfrabrögð, sirkusbrellur og grín*

**Lárus Blöndal Guðjónsson og Lee Nelson**
**Myndir: Helga Valdís Árnadóttir**

Hefur þig alltaf langað til að kunna töfrabrögð eða sirkuslistir? Áttu mörg systkini og finnst þú fá of litla athygli? Þá er þetta bókin fyrir þig! Lærðu 26 brögð og brellur sem slá í gegn, eins og að láta blýant hverfa, búa til ógeðslegt prumpuhljóð eða höggva gulrót í tvennt með peningaseðli. Bók sem færir ungum sem öldnum endalausa gleði og fjör.

80 bls.
**Forlagið - JPV útgáfa**

IB





Komdu til okkar
á Háskólatorg
eða pantaðu á
www.boksala.is

Það er töff
að lesa bók

bóksala stúdenta
www.boksala.is




Vísindalæsi

## Sólkerfið

**Sævar Helgi Bragason**
**Myndir: Elísabet Rún**

Komdu með Stjörnu-Sævari í ferðalag um sólkerfið okkar. Bráðskemmtileg léttlestrarbók sem vökvar, örvar og eflir vísindalæsi krakka frá sex ára aldri. Bókin er prýdd fjölmörgum litmyndum af furðum og töfrum himingeimsins. *Sólkerfið* er tilvalin fyrir forvitna og fróðleiksfúsa krakka sem vilja æfa sig í lestri.
75 bls.
**Forlagið - JPV útgáfa**

IB




## Svefninn minn

**Erla Björnsdóttir**
**Myndir: Auður Ómarsdóttir**

Verkefnabók sem eykur svefngæði barna og tekur á ýmsum vandamálum sem tengjast svefnvenjum. Í bókinni er að finna opnur þar sem börn geta skrifað niður markmið sín til að bæta svefninn, ýmsan skemmtilegan fróðleik um svefn, litríka og fallega límmiða og pláss til að lita og skrifa niður drauma sína. Erla Björnsdóttir er sálfræðingur og doktor í líf- og læknavísindum. Hún hefur sérhæft sig í rannsóknum á svefni og meðferðum gegn svefnleysi.
48 bls.
**Salka**

SVK




## Spurningabókin 2021

**Guðjón Ingi Eiríksson**

Kettir mjálma og gelta en hvað gera hestar? Hvernig eru skórnir hans Mikka músar á litinn? Hverrar þjóðar er knattspyrnumaðurinn Robert Lewandowski? Hvaða ávöxtur er einkennismerki tölvurisans Macintosh? Hvort fæða krókódílar lifandi afkvæmi eða verpa eggjum? Þetta og margt fleira í þessari bráðskemmtilegu bók sem ætti að vera til á öllum heimilum.
80 bls.
**Bókaútgáfan Hólar**

KIL




## Verum ástfangin af lífinu

**Þorgrímur Þráinsson**

Bók fyrir ungt fólk (og áhugasama foreldra), stútfull af hvatningu og ráðum til að verða sinnar eigin gæfu smiður – meðal annars er fjallað um samskipti við vini og fjölskyldu, mikilvægi hreyfingar, nauðsyn þess að setja sér markmið, hvernig á að rækta hæfileika sína, baráttuna við kvíða og hvernig ÞÚ getur orðið betri manneskja.
120 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

IB




## Stafavísur - Lestrarnám í ljóði og söng

**Myndskr.: Dagmar Agnarsdóttir**
**Ritstj.: Ragnar Ingi Aðalsteinsson og Steinunn Torfadóttir**

Þessi bók er ætluð leikskólabörnum og yngstu nemendum í grunnskóla. Hún er gerð til að örva lestraráhuga barna og létta þeim fyrstu skrefin á brautinni til bóknáms. Hér er ný vísa um hvern staf og vísunum fylgja myndir og nótur ásamt gítarhljómum. Alls komu 34 hagyrðingar að vísnagerðinni og eru þær ortar undir fjölmörgum bragarháttum.
78 bls.
**Bókafélagið**

IB




Handbók fyrir ofurhetjur

## Þrautabók ofurhetjunnar - Óleysanlegt verkefni

**Elias Vahlund**
**Þýð.: Ingunn Snædal**
**Myndskr.: Agnes Vahlund**

Komdu með í einstakt og spennandi ævintýri þar sem þú stýrir hluta framvindunnar og færð tækifæri til að verða ofurhetja. Hérna finnurðu líka allt frá bingói, orðapúsli og ritlistar til erfiðra þrauta sem munu endast lengi. Drífum ævintýrið í gang!
80 bls.
**Drápa**

SVK




## Sumarið í sveitinni

**Guðjón Ragnar Jónasson og Harpa Rún Kristjánsdóttir**
**Myndskr.: Jón Ágúst Pálmason**

Bráðskemmtileg og lærdómsrík bók um lífið í sveitinni. Fjölmargar spurningar og svör um húsdýrin og sveitastörfin, auk margvíslegs fróðleiks í máli og myndum.
64 bls.
**Veröld**

SVK




## Þrautabók Stúfs

**Eva Rún Þorgeirsdóttir**
**Myndskr.: Blær Guðmundsdóttir**

Stúfi finnst svakalega gaman að leysa ráðgátur og þrautir. Í þessari bók eru einmitt alls konar þrautir sem þú getur leyst og myndir til að lita. Hér getur þú meira að segja skrifað þína eigin ráðgátu!
32 bls.
**Bókabeitan**

SVK

Auðvelt að panta á boksala.is




Komdu til okkar
á Háskólatorg
eða pantaðu á
www.boksala.is

Þar sem týpurnar versla
er þér óhætt

bóksala stúdenta
www.boksala.is

# Ungmennabækur




## Drekar, drama og meira í þeim dúr

**Rut Guðnadóttir**

Flissandi fyndin en hádramatísk saga um vinkonurnar Millu, Rakel og Lilju sem ramba á dularfullan, vængjalausan dreka í lagerhúsnæði í Smáralind. Eins og þær eigi ekki nóg með sínar rómantísku flækjur og endalaust foreldradrama. Sjálfstætt framhald *Vampírur, vesen og annað tilfallandi* sem fékk Íslensku barnabókaverðlaunin 2020.
301 bls.
**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB RAF




## Aðeins færri fávitar

**Sólborg Guðbrandsdóttir**

*Aðeins færri fávitar* er önnur bók Sólborgar Guðbrandsdóttur, byggð á samnefndu samfélagsverkefni hennar gegn stafrænu og annars konar kynferðisofbeldi.

Hér er vangaveltum unglinga um samskipti kynjanna, kynlíf og sambönd svarað og áhersla lögð á sterka sjálfsmynd þeirra og sjálfsöryggi.

Fyrsta bók Sólborgar, *Fávitar*, var ein mest selda bókin í fyrra.
118 bls.
**Sögur útgáfa**

SVK




## Eldurinn

**Hjalti Halldórsson**

Hefur þig alltaf langað að leika lausum hala í skólanum eftir lokun? Fara í feluleik, setja teiknibólu í kennarastólinn, aftengja skólabjölluna. Halla, Hildigunnur, Kári og Skarpi eru ein í skólanum, hvert með sína ástæðu. Það stóð samt aldrei til að kveikja í … eða hvað? Æsispennandi unglingabók!
144 bls. / 🔊 2:45 klst.
**Bókabeitan**

IB RAF HLB




## Á hjara veraldar

**Geraldine McCaughrean**
**Þýð.: Sólveig Sif Hreiðarsdóttir**

Hópur vaskra drengja er sendur út í Kappadranga í árlega manndómsvígslu að veiða sjófugl og ná í egg. En nú kemur enginn að sækja þá. Hvað hefur gerst, hvenær verða þeir sóttir? Þeir mega dúsa í erfiðum aðstæðum og þegar á reynir kemur innri maður í ljós. Spennandi, hjartnæm og vel skrifuð bók eftir Geraldine McCaughrean. Bókin hlaut Cilip Carnegie verðlaunin.
290 bls.
**Kver bókaútgáfa**

IB




## Ég á þig

**Hrönn Reynisdóttir**

Íris Aða er á ferðalagi með foreldrum. Hún fær að skreppa í hjólaferð sem fer öðruvísi en ætlunin var. Hvaða hvolpur er þetta sem kemur og fer, birtist og hverfur? Og hvað varð um strákinn sem hvarf þarna fyrir langalöngu?

Hrönn Reynisdóttir er lesendum að góðu kunn fyrir ungmennabækurnar um Kolfinnu. Nú skrifar hún æsispennandi glæpasögu.
100 bls.
**Bókstafur**

IB




## Banvæn snjókorn

**Sif Sigmarsdóttir**
**Þýð.: Halla Sverrisdóttir**

Hanna er nýflutt til pabba síns á Íslandi, til að ganga í menntaskóla. Imogen er áhrifavaldur með meira en milljón fylgjendur sem kemur til að halda fyrirlestur um samfélagsmiðla í Hörpu. Þegar leiðir þeirra liggja saman er önnur grunuð um morð, leitin að sannleikanum leggur hina í lífshættu. Æsispennandi ungmennasaga eftir metsöluhöfund.
357 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF




## Fótboltaspurningar 2021

**Bjarni Þór Guðjónsson og Guðjón Ingi Eiríksson**

Hver var aðalmarkvörður Ítala á EM 2020? Hvers son er Böddi löpp? Hvaða náttúrufyrirbæri má sjá í merki Stjörnunnar? Hvaða félag heldur Símamótið í knattspyrnu fyrir yngri flokka stúlkna? Hvernig er fallbyssan í merki Arsenal á litin? Hvaða þýska Bundeslígulið hefur viðurnefnið Úlfarnir? Hér er farið út um víðan völl og spurt um fjölmargt úr knattspyrnuheiminum. Fótboltaspurningarnar 2021 er ómissandi bók fyrir knattspyrnuáhugamenn.
80 bls.
**Bókaútgáfan Hólar**

KIL




Dulstafir - bók 1

## Dóttir hafsins

**Kristín Björg Sigurvinsdóttir**

Líf Elísu, sextán ára unglings frá Vestfjörðum, gjörbreytist á einni nóttu þegar hún heyrir tónlist berast frá hafinu. Tónlistin leiðir hana niður í fjöru og ofan í undirdjúpin. Elísa dregst inn í háskalega atburðarrás og kemst að því að hún er hluti af spádómi ævafornrar menningar á hafsbotni. Er hún verðug þess að bera titilinn dóttir hafsins.
288 bls. / 🔊 9:32 klst.
**Björt bókaútgáfa - Bókabeitan**

KIL RAF HLB




## Fótbolti - allt um hinn fagra leik

**Þýð.: Ásmundur Helgason**

Viltu vita allt um fótboltann? Hér er farið yfir allt sem viðkemur fótboltanum, frá uppruna leiksins til upplýsinga um öll helstu mót heims og um bestu liðin. Glæsilega myndskreytt með meira en 200 ljósmyndum.
128 bls.
**Drápa**

IB




## Fríríkið

**Fanney Hrund Hilmarsdóttir**

Þar sem endur drekka kvöldkaffi við eldhúsborðið, froskar slaka á í klósettinu, háttatímum er breytt í gítarpartí og heimalærdómi í leikrit – er aldrei dauð stund. Og ef hún drepst óvart þá sér Allamma um að lífga hana við! Fríríkið er spennandi unglingabók með einstaklega skrautlegum persónum sem leiða lesandann óvænt ferðalag.
280 bls.
**Bókabeitan**

IB RAF HLB




## Húsið í september

**Hilmar Örn Óskarsson**

Bærinn Gálgi stendur á afskekktri eyju og Áróra þráir ekkert heitar en komast þaðan. Hún forðast bæinn og allir í bænum forðast hana, allir nema Nói, hennar eini vinur. En þótt Áróra vilji burt af eyjunni virðist eyjan ekki tilbúin að sleppa henni. Húsið í september kallar og þar er Áróru beðið af mikilli eftirvæntingu.
310 bls.
**Björt bókaútgáfa - Bókabeitan**

KIL RAF




## Hafsfólkið I–III í pakka

**Camilla Sten og Viveca Sten**
**Þýð.: Elín Guðmundsdóttir**

Þrjár bækur í pakka – *Hyldýpið, Sæþokan og Maurildi.*

Æsispennandi þríleikur þar sem aðalsöguhetjan Tuva berst gegn illum öflum sem leynast undir yfirborði sjávar í sænska skerjagarðinum.

Magnaðar ungmennabækur eftir sænsku mæðgurnar Camillu og Vivecu Sten sem fengið hafa frábærar viðtökur.
1160 bls.
**Ugla**

IB RAF HLB
Hljóðbók frá Storytel




## Hvísl hrafnanna I–III í pakka

**Malene Sølvsten**
**Þýð.: Þórdís Bachmann**

Þrjár bækur í pakka.

Anna býr yfir þeirri gáfu að sjá ljóslifandi atburði úr fortíðinni. Allt sitt líf hefur hún verið ein á báti og þurft að treysta á sjálfa sig. Ragnarök vofa yfir og Anna er sú eina sem getur bjargað heiminum. En mörg ljón eru í veginum.

Æsipsennandi og bráðskemmtilegur þríleikur sem hlotið hefur einróma lof gagnrýnenda.
1850 bls.
**Ugla**

IB HLB
Hljóðbók frá Storytel




## Harry Potter og fanginn frá Azkaban

**J. K. Rowling**
**Þýð.: Helga Haraldsdóttir**

Hættulegasti fangi allra tíma, Sirius Black, gamall félagi Voldemorts, hefur sloppið úr hinu rammgerða fangelsi Azkaban – og virðist vera að leita uppi Harry Potter. Harry og vinir hans mega því búast við hinu versta nú þegar þau hefja þriðja árið sitt í Hogwarts-skólanum.
395 bls.
**Bjartur**

IB




## Ljósberi

**Ólafur Gunnar Guðlaugsson**

Fjögur ungmenni rannsaka dularfullan dauða lærimeistara síns. Þeim er öllum gefin skyggnigáfa en eru mislangt á veg komin í að beita henni. Fljótlega blasir við að ekkert af því sem þau þóttust vita um lífið, alheiminn og eðli tilverunnar er eins og þau héldu. Mögnuð fantasía um djöfla og galdrameistara sem sigraði í samkeppninni um Íslensku barnabókaverðlaunin 2021.
290 bls.
**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB RAF HLB




## Harry Potter og Fönixreglan

**J.K. Rowling**
**Þýð.: Helga Haraldsdóttir**

Þegar vitsugur ráðast á Harry og Dudley í sumarfríinu gerir hann sér grein fyrir því að Voldemort og fylgdarlið hans mun svífast einskis til að ná völdum og knésetja hann. Í Hogwarts er allt í uppnámi vegna yfirvofandi endurkomu Voldemorts og Harry, Hermione og Ron þurfa að taka til sinna ráða.
749 bls.
**Bjartur**

IB




## miSter einSam

**Ragnheiður Eyjólfsdóttir**

Sammi er kominn í stutt vetrarfrí til Íslands og fer ásamt vinum sínum í afskekktan glæsibústað fjölskyldunnar. Þegar eitt þeirra hverfur út í vetrarmyrkrið og undarleg atvik skjóta hinum skelk í bringu rennur upp fyrir Samma að hann getur ekki flúið vandamál fortíðarinnar. Hörkuspennandi ungmennabók eftir verðlaunahöfundinn Ragnheiði Eyjólfsdóttur.
251 bls.
**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB RAF HLB




Æðisleg bókabúð,
geggjað verð

bóksala stúdenta
www.boksala.is




## Orrustan um Salajak

*Jarmalandskrónikan 1*

**Johan Theorin**
**Þýð.: Elín Guðmundsdóttir**

Í fjallakastalanum Salajak, langt norður í landi, vakna vættirnar og breiða út vængi sína eftir langan vetrardvala. Þær hungrar í kjöt, ferskt kjöt ... Á sama tíma strjúka þrír bræður að heiman til að ganga til liðs við árásarherinn sem á að stöðva vættina og binda enda á illvirki þeirra. Fyrsta bókin af fjórum í Jarmalandskrónikunni eftir spennusagnahöfundinn vinsæla, Johan Theorin.
363 bls.
**Ugla**

IB RAF HLB




## ÓGN

*Ævintýrið um Dísar-Svan*

**Hrund Hlöðversdóttir**

Amma heldur því fram að álfar séu til. Svandís trúir ekki á álfa en þegar dularfull skilaboð berast henni er hún ekki lengur viss í sinni sök. Í kringum hana er margt einkennilegt á kreiki. Köttur með rauð augu, dularfullir hestar og fólk sem ef til vill er annað en það sýnist vera. Svandís flækist inn í baráttu góðs og ills, kynnist ástinni og þarf ásamt vinum sínum að glíma við ógurlegar kynjaskepnur. Það leggur enginn þessa bók frá sér nema í neyð, en tekur hana þá líka upp aftur við fyrsta tækifæri.

198 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

IB




## Sterk

**Margrét Tryggvadóttir**

Birta býr í óvistlegri kjallaraholu með ókunnugu fólki. Það kýs hún þó heldur en heimabæinn sem hún flúði eftir að hafa komið út sem trans við litlar vinsældir fjölskyldu og vina. En svo hverfur konan í næsta herbergi sporlaust, og síðan önnur. Birta getur ekki annað en rannsakað málið. Hröð og spennandi saga sem hlaut Bókmenntaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur 2021.

280 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

SVK RAF HLB




## Ótemjur

**Kristín Helga Gunnarsdóttir**

Amma Fló deyr á þrettán ára afmælisdegi Lukku. Hún þarf því að flýja skuggaverurnar, koma sér burt úr Hyldýpinu og gera sínar eigin áætlanir. Það er ekki einfalt því í hana toga dularfullir skagfirskir kraftar.

Örlagasaga eftir einn vinsælasta rithöfund landsins.

293 bls.

**Bjartur**

IB RAF




## Uppvakningasótt

**Kristina Ohlson**

**Þýð.: Halla María Helgadóttir**

Dularfullur maður birtist í smábænum Eldsala. Í kjölfarið fara bæjarbúar að veikjast hver af öðrum. Þeir fá sótthita og blóðhlaupin augu. Herbert og Sallý eru staðráðin í að veikjast ekki. Þau leita skjóls í gömlu vindmyllunni, þar sem enginn – hvorki lífs né liðinn – getur náð til þeirra. Eða hvað?

Æsispennandi saga eftir einn þekktasta glæpasagnahöfund Norðurlanda.

250 bls. / 🔊 3:49 klst.

**Ugla**

IB RAF HLB




## PAX 5 - Draugurinn

**Ása Larsson og Ingela Korsell**

**Þýð.: Sigurður Þór Salvarsson**

**Myndskr.: Henrik Jonsson**

„Þið ... drápuð ... okkur."

Lúsíuhátíðin er framundan, en engan getur grunað hversu hryllileg hún verður. Saklaus leikur verður skyndilega hættulegur þegar dyr opnast inn í annan heim og þrír draugar fara að herja á bæinn.

206 bls.

**Drápa**

IB




## Útlagarnir Scarlett & Browne

*Frásögn af fífldjörfum hetjudáðum og bíræfnum glæpum.*

**Jonathan Stroud**

**Þýð.: Sólveig Sif Hreiðarsdóttir**

Ný sería úr smiðju meistara Jonathans Strouds um Scarlett McCain sjálfstæða stelpu sem kallar ekki allt ömmu sína og óvæntan en einstakan ferðafélaga hennar Albert Browne. Sögusviðið er sundurslitið Bretland í framtíðinni eftir náttúruhamfarir og stríð. Ofvaxin rándýr ráfa um og náberarnir hryllilegu leynast víða. Spennandi, heillandi og full af húmor.

420 bls.

**Kver bókaútgáfa**

IB




## Regnbogalaut

**L.M. Montgomery**

**Þýð.: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir**

*Regnbogalaut* er ævintýraheimur barna Önnu og Gilberts. Þegar barnmörg fjölskylda sest að á prestssetrinu í Maríulundi færist fjör í leikinn. Krakkarnir leysa úr málum eftir eigin höfði, oft á hátt sem fullorðnum hefði aldrei hugkvæmst. Sjöunda bókin í bókaflokknum um Önnu í Grænuhlíð.

276 bls.

**Ástríki útgáfa**

SVK




## Villueyjar

**Ragnhildur Hólmgeirsdóttir**

Á Útsölum stendur aðeins eitt hús: Skólahúsið. Frá því Arilda man eftir sér hefur þessi skóli verið hennar annað heimili. Hún hefur aldrei velt því fyrir sér hvers vegna hann standi á eyju sem annars er í eyði, ekki fyrr en daginn sem hún heldur inn á miðja eyjuna og villist í þokunni.

Eftir það breytist allt.

350 bls.

**Björt bókaútgáfa - Bókabeitan**

KIL RAF




## SKAM 3

**Julie Andem**

**Þýð.: Erla E. Völudóttir**

Norsku sjónvarpsþættirnir SKAM slógu í gegn víða um lönd, meðal annars á Íslandi. Í þessari bók eru senur sem aldrei voru teknar upp og samtöl sem voru klippt burt ásamt athugasemdum og hugleiðingum Julie Andem. Þetta er handritið að þriðju þáttaröð Skam, nákvæmlega eins og það var skrifað.

180 bls.

**Ugla**

IB RAF



## Þetta verður langt líf

**StineStregen**

**Þýð.: Einar Steinn Valgarðsson**

Danska listakonan StineStregen er þekkt í heimalandi sínu fyrir næmt auga, lipran penna og leiftrandi kímnigáfu. Í þessari myndasögubók varpar hún upp svipmyndum úr lífi unglingsstúlku, þar sem hún lýsir sorgum, gleði, áhyggjum og flækjum unglingsáranna. Allt frá hormónunum, félagsþrýstingnum og samfélagsmiðlunum til samskiptanna við eldri kynslóðina. Bráðskemmtileg bók fyrir alla núverandi og fyrrverandi unglinga.

140 bls.

**LEÓ Bókaútgáfa**

IB

# Skáldverk

## ÍSLENSK




### Arnaldur Indriðason deyr
**Bragi Páll Sigurðarson**
Íslenska þjóðin er í áfalli þegar ástsælasti rithöfundur hennar, Arnaldur Indriðason, finnst myrtur í kjallaraíbúð í Norðurmýrinni.

Hvernig tengist hinn mislukkaði rithöfundur Uggi Óðinsson morðinu og hví fléttast strákarnir úr 70 mínútum inn í málið?

*Arnaldur Indriðason deyr* er önnur skáldsaga Braga Páls, en sú fyrri, Austur, fékk verðskuldað lof.
264 bls.
**Sögur útgáfa**

IB




### 107 Reykjavík
**Auður Jónsdóttir og Birna Anna Björnsdóttir**
„Þessi bók er eiginlega þerapía-maður emjar af hlátri ... Fyndnasta bók ársins." SER, Hringbraut

„Hreint út sagt frábær paródía ... ekki hægt annað en hlæja upphátt." SS, Vikan

„Tíðarandabók par excellence" Þorgeir Tryggvason, Kiljan

„Öskurhló oft."

Kamilla Einarsdóttir
301 bls.
**Bjartur**

KIL




### Borg bróður míns
**Kristín Ómarsdóttir**
„Ef þú prjónar mér peysu með þverlöngum gulum röndum (eða röddum) undir rauðum stjörnum (eða tjörn) á ljósbláum himni lofa ég að fara ekki svona mikið út á kvöldin ..."

Mögulega núna á meðan heimar lágu í kófi, í nálægri borg eða í fjarska og jafnvel hvergi, voru orð tínd ofan í þessa bók sagna, skyndimynda, skjáskota og brota.
208 bls.
**Benedikt bókaútgáfa**

IB




### Að telja upp í milljón
**Anna Hafþórsdóttir**
Daginn sem kærastinn yfirgefur Rakel fer tilvera hennar á hvolf. En þegar hún óttast að vera að missa tökin fær hún óvænta heimsókn. *Að telja upp í milljón* hefur hlotið mikla athygli og lofsamlega dóma enda áhrifarík saga um flókin fjölskyldutengsl, áföll og samskiptaleysi en líka um ástina og lífið. Hún er önnur tveggja bóka sem báru sigur úr býtum í handritasamkeppni Forlagsins, Nýjar raddir, árið 2021.
167 bls. / 🔊 4:06 klst.
**Forlagið**

KIL RAF HLB




### Bráðin
**Yrsa Sigurðardóttir**
Björgunarsveitir eru sendar inn í Lónsöræfi í leit að hópi fólks sem er saknað. Á sama tíma gerast undarlegir atburðir á ratsjárstöðinni á Stokksnesi. Og á nesinu er gat í sjávarklöpp sem sogar til sín fólk ...

Bráðin var ein söluhæsta bók ársins 2020 og hlaut mikið lof gagnrýnenda.
344 bls.
**Veröld**

KIL RAF



### Allir fuglar stefna á ljósið
**Auður Jónsdóttir**
Björt er ráfari, fer á milli staða í Reykjavík, fylgist með fólki og skráir hjá sér athuganir sínar. Hún leigir herbergi í hrörlegu húsnæði með öðru fólki. En svo fær hún bréf og smám saman flettist ofan af dramatískri ævi hennar.

Auður Jónsdóttir er einn vinsælasti rithöfundur landsins.
359 bls.
**Bjartur**

IB RAF




### Dansarinn
**Óskar Guðmundsson**
**Lesari: Daníel Ágúst Haraldsson**
Þegar draumar móður Tonys um frama í dansheiminum verða að engu reynir hún að færa þá yfir á son sinn með grimmilegum aðferðum – og skelfilegum afleiðingum. Í Öskjuhlíðinni finnst lík sem hefur legið þar lengi. Fljótlega kemur í ljós að hrottalegur morðingi gengur laus og að ekki er allt sem sýnist. Óskar Guðmundsson, höfundur *Hilmu*, færir lesendum hér magnaða spennusögu.
237 bls. / 🔊 5:19 klst.
**Storytel**

IB RAF HLB




### Arkítektarnir
**Baldur Gunnarsson**
„Svanlaug stóð þar íturvaxin sem Makhalina í gervi Odile. Möndluaugun geisluðu. Rósamunnurinn svignaði. Jú, þokki opnar ýmsar dyr. En meira þarf til valda: Ófyrirleitni. Harðfylgi. Slægð."

Hvaðan kemur fjármagn til að reisa fokdýra listahöll í Engey? Hvað býr að baki framkvæmdinni? Hvernig tengjast þekktur húsameistari, balletdansari og hæstvirtur ráðherra hrottafengnu morði?

Ný skáldsaga eftir höfund í fremstu röð.
306 bls.
**Bergó útgáfan**

IB



### Djúpið
**Benný Sif Ísleifsdóttir**
Árið 1975 er vísindafólk ráðið til starfa hjá Búseturöskun ríkisins í þeim tilgangi að efla mannlíf og atvinnu í Djúpinu. Þar rekst líffræðineminn Valborg á veruleika þar sem hlutverk konunnar er að hella upp á kaffi og stjana við karlana, sem taka allar ákvarðanir þótt svo eigi að heita að það sé kvennaár. Heillandi saga eftir höfund *Hansdætra*.
314 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF HLB


GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa EÚT Endurútgáfa




## Dyngja

**Sigrún Pálsdóttir**

*Dyngja* segir frá ungum flugmanni sem gerist flugfreyja árið 1971. Að baki þeirri ákvörðun býr undraverð saga sem hefst um miðbik 20. aldar, við rætur Ódáðahrauns, en teygir sig smám saman lengra inn í landið, þaðan út í geim og að lokum til tunglsins. Sigrún Pálsdóttir hlaut Bókmenntaverðlaun Evrópusambandsins fyrir *Delluferðina*.

227 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

IB RAF HLB




## Dýralíf

**Auður Ava Ólafsdóttir**

Í vetrarmyrkri er áður óþekkt lægð í aðsigi. Ung ljósmóðir býr í íbúð sem hún erfði eftir ömmusystur sína. Upp úr kassa undan Chiquita-banönum koma þrjú handrit sem ömmusystirin vann að, Dýralíf, rannsókn á því sem mannskepnan er fær um, Sannleikurinn um ljósið og Tilviljunin.

Dýralíf fjallar um brothættasta og grimmasta dýrið: manninn og leitina að mennskunni.

208 bls. / 🔊 5:49 klst.

**Benedikt bókaútgáfa**

KIL HLB




## Efndir

**Þórhildur Ólafsdóttir**

Eftir margra ára búsetu í Frakklandi finnur Elísabet að hún verður að fara til æskuslóðanna á Íslandi til þess að ganga frá sínum málum. Þar reynir hún að hnýta lausa enda og vinna bug á sorginni og vonleysinu sem hefur fylgt henni lengi. Hún sest að í gamla húsinu þar sem hún ólst upp og fer að skrifa í von um betrun.

*Efndir* er allt í senn, óður til heimalandsins, ferðalag um hugarheim íslenskrar sveitastelpu, vangaveltur um sorgina og sektina.

264 bls.

**Skriða bókaútgáfa**

SVK




## Ein

**Ásdís Halla Bragadóttir**

Ung kona sem starfar í heimaþjónustu í blokk fyrir eldri borgara óttast að eiga sök á því að hafa hrundið af stað hræðilegri atburðarás. Í sömu blokk virðist maður hafa orðið fyrir þjófnaði. Og í New York berst ungur íslenskur læknir við að bjarga fórnarlömbum Covid-19 faraldursins.

223 bls.

**Veröld**

KIL RAF




## Einlægur Önd

**Eiríkur Örn Norðdahl**

Launfyndin og hárbeitt skáldsaga um útskúfun, refsingu og fyrirgefningu. Hér segir frá rithöfundinum Eiríki Erni, sem hefur brennt allar brýr að baki sér, og sögu hans um Felix Ibaka frá Arbítreu, þar sem fólk refsar hvert öðru með múrsteinaburði. Eiríkur Örn Norðdal hefur vakið verðskuldaða athygli heima og erlendis fyrir bækur sínar, sem jafnan eru nýstárlegar og ögrandi.

283 bls. / 🔊 8:22 klst.

**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF HLB




## Eldarnir

*Ástin og aðrar hamfarir*

**Sigríður Hagalín Björnsdóttir**

Jarðskjálftar skekja Reykjanesskaga, eldfjöllin eru vöknuð til lífsins eftir 800 ára hlé. Enginn þekkir þau betur en eldfjallafræðingurinn Anna Arnardóttir, forstöðumaður Jarðvísindastofnunar, sem þarf að takast á við stærsta verkefni ferilsins við stjórn almannavarna. En áferðarfallegt og hamingjuríkt líf hennar lætur ekki lengur að stjórn.

301 bls. / 🔊 7:43 klst.

**Benedikt bókaútgáfa**

KIL HLB




## Eldur í höfði

**Karl Ágúst Úlfsson**

Hver hugsun í höfði Karls Magnúsar er vagn sem tengist við vagn sem tengist við vagn. Höfuð hans er lestarstöð þar sem fleiri og fleiri lestir renna stjórnlaust inn. Hugsanirnar læðast ein af annarri, þær eru óstöðvandi og einn daginn springur það, höfuðið hans.

207 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

KIL




## Eyland

**Sigríður Hagalín Björnsdóttir**

Manstu hvar þú varst þegar það gerðist? – Eyland er hrollvekjandi ástar- og spennusaga, þar sem Íslandssagan tekur óvænta stefnu. Sigríður Hagalín Björnsdóttir er fréttamaður á Ríkisútvarpinu. Í fyrstu skáldsögu sinni tekst hún á við spurningar um hvað sé að tilheyra fjölskyldu og vera Íslendingur, hvað sameini okkur og sundri.

252 bls. / 🔊 5:39 klst.

**Benedikt bókaútgáfa**

KIL HLB

Hljóðbók frá Storytel




## Ég hef gleymt einhverju niðri

**Jón Óskar**

Jón Óskar (1921–1998) var einkum þekktur sem ljóðskáld og var einn úr hópi hinna svokölluðu atómskálda sem komu fram með nýjungar í íslenskri ljóðagerð um miðja 20. öld. Í þessu smásagnasafni, *Ég hef gleymt einhverju niðri*, birtast allar smásögur hans sem teljast fullfrágengnar, bæði þær sem birtust í *Sögum 1940–1964* og einnig fimm sögur sem hann samdi eftir það og ekki hafa komið áður út í bók.

236 bls.

**Skrudda**

IB




## Farangur

**Ragnheiður Gestsdóttir**

Ylfa stendur á brautarpallinum, loksins búin að gera upp hug sinn. Hún verður að komast burt. Undir eins, áður en hann vaknar. Ekkert má koma í veg fyrir að hún komist af stað. Ekki einu sinni þessi óvænti farangur sem hún fær í fangið. Farangur er grípandi og hrollvekjandi spennusaga sem erfitt er að leggja frá sér fyrr en að lestri loknum.

268 bls. / 🔊 8:52 klst.

**Björt bókaútgáfa - Bókabeitan**

KIL RAF HLB




## Fegurðin ein
**Guðmundur Steingrímsson**
Síðasta sýningin á söngleiknum um Fríðu og Dýrið. Anna dansari er í stuði í lokapartíinu – þar til bæði kærastinn og viðhaldið mæta. Hún tekur því fagnandi óvenjulegu verkefni fyrir auglýsingastofu: að fara til Tenerife og finna fallegt en venjulegt fólk í auglýsingar.
Grátbrosleg samtímasaga.
208 bls.
**Bjartur**

IB RAF




## Guð leitar að Salóme
**Júlía Margrét Einarsdóttir**
Í örvæntingarfullri leit að kisunni sinni venur Salóme komur sínar á Kringlukrána til að skrifa bréf stíluð á Helgu. Með lifandi frásagnargleði afhjúpar hún sjálfa sig og leitar skilnings á fjölskyldusögunni, ástinni og sálarstríði ungrar konu í grátbroslegum smábæjarharmleik. Hér er á ferðinni martraðarkennd uppvaxtar- og ástarsaga úr rammíslenskum veruleika.
390 bls.
**Una útgáfuhús**

SVK




## Ferðalag til Filippseyja
**Sveinn Snorri Sveinsson**
Í enda fyrsta hluta þessarar sannsögulegu frásagnar var sögumaður nýlentur á Reykjavíkurflugvelli eftir stutt ferðalag. Við endurnýjum nú kynni okkar við hann daginn sem hann ætlar að halda ferðalaginu áfram og fljúga til Maníla á Filippseyjum með viðkomu í Dubaí þar sem unnustan bíður hans.
Lífið er ævintýri og ástin saga sem þarf að segja frá.
389 bls.
**Bókaútgáfan Deus**

SVK




## Haustið 82
**Ásdís Ingólfsdóttir**
Haustið 1982 er krefjandi fyrir Möggu. Hún er í erfiðu háskólanámi og námslánin duga skammt, pabbi hennar veikist og mamma hennar gerir bara illt verra. En þegar líður að jólum ákveður Magga að leyfa sér að vera hvatvís og eyða þeim hjá vinkonu sinni í Bandaríkjunum, þó hún sé nýbúin að kynnast spennandi strák. *Haustið 82* er eins og önnur haust, fullt af lífi.
125 bls.
**Blekfélagið, félag meistaranema í ritlist**

KIL




## Fíkn
**Rannveig Borg Sigurðardóttir**
Líf Ellerts umturnast þegar hann heillast af myndlistarkonunni Freyju Negroni, sem hefur nýlega snúið heim frá Ítalíu eftir erfiðan skilnað.
Hann reynir að fylgja Freyju eftir í tryllingslegri rússíbanareið þar sem fíkn er yfir og allt um kring. Villt kynlíf og vímugjafar virðast aldrei langt undan. Lygarnar og svikin vinda upp á sig.
Rannveig Borg slær hér nýjan og djarfan tón með sinni fyrstu bók.
282 bls.
**Sögur útgáfa**

IB




## Hálfgerðar lygasögur með heilagan sannleika í bland
**Guðbergur Bergsson**
Guðbergur hefur einstaka sýn á mannlegt eðli og samfélag. Hér má lesa sögur úr heillandi blöndu af fyndni og sársauka, sannleika og uppspuna. Þegar lesandinn heldur að hann hafi áttað sig á hvert stefnir er honum komið í opna skjöldu með óvæntum snúningi, órum, háði eða skyndilegri viðkvæmni – sem höfundurinn hefur flestum betur á valdi sínu.
204 bls.
**Forlagið - JPV útgáfa**

IB RAF




## Fjarvera þín er myrkur
**Jón Kalman Stefánsson**
Er það ábyrgð eða hugleysi að sætta sig við örlög sín? Hér tvinnast saman yfir staði og tíma, kynslóð fram af kynslóð, líf sem kannski eru jafn tíðindalítil og girðingarstaurar en halda þó öllu uppi. Kornabarn sem rétt er yfir eldhúsborð, löngu dáið þýskt skáld og döpur rokkstjarna. Sum bros geta breytt heimum og sum líf kvikna eingöngu vegna þess að heimar gengu úr skorðum.
496 bls. / 🔊 17:12 klst.
**Benedikt bókaútgáfa**

KIL HLB




## Hið heilaga orð
**Sigríður Hagalín Björnsdóttir**
Ung kona hverfur frá nýfæddu barni sínu og bróðir hennar leggur í leit að henni. Hið heilaga orð er spennandi saga um ástríðu og lestur, flótta og ferðalög, og undursamleg völundarhús mannshugans. Sigríður Hagalín er fréttamaður á Ríkisútvarpinu. Fyrsta bók hennar, Eyland, vakti verðskuldaða athygli og kemur nú út víða um Evrópu.
280 bls. / 🔊 7:01 klst.
**Benedikt bókaútgáfa**

KIL HLB




## Gaddavírsátið
*og aðrar sögur*
**Skuggi og Jochum Magnús Eggertsson**
Í bókinni er úrval af smásögum eftir eitt umtalaðasta utangarðsskáld Íslandssögunnar, Jochum Magnús Eggertsson, sem tók sér skáldnafnið Skuggi. Skuggi var þekktur fyrir frumlegar kenningar, þrasgirni og frábæran skáldskap. Titilsagan er með fyndnari nóvellum sem skrifaðar hafa verið á íslensku.
**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Hitinn á vaxmyndasafninu
*Sjö nútímakraftaverkasögur*
**Ísak Harðarson**
Kraftaverk nútímans láta ekki alltaf mikið yfir sér. Stundum varpar óvænt atburðarás eða útskýrt atvik nýju ljósi á allt sem var og er og verður, eða fólk kemur auga á samhengi sem umturnar lífi þess. Ísak Harðarson skrifar hér af djúphygli og hlýju um furður tilverunnar í snjöllum og gáskafullum smásögum um leitina sígildu að sannleikanum og hamingjunni.
196 bls.
**Forlagið - JPV útgáfa**

IB RAF


GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa EÚT Endurútgáfa




## Hjálp!

**Fritz Már Jörgensson**

Á fallegum sumardegi finnst lík af nakinni konu í sorpgeymslu við safnaðarheimili Dómkirkjunnar í Reykjavík. Henni hafði verið misþyrmt með hrottafengnum hætti. Brátt vakna grunsemdir um að fleiri konur kunni að vera í hættu. Jónas og félagar hans hjá sérdeild rannsóknarlögreglunnar keppast við að leysa málið. En það tengir anga sína í óvæntar áttir ...

256 bls.

**Ugla**

KIL




## Hylurinn

**Gróa Finnsdóttir**

Hylurinn er dramatísk og spennandi saga af heillandi mannlífi, andlegum þroska, ástum og fallegri vináttu. En við hittum einnig fyrir hinar myrkustu hliðar mannlífsins og lesandinn dregst inn í spennu þar sem við sögu koma bein manns og hests í litlu heiðarvatni. Hylurinn er fyrsta bók höfundar sem hefur yfir að ráða næmum og fallegum stíl.

344 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Horfnar

**Stefán Máni**

Það er sumarbjart og sólin skín við Kirkjubæjarklaustur. Tvær þýskar vinkonur á bakpokaferðalagi heillast af stórbrotinni náttúrunni.

Undir friðsælu yfirborðinu við Klaustur leynast þó myrk leyndarmál sem stúlkurnar tvær vilja ekki vita af.

Hörður Grímsson lögreglumaður er mættur að Klaustri til afleysinga. Þar gerist aldrei neitt. Að hann heldur.

286 bls.

**Sögur útgáfa**

IB




## Hægt og hljótt

*til helvítis*

**Magnús Guðmundsson**

Rannsóknarlögregluþjónarnir Aron Freyr og Jóhanna mæta á vettvang alvarlegs glæps í miðborginni. Fjölskyldufóður dreymir um góð efni og glæsta framtíð fyrir sig og sína, graðir bankamenn leggja allt að veði nema eigin hagsmuni og miðaldra fasteignasala dreymir um betra líf. Græðgi og hatur ólmast og birtast í kimum kommentakerfanna.

284 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

IB




## Hrafninn

**Sandra B. Clausen**

**Lesari: Álfrún Helga Örnólfsdóttir**

Hrafninn er sjötta bókin í Hjartablóðsseríunni. Ester og Gissel eru á flótta frá yfirvaldi í Mariestad. Þau ferðast að rótum fjallanna þar sem flokkur Ara tekur þeim opnum örmum. Í húmi nætur sjá þau ekki hrafnana sem fylgja skuggum þeirra en þau finna að dauðinn er nærri. Meðal flokksins búa djúpstæð leyndarmál sem gætu breytt lífinu til frambúðar.

🔈 5:22 klst.

**Storytel**

RAF HLB




## Hælið

**Emil Hjörvar Petersen**

**Lesari: Sólveig Arnarsdóttir, Guðrún Ýr Eyfjörð og Guðmundur Ingi Þorvaldsson**

Þegar undarlegir hlutir eiga sér stað á heimili nærri gamla Kópavogshælinu fer Uglu að gruna nágranna sinn um græsku. Skilaboð berast frá konu sem vistuð var á Kópavogshæli og Ugla fer að sjá fólk sem enginn annar sér. Henni verður ljóst að fjölskylda hennar er í mikilli hættu. *Hælið* er hrollvekjandi skáldsaga sem fær hárin til að rísa.

315 bls. / 🔈 9:17 klst.

**Storytel**

IB RAF HLB




## Hringferðin

**Anna Margrét Sigurðardóttir**

**Lesari: Þórunn Erna Clausen**

Sumarið 2020 finnst er illa útleikið lík fjölskylduföður, og skilaboð frá morðingjanum eru skilin eftir á vettvangi, rituð með blóði. Áður en langt um líður teygja angar málsins sig víða um land. Fimm manna fjölskylda af stað í hringferð um landið, ómeðvituð um hættuna sem fylgir. *Hringferðin* er æsispennandi krimmi sem talar beint inn í samtímann.

🔈 5:57 klst.

**Storytel**

RAF HLB




## Höggið

**Unnur Lilja Aradóttir**

Ung kona vaknar á minnislaus á sjúkrahúsi. Hún þekkir hvorki tilveru sína né sjálfa sig en fær á tilfinninguna að eitthvað sé ekki eins og það eigi að vera. Hún leggur upp í ferðalag inn í fortíð sína þar sem skelfilegir atburðir afhjúpast. Unnur hlaut glæpasagnaverðlaunin Svartfuglinn fyrir söguna.

310 bls.

**Veröld**

IB RAF




## Hugfanginn

**Anna Ragna Fossberg Jóhönnudóttir**

Þegar líður yfir Smára kemur leyndur hjartagalli í ljós. Þórgunnur, æskuvinkona hans, spyr hvort slíkur galli geti verið arfgengur? Leitin að svari við þeirri spurningu leiðir hann að sögu foreldra sinna, sem hann kynntist aldrei. Hugfanginn er saga um ást og þrá, um fíkn og ábyrgð, um hlekki hugans sem setja tilfinningunum strangar skorður, og um frelsið handan þeirra.

141 bls.

**Króníka**

IB






## Í miðju mannhafi

**Einar Lövdahl**

Átta smásögur úr samtímanum, litaðar hlýju, húmor, angurværð og hreinskilinni nálgun á karlmennsku: Örþrifaráð til að safna skeggi, óbærilegt stefnumót og hvernig má niðurlægja aðra í góðu gríni. *Í miðju mannhafi* er önnur tveggja bóka sem báru sigur úr býtum í handritasamkeppni Forlagsins, Nýjar raddir, árið 2021.

110 bls. / 🔊 2:51 klst.

**Forlagið**

KIL RAF HLB




## Konan sem elskaði fossinn

*Sigríður í Brattholti*

**Eyrún Ingadóttir**

Sigríður í Brattholti (1871–1957) er einn kunnasti náttúruverndarsinni Íslandssögunnar. Hún bjó alla sína ævi í nágrenni við Gullfoss og þegar upp komu hugmyndir um að virkja fossinn hóf hún ein og óstudd baráttu gegn þessum áformum, baráttu fyrir málstað sem hún var tilbúin að fórna lífinu fyrir.

267 bls.

**Veröld**

KIL RAF




## Jarðvísindakona deyr

**Ingibjörg Hjartardóttir**

Erlendur auðjöfur reisir kísilver í afskekkta þorpinu Selvík sem er á einu virkasta jarðskjálftasvæði landsins. Forvitni Margrétar er vakin þegar ung jarðvísindakona finnst látin í bíl sínum á heiðinni og óvæntir atburðir eiga sér stað á þessum friðsæla stað. Sjálfskipaði kvenspæjarinn rekur hvern þráð sem á vegi hennar verður og unir sér engrar hvíldar fyrr en sannleikurinn lítur dagsins ljós.

224 bls.

**Salka**

KIL




## Kóperníka

**Sölvi Björn Sigurðsson**

Kaupmannahöfn 1888. Raðmorðingi gengur laus og börn hverfa unnvörpum. Kópeníkus, íslenskur unglæknir, er rekinn frá störfum og rannsakar nú lát besta vinar síns.

Kópeníkus grunar fyrrverandi samstarfsfólk sitt á spítalanum um græsku en niðurstaðan virðist ekki í augsýn.

Sölvi Björn er einn athyglisverðustu höfunda okkar og hlaut hann Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir síðustu skáldsögu sína, *Seltu*, árið 2019.

392 bls.

**Sögur útgáfa**

IB




## Kolbeinsey

**Bergsveinn Birgisson**

Maður nokkur ákveður að heimsækja æskuvin sinn, sem hefur verið lagður inn á geðdeild sökum þunglyndis. Þeir skipuleggja strok og leggja á flótta.

Í kjölfarið hefst æsilegur eltingarleikur um landið þvert og endilangt.

Bergsveinn Birgisson er einn virtasti og vinsælasti rithöfundur þjóðarinnar.

208 bls.

**Bjartur**

IB RAF




## Kynslóð

**Harpa Rún Kristjánsdóttir**

Hin tvítuga Maríanna vinnur í Skálanum, skemmtir sér með kærastanum Andra og aðstoðar ömmu sína og afa við bústörfin. Svo birtist nýr strákur með kunnuglegan svip í þorpinu ...

Stórskemmtileg og djúpvitur skáldsaga um fólk á ýmiss konar vegamótum þar sem ekki er allt sem sýnist.

295 bls.

**Bjartur**

IB RAF




## Konan hans Sverris

**Valgerður Ólafsdóttir**

Ég var Hildur hans Sverris og þú varst Sverrir hennar Hildar.

Laus úr erfiðu hjónabandi lítur Hildur til baka og hugsar um mynstrin sem við lærum svo vel að á endanum vefjast þau um háls okkar eins og níðþungir hlekkir.

Þetta er samtímasaga um ofbeldi og eftirsjá en einnig um þrautseigju og sátt.

160 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

IB




## Launsátur

**Jónína Leósdóttir**

Hér glíma rannsóknarlögreglukonan Soffía og fyrrverandi eiginmaður hennar, sálfræðingurinn Adam, við margslungið glæpamál. Saman rannsaka þau hverja vísbendinguna á fætur annarri í skugga Covid-19-faraldursins sem lamar lögreglustöðina og litar allt samfélagið. Bækur Jónínu um eftirlaunakonuna Eddu hafa notið mikilla vinsælda. Hér kynnir hún nýjar og spennandi persónur til sögunnar.

307 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF HLB




## Konan sem alltaf gekk á undan

**Ingimundur Gíslason**

Sögusvið í smásögum Ingimundar er kunnuglegt en teygir sig reyndar einnig til annarra landa. En rétt eins og höfundi lætur vel að skyggnast inn í ólgandi óreiðuna í hugum sögupersóna sinna vítt og breitt um veröldina, á ekki síður við hann að stíla fallegar stemningar um sína hjartans vini í ríki dýra, fugla, skordýra og plantna á Íslandi.

152 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Ljósgildran

**Guðni Elísson**

Dularfullur aðkomumaður gengur inn á hótel um miðjan vetur og þeytir skáldinu H.M.S. Hermanni inn í iðu atburða þar sem tekist er á um völd og metorð. Í þessu mikla verki segir frá harmrænum ástum ungra hjóna um leið og íslensku stjórnmála- og menningarlífi er lýst á afhjúpandi hátt. Stórbrotin skáldsaga sem fangar umbrotaskeið í sögu þjóðar.

800 bls.

**Lesstofan**

IB



GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa EÚT Endurútgáfa




## Lok, lok og læs
**Yrsa Sigurðardóttir**
Ekkert heyrist frá auðugri fjölskyldu sem nýflutt er á afskekktan sveitabæ. Hvað kom fyrir fólkið? Lögreglan rannsakar málið en á sama tíma fær lesandinn innsýn í líf fjölskyldunnar – þar sem ekki er allt sem sýnist. Yrsa í toppformi!
312 bls.
**Veröld**

IB RAF




## Meydómur
*– sannsaga –*
**Hlín Agnarsdóttir**
Fullorðin dóttir kynnir sig hér fyrir látnum föður sínum í listilega skrifuðu bréfi sem jafnframt er bréf til ungu meyjarinnar sem hún eitt sinn var. *Meydómur* er saga af leiðinni sem hún fetar frá sakleysi bernskunnar til uppreisnar unglingsáranna þegar meydómi hennar lýkur. Saga sem rífur í hjartarætur lesandans.
184 bls.
**Ormstunga**

SVK RAF




## Lög unga fólksins
**Sölvi Sveinsson**
Hnyttnar smásögur sem þó snerta á alvörumálum. Fortíðin er ekki langt undan; síðasta lag fyrir fréttir ómar úr gömlu Telefunken-útvarpstæki; fólk sýður bjúgu og hangikjöt; stöku menn halda kindur í fjárkofa heima við hús sín í bænum. Höfundur hefur áður sent frá sér fræðirit, ferðaþætti og fróðleikspistla í bókum og tímaritum.
204 bls.
**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Morðið við Huldukletta
**Stella Blómkvist**
Stella Blómkvist tekur að sér að rannsaka morðið á syni umdeilds útrásarvíkings sem og dularfull bréf sem berast ungri konu frá látnum föður. Og áður en varir er hún komin á bólakaf í vafasamar viðskiptafléttur, svik og leyndarmál. Þetta er tólfta bókin um tannhvassa tálkvendið Stellu, sem nú gleður aðdáendur sína einnig í nýrri sjónvarpsþáttaröð.
254 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF




## Lökin í golunni
*Örlagasaga tveggja systra*
**Kristján Hreinsson**
Lökin í golunni er örlagasaga systra sem mæta hörðum heimi stríðsáranna við andlát móður sinnar. Yfirvöld sundra fjölskyldunni og fátækt og niðurlæging blasir við stúlkunum. Sagan er að hluta reist á atburðum sem í raun og veru áttu sér stað. Engu að síður kýs höfundurinn að líta á verkið sem hreinan skáldskap, með sögulegu ívafi.
256 bls.
**Nýhöfn**

KIL




## Myrkrið milli stjarnanna
**Hildur Knútsdóttir**
Iðunn vaknar alltaf þreytt á morgnana. Vinir og fjölskylda hafa ráð á reiðum höndum en ekkert þeirra fær að heyra söguna alla; um leyndarmálin sem hrannast upp og stigmagnast, og myrkrið sem er ólíkt öðru myrkri. Hildur Knútsdóttir er þekkt fyrir ungmennabækur sínar sem unnið hafa til fjölda verðlauna. *Myrkrið milli stjarnanna* er fyrsta hrollvekja hennar fyrir fullorðna.
191 bls.
**Forlagið - JPV útgáfa**

IB RAF




## Mannavillt
**Anna Ólafsdóttir Björnsson**
Dularfull dauðsföll gamalla vinnufélaga og gáleysislegt tal á bar setja furðulega atburðarás af stað. Mannavillt er nýstárleg íslensk glæpasaga þar sem lesandinn sogast inn í æsilega og blæbrigðaríka frásögn. Þessi fyrsta sakamálasaga höfundar hefur hlotið góða dóma.
291 bls.
**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Náhvít jörð
**Lilja Sigurðardóttir**
Á hvítum vetrarmorgni finnst yfirgefinn flutningagámur í Rauðhólum. Þegar hann er opnaður blasir hryllingurinn við: fimm lífvana konur sem hafa greinilega verið fluttar í þessum gámi yfir hafið. Hröð og hrollvekjandi saga um glæpamenn sem svífast einskis og fórnarlömb mansals, þræla nútímans. Þriðja spennusaga Lilju um þau Áróru og Daníel og fólkið í kringum þau.
313 bls. / 🔊 7:33 klst.
**Forlagið - JPV útgáfa**

IB RAF HLB




## Merking
**Fríða Ísberg**
Þjóðin er klofin í afstöðu sinni til samkenndarprófsins, byltingarkenndrar tækni sem spáð getur fyrir um andfélagslega hegðun; annar helmingurinn vill öruggara samfélag, hinn réttlátara. Framundan er þjóðaratkvæðagreiðsla um málið sem snertir líf persónanna með ólíkum hætti. *Merking* er fyrsta skáldsaga eins eftirtektarverðasta höfundar landsins, margradda verk um pólaríseringu, fordóma og samkennd.
266 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF




## Næturskuggar
**Eva Björg Ægisdóttir**
Ungur maður lætur lífið í dularfullum eldsvoða á Akranesi og skilur eftir sig samfélag í sárum. Athafnamenn á Skaganum villast af þröngum vegi dyggðanna í einkalífi og starfi. Lögreglukonan Elma þarf að kljást við erfitt mál samhliða því að í ljós kemur að líf hennar mun aldrei verða sem fyrr.
368 bls.
**Veröld**

KIL RAF




## Olía
**Svikaskáld**
Sex konur á ólíkum aldri samlagast ekki umhverfi sínu heldur rjúfa sífellt endurtekin mynstur og hella olíu á eldinn. Hér fáum við örstutt brot úr lífi hverrar og einnar, sem fléttast saman á óvæntan hátt. Svikaskáld skipa sex skáldkonur sem vakið hafa athygli fyrir verk sín: Þórdís Helgadóttir, Þóra Hjörleifsdóttir, Sunna Dís Másdóttir, Ragnheiður Harpa Leifsdóttir, Melkorka Ólafsdóttir og Fríða Ísberg.
182 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF




## Ó, Karítas
**Emil Hjörvar Petersen**
**Lesari: Guðmundur Ingi Þorvaldsson**
Þegar Bragi flytur með börnin í hinn friðsæla Búðardal á það að marka nýtt upphaf fyrir fjölskylduna. Hann grunar þó ekki hve fljótt hann muni hrífast af dularfullri konu í þorpinu. Undarlegir hlutir eiga sér stað á nýju heimili fjölskyldunnar og það verður ljóst að einhver ókennileg öfl leynast í Búðardal.
🔊 9:34 klst.
**Storytel**

RAF HLB




## Óskilamunir
**Eva Rún Snorradóttir**
Sögur um ástir sem finnast og tapast, hvernig sársauki mótar okkur, um allt það sem brotnar en ekki síst um brotin sem enginn vitjar. Hvernig við leitum með veiku ljósi að leið í gegnum þetta ævarandi grímuball sem lífið er.
160 bls.
**Benedikt bókaútgáfa**

SVK




## Rósa
**Guðrún Sigríður Sæmundsen**
Fyrir fjórum árum gekk Rósa í gegnum mikinn harmleik. Niðurbæld ofsareiði og minningabrot ryðjast smám saman upp á yfirborðið. Skyndilega eiga ógnvænlegir atburðir sér stað og Rósa sogast inn í framvindu sem hún hefur enga stjórn á. Hverjum getur hún treyst? Er henni sjálfri treystandi?
*Rósa* er fyrsta flokks sálfræðitryllir sem rígheldur lesandanum allt fram á síðustu blaðsíðu.
256 bls.
**GSS**

IB




## Sáttmálsörkin
**Aron**
Er sáttmálsörkin gereyðingarvopn?
Hvers vegna var stór sáttmálsörk byggð fyrir tvær steintöflur með boðorðunum tíu?
Eru til eftirlíkingar af sjö undrum veraldar í dag?
Hvað var Gordíonshnúturinn?
Framdi Kleópatra sjálfsmorð?
Hvert var efni guðanna?
Hvar er sáttmálsörkin í dag?
Hér er hulunni svipt af mörgum helstu ráðgátum mannkyns.
428 bls.
**Óðinsauga útgáfa**

IB




## Sextíu kíló af kjaftshöggum
**Hallgrímur Helgason**
Sjálfstætt framhald verðlaunaskáldsögunnar *Sextíu kíló af sólskini*. Gesti Eilífssyni þykir nútíminn arka of hægt um síldarsumur í Segulfirði. Hann er átján ára fyrirvinna fimm manna heimilis, fátæktin er sár en þó er ekki laust við ljósglætur eins og óvæntan unað ástarinnar. Loks eygir kotungurinn von um betra líf þegar stórhuga Norðmenn vilja kaupa gömlu Skriðujörðina.
544 bls.
**Forlagið - JPV útgáfa**

IB RAF HLB




## Sigurverkið
**Arnaldur Indriðason**
Söguleg skáldsaga sem gerist syðst á Vestfjörðum og í Kaupmannahöfn á 18. öld; margslungin frásögnin lýsir á áhrifaríkan hátt beiskum örlögum alþýðufólks og valdinu sem það er undirselt. Sagnameistarinn Arnaldur fetar hér nýja slóð, því bókin er að hluta byggð á raunverulegum atburðum og persónum sem stíga fram á sviðið í einstaklega trúverðugri og grípandi sögu.
315 bls.
**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB RAF HLB




## Silfurfossar
**Einar Leif Nielsen**
**Lesari: Unnsteinn Manuel Stefánsson**
Kári er nýliði í lögreglunni á Hvolsvelli árið 2067. Tæknilegar framfarir hafa gert starfið tilbreytingarlítið og dauflegt. Allt breytist þegar Kári gengur óvænt inn á vettvang morðs á býlinu Silfurfossum og engin stafræn fótspor finnast. Kári og hin reynda Árný komast saman að því að ekki er allt sem sýnist, hvorki hjá heimilisfólki né hjá vélmennunum sem á býlinu starfa.
🔊 11:26 klst.
**Storytel**

RAF HLB




## Síðasta barnið
**Guðmundur S. Brynjólfsson**
Veturinn er harður og ofan á basl alþýðunnar bætist morðbrenna á Stokkseyri og skotárás á sýsluskrifstofunni á Eyrarbakka. Sem fyrr fléttast hlutskipti fátækra Sunnlendinga inn í líf sýslumannshjónanna sem þó eiga nóg með sitt. Studdur af Tryggva skrifara sínum þarf Eyjólfur að glíma við höfuðandstæðing sinn, óþokkann Kár Ketilsson sem bruggar sín viðbjóðslegu ráð. Embætti sýslumanns berst óvæntur liðsauki frá Englandi og ekki seinna vænna, því nú dregur að leikslokum.
240 bls.
**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Síðustu dagar Skálholts
**Bjarni Harðarson**
Sagnabálkur sem spannar aldarlanga sögu Skálholtssveita og endalok biskupsstóls í Skálholti. Sagan er skoðuð frá sjónarhóli hinna fátæku og við sögu koma kjaftforar kvensniptir, samkynhneigður prestur, nykurinn á Vörðufelli og Stefánungar ofan af Skaga. Kom upphaflega út í þremur bókum sem allar hlutu afbragðsdóma.
572 bls.
**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL


GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa EÚT Endurútgáfa




## Skaði

**Sólveig Pálsdóttir**

Rannsóknarlögreglumaðurinn Guðgeir og teymi hans er kallað að tjaldsvæðinu í Herjólfsdal eftir að ljóst er að þar hafa átt sér stað voveiflegir atburðir. Skemmtiferð vinahjóna virðist hafa farið á annan veg en til stóð og ljóst er að margt býr undir yfirborði og ásjónu fólks. Rannsókn lögreglunnar teygir anga sína víða, allt frá eldfjallaeyjunni til frumskóga Mið-Ameríku.

272 bls.

**Salka**

IB KIL




## Skáldleg afbrotafræði

**Einar Már Guðmundsson**

Bráðskemmtileg saga sem bregður upp litríkri mynd af samfélagi og tíðaranda í byrjun 19. aldar. Þá voru tímarnir að breytast og ný viðhorf að mótast í veröldinni, jafnvel í Tangavík, örsmáu þorpi á hjara veraldar. Kúgun og frelsi, glæpur og refsing, stórbrotnar persónur þessa heims og annars, allt þetta og fleira til fellir Einar Már saman í magnaðan vef af alkunnri list.

232 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF HLB




## Skollaleikur

*Saga um glæp*

**Ármann Jakobsson**

Á gistiheimili í miðbæ Reykjavíkur finnst erlendur karlmaður látinn. Engin persónuleg gögn eru í hótelherberginu. Hið eina sem finnst er miði sem á stendur heimilisfang: Freydísargata 14.

„Haganlega spunnin og húmorinn hittir stundum vel í mark." Mbl.

304 bls.

**Bjartur**

KIL RAF




## Slétt og brugðið

**Árelía Eydís Guðmundsdóttir**

Sex konur hafa í fjöldamörg ár hist í saumaklúbbi. Dag einn ákveða þær hins vegar að gera eitthvað allt annað en vanalega þegar þær koma saman. Þetta hrindir af stað óvæntri atburðarás sem á eftir að hafa mikil áhrif á líf þeirra.

282 bls.

**Veröld**

KIL RAF




## Snerting

**Ólafur Jóhann Ólafsson**

Kristófer leggur af stað í ferð yfir þveran hnöttinn á tímum veirunnar til að hitta konu sem han kynntist 50 árum fyrr en hvarf skyndilega úr lífi hans. Og um leið heldur hann á vit minninga um ástir, leynd og eftirsjá eftir því sem hefði getað orðið. Bókin var söluhæsta bók ársins 2020.

279 bls.

**Veröld**

KIL RAF




## Stol

**Björn Halldórsson**

Ráðvilltur ungur maður kemur heim til Íslands til að annast dauðvona föður sinn. Heilaæxli hefur rænt hann mörgu sem áður var sjálfgefið og þegar feðgarnir halda saman í bílferð út úr bænum hafa hlutverk þeirra snúist við. *Stol* er áhrifamikil saga, skrifuð af einstakri hlýju og léttleika, um samskipti feðga sem þurfa að takast á við glataðar aðstæður – og kveðjast.

195 bls. / 🔊 4:57 klst.

**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF HLB




## Stóra bókin um sjálfsvorkunn

**Ingólfur Eiríksson**

Eftir sambandsslit hrökklast Hallgrímur heim úr leiklistarnámi í erlendri stórborg til að fara á geðdeild. Heimurinn hefur snúist á hvolf og gömul fjölskylduleyndarmál elta hann hvert fótmál. Áhrifamikil saga um ungan mann sem bisar við að koma lífi sínu á réttan kjöl. Fyrsta skáldsaga Ingólfs Eiríkssonar sem þegar hefur hlotið frábærar viðtökur gagnrýnenda.

284 bls. / 🔊 4:43 klst.

**Forlagið - Mál og menning**

SVK RAF HLB




## Stórfiskur

**Friðgeir Einarsson**

Íslenskur hönnuður búsettur erlendis fær það verkefni að hanna merki sjávarútvegsfyrirtækis. Hann slær tvær flugur í einu höggi, snýr heim til að kynna sér starfsemina og leita sér lækninga við dularfullu meini sem lagst hefur á hendur hans. Hvort tveggja tekur mun lengri tíma en til stóð. Stórfiskur fjallar um stóra fiska og minni, í sjó og á þurru landi.

256 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

IB




## Stúlkan með rauða hárið

**Róbert Marvin**

**Lesari: María Lovísa Guðjónsdóttir**

Rannsóknarlögreglukonan Anna finnur lík í einu af síkjum Gautaborgar. Íslensk stúlka fer sem au pair til Svíþjóðar, en hverfur sporlaust stuttu eftir að hún lendir á flugvellinum í Gautaborg. Anna er þess fullviss um að málin tengist og og vinnur í kappi við tímann í þeirri von að hún leysi málið áður en morðinginn lætur aftur til skarar skríða.

🔊 7:28 klst.

**Storytel**

RAF HLB




## Svefngarðurinn

**Aðalsteinn Emil Aðalsteinsson**

Sögurnar í Svefngarðinum eru ólíkar en tengjast þó ýmsum þráðum. Saman mynda þær ferðalag gegnum tímann – allt frá upphafi síðustu aldar til fjarlægrar framtíðar. Afskræmdir minningarheimar og svikul undirmeðvitundin gera skilin milli draums og veruleika æði óskýr. Fyrsta bók þessa unga og áhugaverða höfundar, 500 dagar af regni, kom út í fyrra og vakti verðskuldaða athygli. Hér eru efnistökin ólík en ekki síður heillandi.

180 bls.

**Dimma**

IB




## Sykur

**Katrín Júlíusdóttir**

Þegar virtur embættismaður finnst myrtur stendur lögreglan ráðþrota. Það er ekki fyrr en hin unga lögreglukona Sigurdís finnur falið öryggishólf í íbúð hans að rannsókn málsins tekur óvænta stefnu. Sigurdís þarf einnig að takast á við erfiðleika sem eiga sér rætur í brotinni æsku hennar.
246 bls.
**Veröld**

KIL RAF

---




## Tjáning

**Gunnar Kvaran**

Sellóleikarinn Gunnar Kvaran er löngu landsþekktur fyrir störf sín á vettvangi tónlistarinnar. Gunnar er prófessor emeritus við tónlistardeild Listaháskóla Íslands. Hann hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir störf sín í tónlist og að mannúðarmálum. Tjáning er fyrsta bók Gunnars og geymir hugleiðingar um tónlist, trú og tilveruna auk nokkurra ljóða.
128 bls.
**Skrudda**

IB

---




## Systu megin

**Steinunn Sigurðardóttir**

Hárbeitt og meinfyndin skáldsaga um utangarðsfólk sem fær hér bæði rödd og ásýnd. Systa býr ein í kjallarakompu og dregur fram lífið með dósasöfnun, en þegar henni býðst aukið öryggi í skiptum fyrir frelsi er úr vöndu að ráða. Ærslafullur stíll Steinunnar Sigurðardóttur gefur verkum hennar einstakan blæ og nú bætist Systa í hóp ógleymanlegra persóna sem hún hefur skapað.
181 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF HLB

---




## Umfjöllun

**Þórarinn Eldjárn**

Átta stórskemmtilegar og listilega stílaðar sögur úr fortíð og samtíð frá meistara smásögunnar. Þórarinn Eldjárn er fundvís á forvitnileg sjónarhorn og fjallar hér af glöggskyggni um fólk og furður fyrr og nú – og ljóstrar upp um ýmislegt sem legið hefur í þagnargildi. Sögupersónurnar eru eftirminnilegar, viðfangsefnin fjölbreytt og húmorinn aldrei langt undan.
160 bls.
**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB RAF

---




## Sögur úr Síðunni

**Böðvar Guðmundsson**

*Sögur úr Síðunni* opna lesendum glugga inn í horfinn heim sem er býsna framandi þótt hann sé ekki ýkja fjarlægur í tíma, heim íslensks sveitalífs um það bil sem „allt landið er að búa sig undir að flytja til Reykjavíkur án þess að gera sér grein fyrir því.“ Leiftrandi kímni og eftirminnilegar persónur einkenna sögurnar.
256 bls.
**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL

---




## Út að drepa túrista

**Þórarinn Leifsson**

Leiðsögumaðurinn Kalman lendir í martraðarkenndum Suðurstrandartúr með rútu fulla af ferðamönnum, þar sem veðrið er viðbjóður, farþegarnir finnast myrtir einn af öðrum og sá sem lögreglan sendir til að leysa málið er í hæsta máta vafasamur. Egghvöss og ísmeygilega fyndin glæpasaga mitt úr brjálæði massatúrismans.
288 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF HLB

---




## Tengdadóttirin

*Sæla sveitarinnar*

**Guðrún frá Lundi**

Þegar Hjálmar Þorgeirsson kemur heim frá Noregi og ætlar að sækja unnustu sína og son í greipar Sigurfljóðar, fyrrverandi heitkonu sinnar, grípur hann í tómt. *Sæla sveitarinnar* er lokabindið í *Tengdadótturinni* sem segir frá ástum og örlögum jafnt sem daglegu lífi til sveita í byrjun 20. aldar.
359 bls. / 🔊 12:13 klst.
**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF HLB

---




## Úti

**Ragnar Jónasson**

Óveðursnótt í nóvember. Fjórir vinir leita skjóls í litlum veiðikofa uppi á heiði. Margt er þó hættulegra en stórhríð um vetur. Og ekki munu allir komast lífs af.

Hér sýnir Ragnar á sér nýja hlið í sannkölluðum sálfræðitrylli sem heldur lesandanum á tánum allt til enda.
263 bls.
**Veröld**

IB RAF

---




## Tilfinningar eru fyrir aumingja

**Kamilla Einarsdóttir**

Til að bregðast við yfirvofandi miðaldrakrísu fær Halla vini sína til að stofna með sér metalband. Það þarf að redda mörgu en erfiðastur er alvarlegur skortur á tónlistarhæfileikum. Samhliða þessu geisa stormar í einkalífi Höllu sem valda stöðugu tilfinningatjóni.
141 bls.
**Veröld**

IB RAF





Vertu ekki bóklaus á jólanótt

bóksala stúdenta
www.boksala.is


 GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa EÚT Endurútgáfa




IB

## Vendipunktar

**Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson**

Hvar í lífinu leynast vendipunktarnir sem geta sett okkur út af sporinu og markað nýtt upphaf eða óvænt endalok? Í sjö áhrifaríkum smásögum opnar höfundur lesendum dyr að tímabundnum viðkomustöðum margra ólíkra persóna. Reykjavík nútímans, gamalt hótel í New York, afskekkt sjávarpláss á Íslandi, eldhús fáránleikans á grískri eyju og bókastofa eftirlaunamanns eru þar á meðal. Óreiðukenndir draumar, ástarsambönd og vináttutengsl ráða för og skapa um leið ýmiskonar vandamál.

157 bls.

**Dimma**




KIL RAF

## Vetrarmein

**Ragnar Jónasson**

Aðfaranótt skírdags finnst lík af ungri konu á gangstétt fyrir framan þriggja hæða hús á Siglufirði. Skömmu síðar skrifar íbúi á hjúkrunarheimili í bænum með æpandi rauðum lit á vegginn í herberginu sínu: Hún var drepin. Ari Þór Arason þarf að glíma við undarlegt og óhugnanlegt mál.

235 bls.

**Veröld**




SVK

## Vinir ævilangt

*ævi og vinátta Sæmundar fróða og Jóns helga*

**Þór Jakobsson**

Bókin er fræðslu- og tilgátusaga um bernsku, nám og vináttu Sæmundar fróða í Odda á Rangárvöllum og Jóns helga Ögmundssonar frá Breiðabólstað í Fljótshlíð, tveggja af merkustu mönnum Íslandssögunnar.

Í frásögunni er stuðst við það sem vitað er um sögupersónurnar samkvæmt heimildum og umfjöllun fræðimanna en síðan fyllt upp í og bætt við með skynsamlegum ágiskunum.

52 bls.

**Þór Jakobsson**




KIL RAF HLB

## Yfir hálfan hnöttinn

**Ása Marin**

Júlía situr í flugvél á leið til Víetnam og vonar að þar verði tekið á móti henni með bónorði. Eða var Ari nokkuð að segja henni upp með miðanum sem hann skildi eftir á eldhúsbekknum, rétt fyrir tíu ára sambandsafmælið? Hér fer saman spennandi og tilfinningarík saga úr umhverfi þar sem fólkið er áhugavert, landið fagurt og maturinn gómsætur.

320 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**




IB

## Þegar fennir í sporin

**Steindór Ívarsson**

þegar Róbert fær beiðni um að snúa aftur til Íslands frá Þýskalandi eftir fjörutíu og fjögur ár til að jarðsyngja æskuvinkonu sína Örnu neyðist hann til að horfast í augu við fortíðina og leyndarmálin sem ekki hafa þolað dagsins ljós. Uppgjör þeirra mála verður smátt og smátt óumflýjanlegt.

Er rétt að rekja spor sín aftur þegar fennt hefur í þau?

240 bls.

**Ástríkur bókaforlag**




SVK

## Þegar nóttin sýnir klærnar

**Ólafur Unnsteinsson**

Árið er 2013 og Álafosskvosin er vinsæll áfangastaður ferðamanna sem langar að sjá listaverk svefngengilsins, konu sem gengur í svefni og málar draumsýnir þær sem á vegi hennar verða. Þegar hún málar mynd af manni sem hvarf sporlaust ellefu árum fyrr tekur dóttir hans til sinna ráða og fær vini sína til að elta konuna inn í dimma skóga að næturlagi.

260 bls.

**Hringaná ehf.**




IB RAF HLB

## Þung ský

**Einar Kárason**

Kynngimögnuð saga um hrikalegt slys við ysta haf og örlagaríkan björgunarleiðangur. Drengur á afskekktum bæ sér hvar stór farþegaflugvél birtist út úr skýjaþykkni og flýgur hjá. Síðar sama dag fréttist að vélin sé týnd og fólk úr sveitinni heldur til leitar. Knöpp og sterk frásögn Einars er lauslega byggð á sönnum atburði, í sama anda og *Stormfuglar* sem sló rækilega í gegn.

120 bls. / 🔊 2:29 klst.

**Forlagið - Mál og menning**




IB RAF

## Þú sérð mig ekki

**Eva Ægisdóttir**

Snæbergsfjölskyldan er efnamikil og voldug í samfélaginu. Þegar stórfjölskyldan sameinast í tilefni af afmæli ættföðurins á nýju hóteli á Snæfellsnesi koma brestir í ljós og leyndarmál fortíðarinnar leita upp á yfirborðið með skelfilegum afleiðingum.

376 bls.

**Veröld**




KIL

## Þægindarammagerðin

*Sögur*

**ýmsir**

Er þægindaramminn úr sér genginn? Veldur hann ómældum óþægindum? Við bjóðum smásögur eftir sextán upprennandi rithöfunda sem gætu endurnýjað rammann. Hér birtast ógreinileg spor, afskekktur viti, fiðrildi, bréfaskriftir, garðyrkja, draumkennd sambönd, barn með brjóst og annað með rófu, skrifstofuangist og langar göngur. Sendu okkur mál og við sníðum þægindaramma eftir þörfum.

204 bls.

**Una útgáfuhús**




SVK HLB

Hljóðbók frá Storytel

## Ættarmótið

**Guðrún Guðlaugsdóttir**

Hræðileg sjón blasir við salargestum á ættarmóti tengdafólks Ölmu blaðamanns. Ósamkomulag ríkir um sölu ættaróðalsins. Er jörðin þess virði að fólk sé tilbúið til að myrða? Skelfing dauðans tekur sinn toll og spennan magnast. Alma reynir að komast til botns í málinu. Sönnunarbyrðin er þung. Kvennaathvarfið kemur við sögu og ástamálin eru flókin. Lögregla er kölluð til og rannsókn hefst.

222 bls. / 🔊 5:33 klst.

**GPA**

# Skáldverk

## ÞÝDD




### 10 mínútur og 38 sekúndur í þessari undarlegu veröld

**Eilif Shafak**
**Þýð.: Nanna Þórsdóttir**
Látin vændiskona liggur í ruslatunnu í skuggasundi og rifjar upp ævi sína: Uppvaxtarárin á íhaldssömu heimili, miskunnarlaust lífið á hóruhúsum Istanbul og dýrmæta vináttuna við annað utangarðsfólk – vináttu sem reynist ná langt út yfir gröf og dauða. Höfundurinn hlaut nýlega Bókmenntaverðlaun Halldórs Laxness.
366 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF




### 1794

**Niklas Natt och Dag**
**Þýð.: Hilmar Hilmarsson**
Vaktarinn einhenti, Mikael Cardell, fær óvænta heimsókn þegar fátæk kona leitar til hans með undarlegt erindi. Hún er sannfærð um að dóttir hennar hafi verið myrt á brúðkaupsnóttina en kemur alls staðar að lokuðum dyrum. *1794* er önnur bókin í þríleik en fyrsta bókin, *1793*, sló í gegn þegar hún kom út.
502 bls.
**Forlagið - JPV útgáfa**

KIL RAF




### Að borða Búdda

**Barbara Demick**
**Þýð.: Uggi Jónsson**
Þegar Rauði her Maos Zedong flúði inn á hásléttu Tíbets voru hermennirnir svo hungraðir að þeir rændu klaustrin og borðuðu trúarlegar styttur úr byggmjöli og smjöri – og álitu að þeir væru að leggja sér sjálfan Búdda til munns. Demick varpar ljósi á menninguna sem hefur verið rómantíseruð af Vesturlandabúum og hvað það þýðir að vera Tíbetbúi í nútímanum, reyna að varðveita menningu sína, trú og tungumál fyrir óstöðvandi ofurvaldi, gripdeildum þess og viðvarandi kúgun.
400 bls.
**Angústúra**

KIL




### Aðeins eitt leyndarmál

**Simona Ahrnstedt**
**Þýð.: Elín Guðmundsdóttir**
Isobel Sørensen er umhyggjusamur læknir. Hjálparsamtökin sem hún á aðild að glíma við alvarlegan fjárhagsvanda. Hinn stórauðugi Alexander de la Grip, sem Isobel hafði einu sinni sagt að fara til fjandans, er hættur að styrkja samtökin.

Önnur skáldsaga Simonu Ahrnstedt í syrpu ástarsagna úr nútímanum — um sterkar konur, æsilegt ráðabrugg og ástarævintýri.
458 bls. / 🔊 16:58 klst.
**Ugla**

KIL RAF HLB




### Ameríka

**Franz Kafka**
**Þýð.: Ástráður Eysteinsson og Eysteinn Þorvaldsson**
*Ameríka* er ein þeirra sagna sem Franz Kafka skildi eftir sig ófullgerðar þegar hann lést 1924. Hér segir frá Karli Rossmann, evrópskum unglingi sem kemur til New York og er staðráðinn í að standa sig en lendir í lygilegum ævintýrum og slæmum félagsskap. Íslensk þýðing sögunnar kom fyrst út 1998 en hefur nú verið endurskoðuð og skrifaður nýr og fróðlegur eftirmáli.
368 bls.
**Forlagið**

KIL EÚT RAF




### Arktúrus

**David Lindsay**
**Þýð.: Elmar Sæmundsson**
Í slagtogi með tvíeykinu Krag og Náttfara lendir Grímur á plánetunni Raun sem hringsólar í kringum tvístirnið Arktúrus. Fljótlega kemur í ljós að ferðin býr yfir kynngimögnuðum tilgangi sem endar á ógleymanlegri opinberun. *Arktúrus* er brautryðjendaverk sem snertir á dýpstu rökum tilverunnar og telst ein merkasta neðanjarðarskáldsaga tuttugustu aldarinnar.
**Rót útgáfa**

RAF




### Augu Rigels

**Roy Jacobsen**
**Þýð.: Jón St. Kristjánsson**
Áhrifamikil saga um sterka konu, framhald bókanna *Hin ósýnilegu* og *Hvítt haf*. Lífið er fallið í fastar skorður eftir stríðið en Ingrid á einhverju ólokið og hún leggur af stað í langferð með tíu mánaða dóttur sína á bakinu í leit að ástmanni sínum. Hún rekur slóð hans en hefur stöðugt á tilfinningunni að hún fái ekki að heyra allan sannleikann.
247 bls. / 🔊 6:15 klst.
**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF HLB




### Áramótaveislan

**Lucy Foley**
**Þýð.: Herdís M. Hübner**
Afar spennandi og grípandi morðgáta. Lucy Foley er einn athyglisverðasti sakamálahöfundur Breta. Áramótaveislan er fyrsta sakamálabók hennar. Gamlir vinir koma saman til að fagna áramótum í afskekktum veiðiskála í óbyggðum Skotlands. Slungin frásögn, þrungin raunverulegri ógn.
386 bls.
**Bókafélagið**

IB




### Ást

**Alejandro Palomas**
**Þýð.: Sigrún Á. Eiríksdóttir**
„24 tímar, brúðkaup, fjölskylda, allt er í stakasta lagi. Símtal og allt fer úrskeiðis. Lífið byrjar."

Ást er tilfinningaþrungin og gáskafull saga sem fangar hug lesenda sinna.
416 bls.
**Drápa**

SVK


GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa EÚT Endurútgáfa




## Bakaríið Vest
**Solja Krapu-Kallio**
**Þýð.: Ólöf Pétursdóttir**
**Lesari: Þórunn Erna Clausen**
Sigríður lifir ljúfu lífi í borginni, stundar stefnumót með misspennandi mönnum og sækir heilsulindir með vinkonu sinni. Jólaplön Sigríðar fara út um þúfur þegar bróðir hennar lendir í bílslysi og hún þarf að halda til gamla heimabæjarins og taka við rekstri Bakarísins Vest sem reynist vera í járnum. Sigríður þarf að taka á öllu sínu til að halda bakaríinu gangandi.
🔊 12:00 klst.
**Storytel**

RAF HLB




## Barnalestin
**Viola Ardone**
**Þýð.: Halla Kjartansdóttir**
Amerigo er sjö ára og býr í sárri fátækt með móður sinni í Napólí. Heimsstyrjöldinni er nýlokið og allt er í rúst. Fjölmörg börn úr borginni eru send til vetrardvalar norður í landi, þar sem ástandið er skárra. Sum snúa aldrei aftur. Ljúfsár og heillandi saga byggð á sönnum atburðum, um harða lífsbaráttu, fjölskyldubönd og neyðina sem markar fólki bás og örlög.
247 bls. / 🔊 7:01 klst.
**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF HLB




## Blindgöng
**Tove Alsterdal**
**Þýð.: Pétur Már Ólafsson**
Sonja og Daniel ákveða að stokka upp líf sitt og festa kaup á vínbúgarði í Tékklandi – í héraði sem eitt sinn var kallað Súdetaland. Þau finna göng undir honum – og í þeim gamalt lík af ungum dreng. Þar með er rifið ofan af gömlu sári sem á rætur að rekja til Þýskalands nasismans.
270 bls.
**Bjartur**

KIL




## Bréfið
**Kathryn Hughes**
**Þýð.: Ingunn Snædal**
Tina Craig þráir að losna frá ofbeldisfullum eiginmanni sínum. Hún vinnur myrkranna á milli til að safna fé svo að hún geti farið frá honum og er auk þess í sjálfboðavinnu í nytjaverslun. Hún finnur gamalt bréf í notuðum jakkafötum í búðinni. Tina opnar bréfið - og allt breytist.
340 bls.
**Drápa**

SVK




## Brúðarkjóllinn
**Pierre Lemaitre**
**Þýð.: Friðrik Rafnsson**
Barnfóstran Sophie er þjökuð af skelfilegum minningaleiftrum úr fortíðinni og öllu sem henni tekst ekki að muna og hún vill ekki muna. Þegar litli drengurinn sem hún gætir er myrtur og sönnunargögnin benda á hana fer hún í felur, lifir á jaðri samfélagsins. Lögreglan finnur hana ekki – en einhver veit hvar hún er og fylgist með hverju skrefi hennar.
311 bls.
**Forlagið - JPV útgáfa**

KIL RAF




## Casar Birotteau
**Honoré de Balzac**
**Þýð.: Sigurjón Björnsson**
*Cesar Birotteau* er ein af stóru skáldsögum Balzacs og hefur alla tíð notið mikillar hylli. Cesar kemur bláfátækur unglingur til Parísar og fær vinnu í ilmvöruverslun. Með dugnaði og hollustu vinnur hann sig í áliti og verður loks eigandi verslunarinnar.
En Cesar er nú kominn í hringiðu hinnar gjörspilltu borgarastéttar og glæsiferill hans endar með gjaldþroti ...
307 bls.
**Skrudda**

IB




## Dauðahliðið
**Lee Child**
**Þýð.: Jón Hallur Stefánsson**
Þegar harðnaglinn Reacher sér hring í glugga veðlánarabúðar í Wisconsin ákveður hann að leita uppi konuna sem átti hann og komast að því af hverju hún lét hann af hendi. Þar með hefst örlagarík ferð sem leiðir hann um rykuga vegi Miðvesturríkjanna og niðurnídd þorp á heimsenda þar sem allir eiga leyndarmál og spurningum er illa tekið.
412 bls. / 🔊 12:27 klst.
**Forlagið - JPV útgáfa**

KIL RAF HLB




## Dulmál Katharinu
**Jørn Lier Horst**
**Þýð.: Ingunn Snædal**
Katharina Haugen hvarf fyrir 24 árum. Hið eina sem hún skildi eftir sig var eiginmaðurinn Martin og undarleg talnaruna á blaðsnifsi
Nú er önnur kona horfin. Og líka eiginmaður Katharinu. William Wisting verður að finna Martin, en er hann að reyna að bjarga kærum vini eða kaldrifjuðum morðingja?
399 bls.
**Bjartur**

KIL




## Dvergurinn frá Normandí
**Lars-Henrik Olsen**
**Þýð.: Steinunn Jóna Sveinsdóttir**
Fjórar ungar stúlkur sitja við útsaum undir leiðsögn fanga og dvergs. Sagan gerist í klaustri á Englandi og fléttar saman sögur af saumastúlkunum fjórum og frásögn af sannsögulegum atburðum sem enduðu í mannskæðri orrustu við Hastings. Sannir örlagaatburðir eru listilega ofnir inn í lifandi frásögn um vaknandi meðvitund unglinganna um ástina og illsku mannanna
400 bls. / 🔊 13:00 klst.
**Björt bókaútgáfa - Bókabeitan**

IB RAF HLB




## Dýrabær
**George Orwell**
**Þýð.: Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi**
*Dýrabær* eftir George Orwell má teljast ein af máttugustu skáldsögum 20. aldar. Þykir hún eitt besta dæmi bókmenntasögunnar um ádeilu sem heppnast, að vera á yfirborðinu auðskilið ævintýri sem allir geta lesið sér til ánægju, en felur jafnframt í sér hvassa gagnrýni með tilvísun í stjórnmál samtíma síns og stóratburði í mannkynssögunni. Þorsteinn Gylfason ritar formála.
145 bls.
**Hið íslenska bókmenntafélag**

IB EÚT




## Ef við værum á venjulegum stað

**Juan Pablo Villalobos**
**Þýð.: Jón Hallur Stefánsson**

Í borginni Lagos de Moreno í Mexíkó eru fleiri kýr en manneskjur og fleiri prestar en kýr. Íbúarnir gera uppreisn gegn stjórnvöldum vegna kosningasvindls sem verður upphafið að kostulegu ferðalagi sögumanns um ólíkar deildir hins mexíkanska þjóðlífs. Skálkasaga um spillta pólitíkusa, stórar fjölskyldur og hvað það þýðir að tilheyra millistétt í Mexíkó. Áður hefur komið út á íslensku eftir Villalobos *Veisla í greninu*.
182 bls.
**Angústúra**

KIL




## Eftirlifendurnir

**Alex Schulman**
**Þýð.: Ísak Harðarson**

Þrír bræður heimsækja yfirgefið kot á afskekktum stað, þar sem þeir dvöldu í barnæsku, til að uppfylla hinstu ósk móður sinnar. Um leið þurfa þeir að horfast í augu við undarlegan uppvöxt og rifja upp sársaukafullan atburð sem hefur haft mikil áhrif á líf þeirra.
224 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF




## Eldhugar

*Konurnar sem gerðu aðeins það sem þær vildu*
**Pénélope Bagieu**
**Þýð.: Sverrir Norland**

Þrjátíu meistaralega sagðar myndasögur um stórkostlegar konur. Sú elsta var uppi á fjórðu öld fyrir Krist, nokkrar eru enn á lífi. *Eldhugar* er fyndin, hröð og grípandi verðlaunabók sem lætur engan lesanda ósnortinn og höfðar jafnt til snjallra krakka sem og fullorðinna. Vinsælir teiknimyndaþættir, sem byggjast á bókinni, hafa verið í sýningu á RÚV.
312 bls.
**AM forlag**

SVK




## Engir hnífar í eldhúsum þessarar borgar

**Khaled Khalifa**
**Þýð.: Elísa Björg Þorsteinsdóttir**

Mögnuð fjölskyldusaga sem gerist á árunum 1963–2005 í Aleppo, Sýrlandi. Borgin, áður vagga menningar og ríkidæmis, er bókstaflega að hrynja og endurspeglar andlegt hrun fjölskyldunnar, vina, fjandmanna og elskenda í grimmilegu einræðinu. Eftir þekktasta samtímahöfund Sýrlands, Khaled Khalifa, sem búsettur er í Damaskus. Áður hefur komið út á íslensku eftir Khalifa *Dauðinn er barningur*.
336 bls.
**Angústúra**

KIL




## Erfinginn

**Camilla Sten**
**Þýð.: Elín Guðmundsdóttir**

Amma Eleanor er myrt með hrottafengnum hætti. Í kjölfarið fær hún að vita að amma hennar hefur arfleitt hana að afskekktu sveitasetri. Þegar hún skoðar setrið koma upp á yfirborðið gömul leyndarmál og ýmsar spurningar vakna. Eleanor reynir að ráða í gáturnar en einhver er staðráðinn í að koma í veg fyrir að hún fái spurningum sínum svarað.
399 bls. / 🔈 10:20 klst.
**Ugla**

KIL RAF HLB




## Ég verð hér

**Marco Balzano**
**Þýð.: Halla Kjartansdóttir**

Trina þarf að fást við fastista sem banna henni að kenna á þýsku, stíflu sem hugsanlega drekkir þorpinu hennar og heimstyröld sem tekur son hennar og mann frá henni. Þegar dóttir hennar hverfur gefur hún aldrei upp von um að finna hana aftur. Margverðlaunuð bók sem hefur farið sigurför um heiminn.
208 bls.
**Drápa**

SVK




## Faðir Brown

**G. K. Chesterton**
**Þýð.: Guðmundur J. Guðmundsson**

Sposkur á svip sinnir faðir Brown sóknarbörnum sínum af samúð og virðingu. En undir hæglátu yfirbragði prestsins býr næmur skilningur á mannlegu eðli, ekki síst hinum myrku hliðum þess. Með skörpu innsæi sínu og hljóðlátum vitsmunum leysir faðir Brown flókin sakamál.

Úrval smásagna um einn ástsælasti einkaspæjari enskra glæpasagnabókmennta.
262 bls. / 🔈 6:46 klst.
**Ugla**

KIL RAF HLB




## Ferðalag Cilku

**Heather Morris**
**Þýð.: Ólöf Pétursdóttir**

Örlagasaga stúlku frá Slóvakíu sem er kornung send í útrýmingarbúðirnar í Auschwitz. Þar fær yfirmaður augastað á henni sem verður til þess að hún lifir af. En í stríðslok er hún sökuð um samstarf við kúgarana og send í næstu fangabúðir, engu skárri, gúlagið í Síberíu. Átakanleg frásögn byggð á sönnum atburðum, eftir sama höfund og *Húðflúrarinn í Auschwitz*.
397 bls.
**Forlagið - JPV útgáfa**

KIL RAF HLB




## Ferðataskan

**Sergei Dovlatov**
**Þýð.: Áslaug Agnarsdóttir**

Rússneski rithöfundurinn Sergej Dovlatov sendi frá sér á annan tug bók, flestar eftir að hann fluttist frá heimalandinu og settist að í Bandaríkjunum. Ferðataskan er eitt af þekktustu verkum hans og kom fyrst út árið 1986. Í átta lauslega tengdum köflum gerir höfundur sér mat úr innihaldi töskunnar sem hann hafði meðferðis í sjálfskipaða útlegð til New York. Einstakur stíll Dovlatovs er hlýr, kankvís og gráglettinn, enda af mörgum talinn einn fremsti háðsádeiluhöfundur sinnar samtíðar.
166 bls.
**Dimma**

SVK




## Fimmtudagsmorðklúbburinn

**Richard Osman**
**Þýð.: Ingunn Snædal**

Þegar hrottalegt morð á sér stað á þröskuldinum hjá áhguafólki um morðmál er Fimmtudagsmorðklúbburinn allt í einu kominn með glóðvolgt mál að leysa. Þótt Elizabeth, Joyce, Ibrahim og Ron séu að nálgast áttrætt eru þau ekki dauð úr öllum æðum. Sló öll sölumet í Bretlandi þegar hún kom út!
400 bls.
**Drápa**

SVK


GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa EÚT Endurútgáfa




## Fjölskylda fyrir byrjendur

**Sarah Morgan**
**Þýð.: Birgitta Elín Hassell og Marta Hlín Magnadóttir**
Flora Donovan er í draumastarfinu, einhleyp í New York og hefur aldrei fundist hún tilheyra neins staðar þar til hún kynnist Jack Parker og dætrum hans, Izzy og Molly. Nýja sambandið reynist Floru mikil áskorun því draugar fortíðar gætu eyðilagt allt sem hana hefur dreymt um. Dásamleg saga um ást, vináttu, sorg, fjölskyldulíf og fyrirgefningu.
400 bls. / 🔊 12:30 klst.
**Björt bókaútgáfa - Bókabeitan**

KIL RAF HLB




## Fugladómstóllinn

**Agnes Ravatn**
**Þýð.: Herdís M. Hübner**
Seyðandi og grípandi sálfræðitryllir eftir Agnesi Ravatn, einn áhugaverðasta rithöfund Noregs um þessar mundir. Spennandi og fallega skrifaður sálfræðitryllir sem magnast stig af stigi að átakanlegum hápunkti svo að lesandinn stendur á öndinni. Þessi spennusaga hefur notið mikilla vinsælda í Noregi og leikgerð bókarinnar gekk fyrir fullu húsi í norska þjóðleikhúsinu í tvö ár.
262 bls.
**Almenna bókafélagið**

KIL




## Fríða og dýrið – Franskar sögur og ævintýri fyrri alda

*Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur*
**Þýð.: Ásdís R. Magnúsdóttir**
**Ritstj.: Kristín Guðrún Jónsdóttir**
Hér er að finna úrval franskra texta frá 12. til 18. aldar: stuttar ljóðsögur, fábyljur, dæmisögur, ævintýri og smásögur. Þar eru verk eftir óþekkta höfunda en einnig Marie de France, Jean Bodel, Marguerite de Navarre, Bonaventure des Périers, Charles Sorel, Mme de Lafayette, Mme d'Aulnoy, Charles Perrault, François Fénelon, Mme Leprince de Beaumont, Voltaire og Mme de Staël.
320 bls.
**Háskólaútgáfan**

SVK




## Fyrsta málið

**Angela Marsons**
**Þýð.: Ingunn Snædal**
Á dimmum og köldum desembermorgni kemur rannsóknarfulltrúinn Kim Stone inn á lögreglustöðina í Halesowen. Hún er að fara að hitta nýja liðið sitt í fyrsta sinn. Fórnarlambið í næsta máli er sömuleiðis að fara að hitta morðingja sinn ...
336 bls.
**Drápa**

KIL




## Frosin sönnunargögn

**Nina von Staffeldt**
**Þýð.: Eiríkur Brynjólfsson og Lára Sigurðardóttir**
Þegar fyrstu ferðamenn sumarsins koma til bæjarins Sisimiut á vesturströnd Grænlands brýst þar út dularfullur faraldur. Sika Haslund er nýkomin aftur til Grænlands eftir langa búsetu í Danmörku. Ásamt blaðamanninum Þormóði Gíslasyni uppgötvar hún ískyggilega forsögu faraldursins ...
Fyrsta bókin í flokki glæpasagna sem gerast á Grænlandi.
272 bls. / 🔊 8:09 klst.
**Ugla**

KIL RAF HLB
Hljóðbók frá Storytel




## Færðu mér stjörnurnar

**Jojo Moyes**
**Þýð.: Herdís M. Hübner**
Árið 1937 flytur hin nýgifta enska Alice til Kentucky þar sem hennar bíður óvæntur og erfiður veruleiki með bandarískum eiginmanni sínum. Ástin dofnar og þegar hinn auðugi og valdamikli tengdafaðir hennar snýst gegn henni og vinkonum hennar er skyndilega frelsi þeirra og líf í hættu.
437 bls.
**Veröld**

KIL RAF




## Frostrós

**Lotte Hammer og Søren Hammer**
**Þýð.: Ingibjörg Eyþórsdóttir**
**Lesari: Hilmir Snær Guðnason**
Níu konur finnast myrtar í Berlín á árunum 1940–41 og fram fer umfangsmikil leit að morðingjanum. Eitt fórnarlambanna sker sig úr: ung kona sem lögreglan kallar Frostrós. Lögreglumaðurinn Jóhann leggur allt undir í leitinni að morðingjanum. Af hverju reynir nasistaflokkurinn að villa um fyrir rannsókn morðins? Og hvað er eitt morð í ríki sem myrðir þúsundir án þess að depla auga?
🔊 18:05 klst.
**Storytel**

RAF HLB




## Gilgameskviða

**Þýð.: Stefán Steinsson**
Þetta ævaforna söguljóð um hetjukonunginn Gilgames er eitt elsta bókmenntaverk sem varðveist hefur. Höfuðstefið er mannlegar tilfinningar; einmanaleiki, vinátta, missir, hefnd, ótti við dauðann og leit að ódauðleikanum. Stefán Steinsson þýddi kviðuna og ritar ítarlegan eftirmála og skýringar.
336 bls.
**Forlagið**

KIL HLB

Auðvelt að panta á boksala.is




Komdu til okkar
á Háskólatorg
eða pantaðu á
www.boksala.is

Æðisleg bókabúð,
geggjað verð

bóksala stúdenta
www.boksala.is




## Glæstar vonir
**Charles Dickens**
**Þýð.: Jón St. Kristjánsson**
*Glæstar vonir* er tímalaust stórvirki og af mörgum talin besta saga Dickens. Pipp langar að komast ofar í þjóðfélagsstigann – ekki síst eftir að hann kynnist hinni fögru en drambsömu Estellu. Einn daginn lítur út fyrir að vonir hans muni rætast – en ekki er allt sem sýnist. Dickens dregur hér upp litríkar og raunsannar persónur og glæðir þær lífi.
480 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF




## Heyrðu mig hvísla
**Mons Kallentoft**
**Þýð.: Jón Þ. Þór**
Tim Blanck er kominn aftur til Palma þar sem sextán ára gömul dóttir hans hvarf fyrir fimm árum. Hann hélt að hann vissi hver örlög hennar hefðu orðið en nýjar upplýsingar setja strik í reikninginn. Gæti hún verið á lífi? Örvæntingarfull leit hans beinir honum inn í óhugnanlegan heim mansals. Hann er reiðubúinn að fórna öllu til að finna dóttur sína.
392 bls. / 🔊 9:35 klst.
**Ugla**

KIL RAF HLB
Hljóðbók frá Storytel




## Grunur
**Ashley Audrain**
**Þýð.: Ragna Sigurðardóttir**
Þegar Blythe eignast dóttur er hún staðráðin í að veita henni alla þá ást sem hún fór sjálf á mis við. En í þreytuþokunni eftir fæðinguna sannfærist hún um að eitthvað sé afbrigðilegt við barnið. Eða er hún ímyndunarveik, geðveik? Mögnuð og taugatrekkjandi saga um martröð hverrar móður: að geta ekki elskað barnið sitt. Og um líðan konu sem enginn trúir.
333 bls.
**Forlagið - JPV útgáfa**

KIL RAF




## Hið stutta bréf og hin langa kveðja
**Peter Handke**
**Þýð.: Árni Óskarsson**
Ungur Austurríkismaður fer til Bandaríkjanna til að jafna sig eftir hjónaskilnað. Fljótlega verður hann þess áskynja að fyrrverandi eiginkona hans veitir honum eftirför. Hann leggur á flótta og hún eltir hann – eða elta þau hvort annað? Býr ást eða hefndarhugur að baki? Það er óljóst eins og svo margt í þessari mögnuðu bók sem er allt í senn ferðasaga, spennusaga og skemmtisaga.
201 bls. / 🔊 5:09 klst.
**Ugla**

KIL RAF HLB




## Haf Tímans
**Stanley G. Weinbaum**
**Þýð.: Elmar Sæmundsson**
Í byrjun 21. aldar leggur fjögurra manna áhöfn Ares af stað í fyrstu mönnuðu geimferðina til Mars. Á rauða hnettinum tekur við þeim óþekktur heimur, fullur af furðum og óvæntum uppgötvunum, ásamt Marsbúanum Tweel sem leiðbeinir ferðalöngunum í gegnum hættur og sögu plánetunnar. *Haf Tímans* er sígild vísindaskáldsaga frá meistaranum Stanley G. Weinbaum.
**Rót útgáfa**

RAF




## Hið undarlega mál Jekylls og Hyde
**Robert Louis Stevenson**
**Þýð.: Árni Óskarsson**
Ofbeldisfullur maður lætur að sér kveða í Lundúnaborg nítjándu aldar. Ekkert er vitað um hann nema nafnið eitt: Hyde. Lögfræðingurinn Utterson reynir að komast að því hver hann er. Honum til furðu reynist Hyde vera kunningi hins virðulega læknis, Henrys Jekyll. Jekyll neitar í fyrstu að fordæma gjörðir Hydes – en brátt neyðist hann til að horfast í augu við staðreyndir ...
121 bls. / 🔊 3:04 klst.
**Ugla**

KIL RAF HLB




## Handfylli moldar
**Evelyn Waugh**
**Þýð.: Hjalti Þorleifsson**
Eftir sjö ára hjónaband hefur hin fagra lafði Brenda fengið nóg af lífinu á gotneska sveitasetrinu sem er stolt og yndi eiginmanns hennar, Tonys. Hún fer að halda við hinn grunnhyggna John Beaver, yfirgefur Tony og hverfur á vit samkvæmislífsins í London.
Óvænt örlög bíða söguhetjanna í þessari óviðjafnanlegu skáldsögu sem er í senn harmræn og kómísk.
327 bls.
**Ugla**

IB RAF




## Hittumst í paradís
**Heine Bakkeid**
**Þýð.: Magnús Þór Hafsteinsson**
Lögregluforinginn Thorkild Aske er ráðinn til starfa hjá glæpasagnahöfundinum Millu Lind. Hún segist vinna að nýrri glæpasögu sem byggist á raunverulegum atburðum þegar tvær stúlkur hurfu með dularfullum hætti af munaðarleysingjahæli. Thorkild verður fljótlega ljóst að ekki er allt sem sýnist, enda var forveri hans í starfinu hjá Millu Lind myrtur ...
400 bls. / 🔊 11:32 klst.
**Ugla**

KIL RAF HLB
Hljóðbók frá Storytel




## Heimskautsbaugur
**Liza Marklund**
**Þýð.: Friðrika Benónýsdóttir**
Fimm unglingsstúlkur í litlum smábæ nyrst í Svíþjóð ákveða að mynda leshring sem þær kalla Heimskautsbaug. Ein þeirra hverfur sporlaust sumarið 1980. Fjörutíu árum síðar finnst lík hennar. Um jólin 2020 hittast konurnar í fyrsta sinn eftir að vinkona þeirra hvarf. Þá kemur í ljós að það var eitthvað í samskiptum þeirra sem leiddi til hvarfsins á sínum tíma. En hvað var það?
334 bls. / 🔊 9:38 klst.
**Ugla**

KIL RAF HLB






## Hundagerðið
**Sofi Oksanen**
**Þýð.: Erla E. Völudóttir**
Úkraínsk kona sem býr við fátækt í Helsinki neyðist til að horfast í augu við sára fortíð sína. Í umrótinu sem fylgdi sjálfstæði heimalandsins eftir fall Sovétríkjanna reyndi hver að bjarga sér og konur seldu það eina sem þær höfðu að selja. Áhrifarík og grípandi saga um spillingu og græðgi, þar sem stungið er á samfélagskýlum í beittri og vel byggðri frásögn.
429 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF




## Í landi annarra
**Leïla Slimani**
**Þýð.: Friðrik Rafnsson**
Myndarlegur liðsforingi frá Marokkó fangar hug frönsku stúlkunnar Mathilde og hún fylgir honum til heimalands hans. Með ástina og hugrekkið að vopni tekst hún á við framandi samfélag í hrjóstrugu landi og mætir erfiðleikum og fordómum úr öllum áttum. Leïla Slimani sló í gegn með *Barnagælu*, sem hlaut hin virtu Goncourt-verðlaun.
327 bls.
**Forlagið - JPV útgáfa**

KIL RAF




## Hún á afmæli í dag
**Anders Roslund**
**Þýð.: Elín Guðmundsdóttir**
Fimm rauð kerti á köku. Zana hlakkaði til og það hvarflaði ekki að henni að í lok dags yrði allt breytt. Það eina sem hún óskaði sér var að syngja: „Hún á afmæli í dag!“

Þegar lögreglumaðurinn Ewert Grens kemur í íbúðina fyllir óþefur vit hans. Hann á aldrei eftir að gleyma því sem blasir við honum.

Tveimur áratugum síðar kemur hann aftur í sömu íbúð ...
511 bls. / 🔊 14:19 klst.
**Ugla**

KIL RAF HLB
Hljóðbók frá Storytel




## Í leyndri gröf
**Viveca Sten**
**Þýð.: Elín Guðmundsdóttir**
Mannabein finnast á lítilli eyju norður af Sandhamn í sænslka skerjagarðinum. Grunsemdir vakna um að þetta séu líkamsleifar tveggja kvenna sem hurfu sporlaust fyrir tíu árum. Thomas Andersson tekur við rannsókn málsins og Nora Linde vill leggja sitt af mörkum. Þá reynir á samband æskuvinanna – og ekki síst þegar farið er að róta í gömlum leyndarmálum ...
453 bls. / 🔊 10:50 klst.
**Ugla**

KIL RAF HLB




## Hýperíon
*eða einfarinn á Grikklandi*
**Friedrich Hölderlin**
**Þýð.: Arthúr Björgvin Bollason**
*Hýperíon* er þroskasaga ungs manns sem gerist á Grikklandi á 18. öld og er lýsing á viðleitni skáldsins til að ná fótfestu í heimi þar sem verðmæti á borð við ást og fegurð eru lítils metin. Sagan er rómantískur óður til náttúrunnar, áskorun um að vernda hennar miklu gersemar. Frásögnin er ljóðræn og tilfinningaþrungin, skrifuð með hjartablóði eins af fremstu ljóðskáldum Þjóðverja fyrr og síðar. Tímalaust og grípandi verk.
350 bls.
**Háskólaútgáfan**

SVK




## Í útlegð
**Joseph Roth**
**Þýð.: Jón Bjarni Atlason**
*Í útlegð* hefur að geyma texta sem mörkuðu upphaf og endi útlegðarára rithöfundarins Josephs Roth í París eftir að nasistar komust til valda í Þýskalandi.

*Helgisaga drykkjumanns* greinir frá nokkrum dögum í lífi sómakærs drykkjumanns en í *Mannsandinn brenndur á báli* gerir Roth upp sakirnar við nasista skömmu eftir að þeir hófu opinberlega að brenna bækur.
126 bls.
**Ugla**

KIL RAF




## Hættuleg sambönd
**Pierre Choderlos de Laclos**
**Þýð.: Friðrik Rafnsson**
Í þessari frægustu bréfaskáldsögu allra tíma segir af Merteuil markgreifynju og Valmont vísigreifa, lífsreyndu og kaldrifjuðu aðalsfólki sem finnst vanta krydd í tilveruna. Þau ákveða að draga fólk á tálar ýmist sér til skemmtunar eða í hefndarskyni og skrifast á um árangurinn. Úr verður magnað manntafl þar sem allar hvatir og tilfinningar mannsins takast á.
672 bls.
**Ugla**

IB RAF




## Jack
**Marilynne Robinson**
**Þýð.: Karl Sigurbjörnsson**
Jack er týndi sonur Johns Ames, prestsins í smábænum Gilead. Ástir takast með honum og kennaranum Dellu Miles sem er líka prestsdóttir. En fagurt samband þeirra er þyrnum stráð. Della er svört á hörund og aðskilnaður kynþáttanna er þá enn ríkjandi víða í Bandaríkjunum. Mögnuð skáldsaga um ást og átök, trú og siðgæði, illsku og hugrekki, vanmátt og von.
389 bls. / 🔊 10:02 klst.
**Ugla**

KIL RAF HLB
Hljóðbók frá Storytel




## Istanbúl, Istanbúl
**Burhan Sönmez**
**Þýð.: Ingunn Snædal**
Undir yfirborði hinnar töfrum slungnu borgar, í klefa fjörutíu, hírast fjórir fangar. Þar skiptast neminn Demirtay, læknirinn, rakarinn Kamo og Küheylan frændi á sögum um borgina fyrir ofan til að drepa tíma og hughreysta hver annan.

Heillandi saga um mátt ímyndunaraflsins andspænis mótlætinu.
255 bls.
**Bjartur**

KIL RAF




## Jól á eyjahótelinu
**Jenny Colgan**
**Þýð.: Helga Soffía Einarsdóttir**
Jólin nálgast og Flora hefur í nógu að snúast þótt hún sé í fæðingarorlofi. Hún hefur áhyggjur af Fintan bróður sínum sem á erfitt með að finna lífsgleðina eftir að hafa misst eiginmann sinn, Colton. Þau systkinin ætla að standsetja hótelið sem Finton erfði eftir Colton og stefna á að opna fyrir jólin en það eina sem Fintan gerir er að ráða til starfa bráðlyndan franskan kokk og fordekraðan norskan dreng með illa uppalinn hund í eftirdragi. Sjálfstætt framhald af Mure-bókunum um Floru MacKenzie og íbúa á eyjunni Mure.
384 bls.
**Angústúra**

SVK




## Jökull

**Camilla Läckberg og Alexander Karim**
**Þýð.: Sigurður Þór Salvarsson**
**Lesari: Halldóra Geirharðsdóttir og Hjörtur Jóhann Jónsson**
Bráðsmitandi sjúkdómur skekur heiminn og hefur stráfellt helming mannkyns. Þegar leiðir Önnu og Eriks liggja saman þrátt fyrir blátt bann við slíku er ekki aftur snúið. Ástin kviknar, og á hóteli í Stokkhólmi, þar sem fólk úr efri stéttum leitar skjóls frá öngþveitinu tala Anna og Erik saman á milli herbergja með talstöð. Getur ástin sigrað í heimi sem er að hruni kominn?
🔊 4:49 klst.
**Storytel**

RAF HLB




## Krókódíllinn

**Katrine Engberg**
**Þýð.: Þórdís Bachmann**
Ung kona er myrt með hrottafengnum hætti Kaupmannahöfn. Lögregluforingjunum Jeppe Kørner og Anette Werner er falin rannsókn málsins. Í fyrstu beinist grunur að leigusala ungu konunnar en hann hefur gert hana að sögupersónu í glæpasögu þar sem hennar bíða svipuð örlög og í veruleikanum. En skuggar fortíðar leiða rannsóknina brátt á rétta braut ...
332 bls. / 🔊 9:07 klst.
**Ugla**

KIL RAF HLB
Hljóðbók frá Storytel




## Kaldaslóð

**Kim Faber og Janni Pedersen**
**Þýð.: Ólafur Arnarson**
Fyrsta bókin í bókaflokki um Juncker, reyndan lögreglumann, sem rannsakar stórbrotið morðmál. Karlmaður er myrtur og eiginkona hans horfin. Fyrrverandi félagi Junckers, Signe Kristiansen, rannsakar mannskæða sprengingu á jólamarkaði í Kaupmannahöfn. Slóðin er köld en svo berst óvænt ábending. Þræðir fléttast saman. Æsispennandi til síðustu blaðsíðu.
501 bls.
**Kver bókaútgáfa**

KIL




## Langt að komnar

*Sögur kvenna frá Mið–Ameríku*
**Þýð.: Halldóra S. Gunnlaugsdóttir, Hólmfríður Garðarsdóttir og Sigríður Elísa Eggertsdóttir**
**Ritstj.: Hólmfríður Garðarsdóttir**
Hér er að finna safn þýðinga á örsögum, smásögum og reynslusögum kvenna frá Mið-Ameríkuríkjunum Gvatemala, Hondúras, El Salvador, Níkaragva, Kostaríku og Panama. Sögurnar veita innsýn í líf og aðstæður kvenna við árþúsundamót og þótt þær séu fjölbreyttar að efni og stíl hverfast þær flestar um samskipti kynjanna, stéttskiptingu og valdatengsl.
260 bls.
**Háskólaútgáfan**

SVK




## Karamazov-bræðurnir

**Fjodor Dostojevskí**
**Þýð.: Ingibjörg Haraldsdóttir**
Eitt frægasta skáldverk allra tíma, stórbrotin saga um afbrýðisemi, hatur og morð en jafnframt um kærleika og bróðurþel. Þegar föðurmorð er framið og réttarhöld hefjast er hverjum steini velt við og tekist á við stærstu spurningar mannlegrar tilveru. Ingibjörg Haraldsdóttir hlaut mikið lof fyrir þýðingu sína á þessu mikla og magnaða verki.
1212 bls.
**Forlagið**

KIL RAF




## Ládeyða

**Ann Cleeves**
**Þýð.: Snjólaug Bragadóttir**
Lögregluforinginn Jimmy Perez á Hjaltlandseyjum hefur lítið sinnt vinnunni eftir andlát unnustu sinnar. En þegar blaðamaður finnst myrtur í bát í höfninni vill hann ólmur taka þátt í rannsókninni. Blaðamaðurinn var frá eyjum en hafði haslað sér völl í Lundúnum. Í ljós kemur að hann var að rannsaka mál tengt olíu- og gasfyrirtækjum í Norðursjó. Var það ástæðan fyrir örlögum hans?
338 bls. / 🔊 11:04 klst.
**Ugla**

KIL RAF HLB




## Kassinn

**Camilla Läckberg og Henrik Fexeus**
**Þýð.: Sigurður Þór Salvarsson**
Ung kona finnst látin í kassa sem sverð hafa verið rekin í gegnum. Lögreglan stendur ráðþrota: Snýst þetta um töfrabragð sem farið hefur úrskeiðis eða hrottalegt morð?

*Kassinn* er hörkuspennandi saga eftir glæpasagnadrottninguna Camillu Läckberg og sjáandann Henrik Fexeus – sú fyrsta í röðinni í væntanlegum þríleik.
592 bls.
**Sögur útgáfa**

KIL




## Leyndarmál

**Sophie Kinsella**
**Þýð.: Maríanna Clara Lúthersdóttir**
Emma er ögn seinheppin en nokkuð sátt við lífið þegar hún lendir í erfiðri flugferð, og meðan flugvélin tekur dýfur og aðrir farþegar leggjast á bæn, missir Emma út úr sér öll sín dýpstu leyndarmál. Eins gott að náunginn við hliðina á henni er ókunnugur og engin hætta á að hitta hann aftur ... eða hvað? Myljandi fyndin saga eftir metsöluhöfundinn Sophie Kinsella.
434 bls.
**Angústúra**

SVK



## Kona á flótta

**Anaïs Barbeau-Lavalette**
**Þýð.: Jóhanna Björk Guðjónsdóttir**
Listakonan Suzanne Meloche fæddist árið 1926 inn í frönskumælandi fjölskyldu í Ottawa í Kanada og ólst þar upp til 18 ára aldurs, í skugga ofríkis kaþólsku kirkjunnar og enskumælandi meirihlutans. Hún var óstýrilát og skapandi og vildi umfram allt ekki hljóta sömu örlög og móðir hennar sem fæddi hvert barnið á fætur öðru eins og ætlast var til af konum í þá daga. Til að forðast það hlutskipti átti Suzanne eftir að fara víða og reyna margt, en fórna um leið hugarró og hamingju fjölskyldunnar.
350 bls.
**Dimma**

SVK




## Leyndarmálið okkar

**Ninni Schulman**
**Þýð.: Sigurður Þór Salvarsson**
Kvöld eitt kemur Anna-Karin Ehn ekki heim úr vinnunni. Daginn eftir finnst bíll hennar yfirgefinn við vegkant rétt fyrir utan bæinn Hagfors. Ummerki benda til glæps. Blaðakonan Magdalena Hansson fer strax á stúfana ásamt lögreglumönnunum Petru Wilander og Christer Berglund. Við rannsókn málsins kemur ýmislegt upp á yfirborðið sem legið hefur í þagnargildi.
406 bls. / 🔊 11:10 klst.
**Ugla**

KIL RAF HLB


GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa EÚT Endurútgáfa




## Leysingar

**Stina Jackson**
**Þýð.: Friðrika Benónýsdóttir**

Vorið lætur á sér standa í Ödesmark. Hnignun þorpsins blasir við í niðurníddum húsum. Í einu þeirra býr Liv ásamt syni sínum og öldruðum föður. Hún er litin hornauga í þessu fámenna samfélagi. Fólk skilur ekki af hverju hún hefur ekki flutt burt – eins og allir hinir. Það er líka pískrað um auðæfi föður Liv og hve auðvelt væri að ræna fjölskylduna ...

356 bls. / 🔊 11:52 klst.

**Ugla**

KIL RAF HLB

Hljóðbók frá Storytel




## Milli steins og sleggju

**Maria Adolfsson**
**Þýð.: Ísak Harðarson**

Heimsfræg poppstjarna er stödd á Doggerlandi við upptökur á nýrri plötu. En rétt áður en upptökunum lýkur hverfur hún sporlaust. Á sama tíma tekur hrottafenginn kynferðisafbrotamaður upp þráðinn í höfuðborginni. Karen Eiken Hornby þarf því að kljást við tvö snúin sakamál í einu. Þetta er þriðja bókin í Doggerland-seríunni vinsælu.

393 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

KIL RAF




## Litla bókabúðin við vatnið

**Jenny Colgan**
**Þýð.: Erna Erlingsdóttir**

Þegar Zoe býðst að sjá um bókabílinn fyrir Ninu í hálöndunum og gæta barna fyrir herragarðseigandann og einstæða föðurinn Ramsay Urquart í skiptum fyrir húsnæði, grípur hún tækifærið í von um betra líf fyrir sig og son sinn. Sú ákvörðun á eftir að reynast afdrifarík fyrir fleiri en þau mæðginin. Sjálfstætt framhald *Litlu bókabúðarinnar í hálöndunum.*

505 bls.

**Angústúra**

SVK




## Nickel-strákarnir

**Colson Whitehead**
**Þýð.: Árni Óskarsson**

Elwood Curtis er efnilegur piltur sem verður innblásinn af ræðum dr. Martin Luther King. En í Bandaríkjum sjöunda áratugarins má drengur sem er dökkur á hörund ekki misstíga sig.

„***** Hrífandi saga." EFI, Mbl.

„Bók sem allir bókmenntaunnendur verða að lesa." Kolbrún Bergþórsdóttir, Kiljan

222 bls.

**Bjartur**

KIL RAF




## Líkþvottakonan

**Sara Omar**
**Þýð.: Katrín Fjeldsted**

Magnþrungin saga um sektarkenndina, heiðurinn og skömmina sem þjakar milljónir stúlkna og kvenna um allan heim, dag eftir dag, ár eftir ár.

*Líkþvottakonan* segir sögu Frmeskar, sem er fædd í Kúrdistan árið 1986. Faðir hennar er ósáttur við að hún er stelpa og hótar að koma henni fyrir kattarnef.

Mannréttindafrömuðurinn Sara Omar hefur hlotið fjölda bókmenntaviðurkenninga, m.a. De Gyldne Laurbær í Danmörku og Bjørnson í Noregi.

328 bls.

**Sögur útgáfa**

IB KIL




## Nornaveiðar

**Max Seeck**
**Þýð.: Sigurður Karlsson**

Eiginkona glæpasagnahöfundarins Rogers Koponen finnst myrt og stillt upp í afkáralegri stellingu á heimili þeirra á meðan hann er hinum megin á landinu að kynna nýjustu bókina sína. Lögreglukonan Jessica Niemi stýrir rannsókninni og þegar fleiri uppstillt lík koma í ljós telur hún að raðmorðingi sé að endurskapa atriði úr bókum Koponens. Martröðin er rétt að byrja.

432 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

KIL RAF




## Mávurinn

**Ann Cleeves**
**Þýð.: Þórdís Bachmann**

Lögreglumaður, sem dæmdur var í fangelsi fyrir spillingu, kveðst búa yfir upplýsingum sem gætu leitt til þess að gamalt mannshvarf upplýsist. Hann vísar Veru á staðinn þar sem finna megi lík mannsins. En við uppgröft koma óvænt í ljós tvær beinagrindur. Rannsóknin vindur upp á sig og tengist með óþægilegum hætti nánum vinum Hectors, föður Veru.

388 bls. / 🔊 11:42 klst.

**Ugla**

KIL RAF HLB

Hljóðbók frá Storytel




## Meinsemd

**Kim Faber og Janni Pedersen**
**Þýð.: Ólafur Arnarson**

Sjálfstætt framhald *Köldusslóðar*. Morðrannsókn tengist fortíð Junckers. Charlotte eiginkona hans, blaðamaður, rannsakar hvort hægt hefði verið að afstýra hryðjuverkaárásinni hálfu ári fyrr. Signe, félagi Junckers í Kaupmannahafnarlögreglunni, aðstoðar hana. Tengsl virðast vera milli hryðjuverksins og óhugnanlegs morðs. Bók sem ekki er hægt að leggja frá sér.

456 bls.

**Kver bókaútgáfa**

KIL





Komdu til okkar
á Háskólatorg
eða pantaðu á
www.boksala.is

bóksala stúdenta

Þar sem týpurnar versla er þér óhætt


GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa EÚT Endurútgáfa




## Ofurstynjan

**Rosa Liksom**
**Þýð.: Sigurður Karlsson**

Í Lapplandi situr öldruð kona á eintali við sjálfa sig og lífssaga hennar streymir fram. Hún er fædd á tíma haturs – hún vex upp og verður kona á tíma haturs og hefndar. Faðir hennar hafði gert hana að dóttur hins hvíta Finnlands – eiginmaður hennar, Ofurstinn, gerir hana að nasista.

Finnska þjóðin býr sig undir stríð við Sovét-Rússland, fyrst vetrarstríðið og síðan framhaldsstríðið í félagi við Þýskaland nasista. Hér eru ýfð upp gömul sár svo ódaunn sögunnar verður ekki umflúinn.

191 bls.
**Skrudda**

KIL




## Ríki hinna blindu

**Louise Penny**
**Þýð.: Friðrika Benónýsdóttir**

Gömul kona óskaði eftir því í erfðaskrá sinni að lögregluforinginn Armand Gamache yrði skiptastjóri bús síns. Það kemur Armand spánskt fyrir sjónir, því að hann þekkir hvorki haus né sporð á konunni. Hann heldur því að um eitthvert grín sé að ræða, enda eru ákvæði erfðaskrárinnar býsna skrýtin. En við líkfund fær erfðaskráin skyndilega ískyggilega merkingu ...

506 bls.
**Ugla**

KIL RAF HLB
Hljóðbók frá Storytel




## Samþykki

**Vanessa Springora**
**Þýð.: Arndís Lóa Magnúsdóttir og Guðrún Vilmundardóttir**

Unglingsstúlkan V. lifir og hrærist í heimi bóka og hana dreymir um að verða rithöfundur. Þrettán ára gömul kemst hún í kynni við G., þekktan höfund sem fjallar gjarnan um sambönd sín og samneyti við ólögráða börn. Í bókinni er velt upp spurningum um samþykki; bæði í persónulegum skilningi og því sem samfélagið samþykkir á hverjum tíma.

172 bls.
**Benedikt bókaútgáfa**

KIL




## Síðasti naglinn

**Stefan Ahnhem**
**Þýð.: Elín Guðmundsdóttir**

Kim Sleizner komst til æðstu metorða í dönsku lögreglunni með óheiðarlegum hætti og hefur ítrekað misbeitt valdi sínu. Mánuðum saman hefur lögreglukonan Dunja Hougaard stýrt leynilegri rannsókn á Sleizner og er nú reiðubúin að láta til skarar skríða. En hinum megin Eyrarsundsins fær sænski lögreglumaðurinn Fabian Risk skilaboð sem setja strik í reikninginn ...

464 bls. / 🔊 16:04 klst.
**Ugla**

KIL RAF HLB




## Sjáandinn

**Stephen King**
**Þýð.: Þórdís Bachmann**

Johnny Smith liggur lengi í dái eftir alvarlegt bílslys. Þegar hann vaknar úr dáinu finnur hann að dulrænar gáfur sem hann uppgötvaði í æsku hafa magnast um allan helming. Einstakir hæfileikar hans til að skyggnast fram í tímann reynast honum þó fremur bölvun en blessun.

Eftir langt hlé koma bækur Stephen King, konungs sálfræðitryllanna, nú aftur út á íslensku.

395 bls. / 🔊 12:21 klst.
**Ugla**

KIL RAF HLB
Hljóðbók frá Storytel




## Sjálfsskaði

**Elsebeth Egholm**
**Þýð.: Sigurlín Sveinbjarnardóttir**

Í kæfandi sumarhita kemur til átaka milli lögreglunnar og ungra innflytjenda í Árósum. Í sama mund finnst lík af nakinni konu á bak við gám. Í ljós kemur að konan hafði dáið úr blóðmissi í kjölfar keisaraskurðar. Blaðakonan Dicte sogast inn í rannsókn málsins með lögreglumanninum Wagner. Á sama tíma magnast spennan í átökum lögreglunnar og innflytjenda.

365 bls. / 🔊 11:02 klst.
**Ugla**

KIL RAF HLB
Hljóðbók frá Storytel




## Sjálfsævisaga Alice B. Toklas

**Gertrude Stein**
**Þýð.: Tinna Björk Ómarsdóttir**

Í upphafi 20. aldar flykktust snillingar til Parísar og stóðu fyrir innreið nútímans í listum. Allir söfnuðust þeir saman á vinnustofu Gertrude Stein. Þar sáust listmálarar á borð við Picasso, Matisse og Cézanne, og rithöfundar eins og Hemingway, Fitzgerald og margir fleiri. Í þessari einstöku sjálfsævisögu segir Gertrude Stein frá þessum tíma á óborganlegan hátt.

384 bls.
**Una útgáfuhús**

KIL




## Sjö systur

**Lucinda Riley**
**Þýð.: Valgerður Bjarnadóttir**

Maia og systur hennar hittast á bernskuheimili sínu, ævintýralegum kastala á bökkum Genfarvatns. Faðir þeirra, sem ættleiddi þær sem ungbörn frá ólíkum heimshornum, er látinn en skildi eftir vísbendingar um uppruna þeirra.

Bókin er sú fyrsta í bókaflokki um systurnar sjö. Bækurnar hafa selst í milljónum eintaka um allan heim.

572 bls. / 🔊 18:00 klst.
**Benedikt bókaútgáfa**

KIL HLB




## Skírnarfjall

**Dante Alighieri**
**Þýð.: Einar Thoroddsen**
**Ritstj.: Jón Thoroddsen**

*Skírnarfjall* annar hluti Guðdómlega gleðileiksins eða Kómedíunnar eftir Dante og er áframhald á *Víti* sem kom út í bundnu máli árið 2018. Þýðandinn ákvað að nota orðið Skírnarfjall en ekki Hreinsunareldur eins og viðgengist hefur vegna þess að mestur hluti verksins fer í ferð upp fjall en ekki að vaða eld. Í *Víti* var skáldið að mestu áhorfandi en í þessum hluta þarf það að gera yfirbót sjálft. *Skírnarfjall* er því um hinn eiginlega þroska skáldsins en ekki eingöngu um afdrif fólks sem hann mætir á ferð sinni.

484 bls.
**Guðrún útgáfufélag**

IB




## Skuggaleikur

*Morðin í Leirvík 2*
**Anna Bågstam**
**Þýð.: Halla Sverrisdóttir**
**Lesari: Birgitta Birgisdóttir**

Lísa, besta vinkona rannsóknarfulltrúans Helenu, hverfur við undarlegar aðstæður og allt bendir til þess að henni hafi verið rænt. Helena reynir allt sem hún getur til að hafa upp á vinkonu sinni. Stuttu síðar rekur lík, sem erfiðlega gengur að bera kennsl á, á land í sjávarþorpinu Leirvík. Fljótlega kemur í ljós að ekki er allt með felldu við Eyrarsundið.

🔊 11:20 klst.
**Storytel**

RAF HLB




## Skuggi ástarinnar

**Mehmed Uzun**
**Þýð.: Einar Steinn Valgarðsson**

Aðalsöguhetja þessara sögu er frelsisbaráttumaðurinn Memduh Selîm sem fór fyrir uppreisn Kúrda við Ararat gegn Tyrkjum á árunum 1927–1930. Memduh stendur frammi fyrir sígildri glímu – milli persónulegrar hamingju og hugsjóna, milli ástar til stúlku og ástarinnar til þjóðar sinnar.

Áhrifarík og ljóðræn söguleg skáldsaga um grimm örlög og sterkar ástríður.

294 bls.
**Ugla**

KIL RAF




## Snyrtistofan




**Mario Bellatin**
**Þýð.: Birta Ósmann Þórhallsdóttir**

Þegar faraldur herjar á borgina neyðist sögumaður til þess að breyta snyrtistofunni sinni í Biðstofu dauðans. Hann reynir að sinna sjúklingunum ásamt skrautfiskum stofunnar en allt virðist umbreytingum háð og snýst upp í andhverfu sína.

Höfundur bókarinnar, Mario Bellatin, hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga og verið þýddur á yfir annan tug tungumála en *Snyrtistofan* er hans þekktasta verk. Hann er talinn einn áhugaverðasti samtímahöfundur Rómönsku Ameríku.

96 bls.
**Skriða bókaútgáfa**

SVK




## Sonur minn

**Alejandro Palomas**
**Þýð.: Sigrún Á. Eiríksdóttir**

Á bak brosmilt yfirborðið eynist mjög viðkvæmur heimur, eins og völundarhús sem geymir leyndardóm sem þarf að leysa. Þrautin inniheldur föður í kreppu, fjarverandi móður, forvitinn kennara, besta vininn og sálfræðing sem reynir að púsla saman vísbendingum – um einhvern sem er í stórhættu.

224 bls.
**Drápa**

SVK




## Spegilmennið

**Lars Kepler**
**Þýð.: Ísak Harðarson**

Ung kona hverfur á leiðinni heim úr skólanum og finnst myrt á hrottalegan hátt fimm árum síðar í miðjum Stokkhólmi. Eina vitnið glímir við algjört minnisleysi. Þetta er áttunda bókin um Joona Linna sem á aðdáendur um allan heim, enda standast fáir Kepler snúning þegar kemur að æsispennandi og hrollvekjandi glæpasögum.

566 bls. / 🔊 15:59 klst.
**Forlagið - JPV útgáfa**

KIL RAF HLB




## Stúlka, kona, annað

**Bernardine Evaristo**
**Þýð.: Helga Soffía Einarsdóttir**

Margradda nútímasaga sem hlaut Booker-verðlaunin 2019 og var útnefnd skáldsaga ársins á British Book Awards. Hér segir frá lífi og veruleika tólf ólíkra persóna sem tengjast á einhvern hátt. Í gegnum sögur af baráttu, rasisma, femínisma, kynvitund, elskendum, pólitík, velgengni og vandamálum kynnist lesandinn fortíð og umhverfi persónanna.

486 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF

## Sögur Belkíns

*Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur*
**Aleksander Púshkín**
**Þýð.: Rebekka Þráinsdóttir**
**Ritstj.: Kristín Guðrún Jónsdóttir**

*Sögur Belkíns* er fyrsta prósaverkið sem Aleksander Púshkín lauk við. Brugðið er á leik með þekkt stef, s.s. rómantíska hetju, draugasöguna, hugljúfar ástir og óvænt endalok. Sögurnar eru fullar lífsgleði, glettni og umhyggju fyrir sögupersónum og höfðu sumar ófyrirséð áhrif á rússneskar bókmenntir. Eftirmáli um verkið fylgir þýðingunni.

160 bls.
**Háskólaútgáfan**

SVK




## Tsjernobyl-bænin

*Framtíðarannáll*
**Svetlana Aleksíevítsj**
**Þýð.: Gunnar Þorri Pétursson**

Tsjernobyl-slysið er stærsta kjarnorkuslys allra tíma. Geislunin hafði hörmuleg áhrif á líf hundruði þúsunda manna til frambúðar en ráðamenn reyndu að þagga slysið niður. Þetta er vitnisburður þeirra sem lifðu það af, skráður af hvítrússneska rithöfundinum og blaðamanninum Svetlönu Aleksíevítsj sem hlaut Nóbelsverðlaunin í bókmenntum árið 2015. Vinsælu Tsjernobyl-þættirnir eru að hluta til byggðir á þessari bók.

400 bls.
**Angústúra**

KIL




## Um endalok einsemdarinnar

**Benedict Wells**
**Þýð.: Elísa Björg Þorsteinsdóttir**

Jules og systkini hans tvö eiga örugga æsku þar til foreldrar þeirra látast af slysförum. Á fullorðinsárum telja þau sig hafa unnið úr áfallinu. En þá leitar fortíðin þau uppi, hún verður ekki umflúin. Farsæld framtíðar þeirra er í húfi. Margverðlaunuð skáldsaga höfundar.

331 bls.
**Benedikt bókaútgáfa**

KIL




## Uppruni

**Saša Stanišić**
**Þýð.: Elísa Björg Þorsteinsdóttir**

„Uppruni er bók um staðina þar sem ég á heima, þá sem lifa í minni mínu og þá sem ég hef skáldað. Um sumarið þar sem afi minn tróð ömmu svo um tær í dansi að litlu munaði að ég hefði aldrei fæðst. Sumarið sem Angela Merkel opnaði landamærin ..."

„Stórkostleg bók." Sunna Dís, Kiljan

351 bls.
**Bjartur**

KIL RAF




## Úti við laugar

**Sophie Daull**
**Þýð.: Jóna Dóra Óskarsdóttir**

Skáldkona kynnir bók sína í sjónvarpi. Það kemur manni nokkrum úr jafnvægi. Hann lifir fábreyttu lífi eftir að hafa afplánað fangelsisdóm fyrir glæp sem hann framdi fyrir þrjátíu árum. Nú þarf hann óvænt að horfast í augu við fortíð sína á ný. Skáldkonan er nefnilega dóttir fórnarlambs hans. Meistaralega vel ofin saga um tilfinningarót og eðli fyrirgefningar.

163 bls.
**Ugla**

KIL RAF

GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa EÚT Endurútgáfa




## Vanessa mín myrka

**Kate Elizabeth Russel**
**Þýð.: Harpa Rún Kristjánsdóttir**
Árið 2000 kynnist hin 14 ára gamla Vanessa kennaranum Jacob Strane sem hefur lifað helmingi lengur en hún sjálf. Þau hefja samband sem á eftir að móta líf hennar það sem eftir er. Þegar metoo byltingin skekur heiminn árið 2017 og fjöldi kvenna stíga fram, fylgist Vanessa með heimsmynd Jacob Strane hrynja og neyðist í kjölfarið til að horfast í augu við sjálfa sig.
420 bls.
**Króníka**

KIL

---




## Veröld ný og góð

**Aldous Huxley**
**Þýð.: Kristján Oddsson**
Í Lundúnum framtíðarinnar ríkir friður. Yfirvöldin hafa skapað hið fullkomna samfélag. Með erfðatækni, heilaþvotti og Soma-töflunum hefur verið séð til þess að allir séu hamingjusamir. Allir tilheyra öllum og yfirvöldin fylgjast með öllu og öllum – alls staðar. Bernard Marx virðist vera eini maðurinn sem býr yfir þrá til að brjótast úr þessum hamingjuviðjum ...
252 bls.
**Ugla**

KIL RAF HLB
Hljóðbók frá Storytel

---




## Vetrarfrí í Hálöndunum

**Sarah Morgan**
**Þýð.: Birgitta Elín Hassell og Marta Hlín Magnadóttir**
Í huga systranna Samönthu og Ellu Mitchell eru jólin dýrmætasti tími ársins, hátíð kærleika og samveru. Umfram allt eru þær þó að bæta upp fyrir jólin sem þær fengu ekki að njóta í æsku. Í ár stefnir í að þær muni verja þeim með óvæntum gesti, móður sinni sem þær hafa ekki verið í sambandi við í fimm ár. Stundum er ekki hægt að halda áfram nema líta aðeins til baka.
400 bls. / 🔊 10:50 klst.
**Björt bókaútgáfa - Bókabeitan**

KIL RAF HLB

---




## Vítisfnykur

**Mons Kallentoft**
**Þýð.: Jón Þ. Þór**
Malin Fors hefur yfirgefið Linköping og sest að í Bangkok í Taílandi þar sem hún gegnir tímabundnu starfi á vegum sænsku lögreglunnar. Einsemdin þjakar hana og freistingar eru á hverju götuhorni. En eins og jafnan finnur hún sálarró í vinnunni. Sænsk kona er myrt með hrottafengnum hætti í Bangkok. Hver er hún? Tengist morðið ef til vill atburðum í fortíðinni?
422 bls. / 🔊 9:20 klst.
**Ugla**

KIL RAF HLB

---




## Willard og keilubikararnir hans

**Richard Brautigan**
**Þýð.: Þórður Sævar Jónsson**
Sögusvið þessarar bráðfyndnu skáldsögu er íbúðarhús í San Francisco. John og Patricia búa á neðri hæðinni. Í einu herbergi geyma þau pappamassafuglinn Willard ásamt fjölmörgum keilubikurum sem John fann í yfirgefnum bíl. Á efri hæðinni býr parið Bob og Constance. Við sögu koma svo Logan-bræðurnir sem þvælst hafa um í þrjú ár í leit að stolnu keilubikurunum sínum ...
167 bls.
**Ugla**

KIL RAF

---




## Yfir höfin

**Isabel Allende**
**Þýð.: Sigrún Á. Eiríksdóttir**
Þegar fasistar ná völdum á Spáni árið 1939 neyðast þúsundir til að flýja land. Meðal þeirra eru ungi herlæknirinn Víctor og Roser, barnshafandi ekkja bróður hans. Til þess að komast af ganga þau í hjónaband sem hvorugt þeirra óskar sér og hefja nýtt líf í Chile. Aðdáendur Isabel Allende verða ekki sviknir af þessari hjartnæmu frásögn.
367 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF

---




## Það hófst með leyndarmáli

**Jill Mansell**
**Þýð.: Snjólaug Bragadóttir**
Lainey hreppti draumastarfið. En til þess þurfti hún að hagræða sannleikanum dálítið (jæja, talsvert mikið). Hún laðast að myndarlegum manni sem tengist starfi hennar. Hvernig myndi hann bregðast við ef hann vissi að hún hafði ekki verið heiðarleg við hann? Lainey er þó ekki sú eina sem geymir með sér leyndarmál – eins og brátt kemur í ljós ...
377 bls. / 🔊 9:58 klst.
**Ugla**

KIL RAF HLB

---




## Það sem hangir um hálsinn

**Chimamanda Ngozi Adichie**
**Þýð.: Janus Christiansen**
Í tólf grípandi sögum fjallar nígeríski metsöluhöfundurinn Chimamanda Ngozi Adichie af miklu tilfinninganæmi um stöðu kvenna í karlasamfélagi, sambönd foreldra og barna í síbreytilegum heimi, þjóðfélagslegan óstöðugleika í Afríku og upplifun innflytjenda í Bandaríkjunum. Þetta er heillandi sagnaheimur úr smiðju rithöfundar sem er óhræddur við að kafa djúpt í vandamál nútímans.
296 bls.
**Una útgáfuhús**

KIL

---




## Þögla ekkjan

**Sara Blædel**
**Þýð.: Ingunn Snædal**
Louise Rick er nýr yfirmaður færanlegrar rannsóknardeildar dönsku lögreglunnar. Fyrsta málið snýst um morð á kráareiganda á Fjóni. Lögreglan á staðnum hefur fáar vísbendingar en þegar Louise setur af stað nákvæma rannsókn á heimili konunnar, sem bjó fyrir ofan krána breytist allt.
391 bls.
**Bjartur**

KIL RAF

---




## Örvænting

**Vladimir Nabokov**
**Þýð.: Árni Óskarsson**
*Örvænting* er glæpasaga eftir einn fremsta skáldsagnahöfund 20. aldar. Sagan er í senn fyndin, spennandi og margræð. Hér segir af mannlegum breyskleika, mannhatri og sturlun. Aðalsöguhetjan kynnist umrenningi einum sem honum finnst vera nákvæm eftirmynd sín. Um leið verða til myrkar og skoplegar ráðagerðir.
208 bls.
**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL


GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa EÚT Endurútgáfa

# Ljóð og leikrit




## Aðkvæða

**Bragi Jóhann Ingibergsson**

Aðkvæða er fyrsta ljóðabók Braga Jóhanns. Hún geymir 60 ljóð sem gefin eru út í tilefni sextugsafmælis höfundar - úrval frá löngum tíma og þau elstu nærri 40 ára gömul. Þó ljóðin séu um margt ólík innbyrðis þá eiga þau það sameiginlegt að vera innblásin af andagift augnabliksins hverju sinni.

68 bls.

**Bókafélagið**

IB




## Á asklimum ernir sitja

**Matthías Johannessen**

Matthías Johannessen hefur um áratuga skeið verið eitt fremsta ljóðskáld okkar Íslendinga. Hér sendir hann frá sér ný ljóð, kominn á tíræðisaldur. Í þessari djúpvitru og einlægu bók tekst skáldið á við samtímann og yrkir kunnugleg stef, um ást, söknuð, umhverfi, fugla, feigð – og von.

64 bls.

**Veröld**

IB




## Á krossgötum

**Benedikt Jóhannsson**

Á krossgötum er þriðja ljóðabók Benedikts Jóhannssonar. Hér eru bæði ljóð í frjálsu formi og háttbundin. Þau fjalla um lífið og tilveruna, andann og efnið, tímann og eilífðina. Mörg eru í senn alvöruþrungin og kímin en sum eru nokkuð draumkennd.

64 bls.

**Bókafélagið**

IB




## Álfheimar

**Brynjar Jóhannesson**

Skáldið úr Laugardalnum lýsir heiminum í einföldum setningum, án kaldhæðni og stæla. Sjónarhornið er kirfilega njörvað við hversdagsleika Laugardalsbúa, skrítið og tært en samtímis fjarrænt og súrrealískt. Brynjar hefur áður gefið út 12 stuttar ljóðabækur. Álfheimar er fyrsta ljóðabókin hans í fullri lengd.

64 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

SVK



## Caminos / Stígar

**Guðbergur Bergsson**

**Þýð.: Rafael García Pérez**

*Caminos/Stígar* er tvímála útgáfa (íslenska og spænska) á ljóðabókinni *Stígar* (2001) eftir Guðberg Bergsson, einn af lykilhöfundum íslenskra bókmennta.

Þýðandinn Rafael García Pérez hefur þýtt ýmis önnur íslensk bókmenntaverk á spænsku, meðal annars ljóðabækurnar *Svartur hestur í myrkrinu* eftir Nínu Björk Árnadóttur, og *Blóðhófnir* eftir Gerði Kristnýju.

87 bls.

**Hin kindin**

IB




## Djöflarnir taka á sig náðir

*og vakna sem guðir*

**Jón Kalman Stefánsson**

Loksins, eftir áratuga bið, kemur ný ljóðabók eftir einn þekktasta og vinsælasta verðlaunahöfund samtímans. Á síðastliðnu ári komu út í einni bók þrjár eldri ljóðabækur Jóns Kalman sem er þekktari fyrir skáldsögur sínar, m.a. verðlaunabókina Sumarljós, og svo kemur nóttin (2005), Vestfjarðaþríleikinn, og nú síðast Fjarvera þín er myrkur (2021).

98 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

SVK




## Draumasafnarar

**Margrét Lóa Jónsdóttir**

Ellefta ljóðabók Margrétar Lóu geymir myndræn og tregafull ljóð um horfna vini og hlátur sem ómar ekki lengur, en er um leið óður til lífsins og ferðalagsins framundan, þar sem ný kynni kvikna og nýjar sögur verða til. Einvera og vinátta, lífsþorsti og heit þrá, draumar og ævintýri sem enda ekki alltaf vel; minnisstæð ljóð um allt það sem lifnar og deyr.

55 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

SVK




## Ekki var það illa meint

*Ljóð og lausavísur eftir Hjálmar Freysteinsson*

**Hjálmar Freysteinsson**

Strax sem ungur maður gerði Hjálmar vísur sem urðu fleygar vegna þess hversu fyndnar þær voru. Hann hafði frá fyrstu tíð lag á að sjá hliðar á málum sem aðrir sáu ekki, draga fram sjónarhorn sem kom hressilega á óvart og vakti þannig oftar en ekki óstöðvandi kátínu.

255 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

IB




## Elífðarstef

**Stefanía Guðbjörg Gísladóttir**

Vatnsgutl við ísvök áar
frosin þögn hjarns
mynda eilífðarstef.

Eilífðarstef er þriðja ljóðabók höfundar sem hefur að auki skrifað tvær ævisögur og rekið sauðfjárbú í Norðfirði og í Vestur-Ástralíu.

84 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Ennþá vakir vísnaglóð

**Kristján Runólfsson**

**Ritstj.: Ragnar Ingi Aðalsteinsson**

Höfundur var Skagfirðingur og bjó lengst af á Sauðárkróki þar sem hann stofnaði meðal annars og starfrækti minjasafn. Hann var afkastamikið skáld og hagyrðingur og eftir hann liggur mikið safn fjölbreytts kveðskapar. Bókin hefur að geyma úrval af ljóðum Kristjáns, valið af Ragnari Aðalsteinssyni sem jafnframt ritar formála.

212 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

IB




## Ég brotna 100% niður

**Eydís Blöndal**

Niðurbrot og endurreisn, ásýnd og innihald, appelsínur og plastpokar – allt verður þetta Eydísi Blöndal að yrkisefni í skörpum myndum og snjöllum hugleiðingum. Hún hefur áður sent frá sér ljóðabækurnar *Tíst og bast* og *Án tillits* sem báðar vöktu mikla athygli og fyrir þá síðari hlaut hún tilnefningu til Maístjörnunnar.

46 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

SVK



## Fimm leiðir til að komast óhultur gegnum dimman skóg um nótt

*ljóðaúrval*

**Roger McGough**

**Þýð.: Óskar Árni Óskarsson**

Roger McGough er eitt þekktasta núlifandi skáld Breta og hefur á rúmlega 50 ára ferli sent frá sér tugi ljóðabóka auk annarra skáldverka. Upphaf ferils hans má rekja til útgáfu The Mersey Sound, ljóðaúrvals þriggja ungskálda sem kenndu sig ýmist við heimabæinn Liverpool eða fljótið Mersey sem rennur í gegnum borgina.

Ljóðin í þessu úrvali spanna að nokkru leyti allan feril skáldsins.

58 bls.

**Dimma**

SVK



## fingraför - arkíf

**Sigurður Örn Guðbjörnsson**

Ljóðabókin *fingraför-arkíf* er önnur bók Sigurðar Arnar. Áður hefur komið út eftir hann í samvinnu við Harald Jónsson myndlistarmann bókin, *fundin ljóð í ferðabók sveins pálssonar læknis*. Forlagið þrjár hendur gaf út.

70 bls.

**Kolgrímur**

KIL




## Garðskúr afa Sig

**Sigmundur Ernir Rúnarsson**

*Garðskúr Afa Sig* er sjálfstætt framhald prósabókarinnar *Eldhús Ömmu Rún* sem kom út vorið 2012 og vakti verðskuldaða athygli, en þar fjallaði höfundur um hversdagsleg samskipti sín við ömmurnar á Akureyri, gömlu bóndakonuna og verkakonuna.

Í þessar bók hafa afarnir orðið, aldni framsóknarmaðurinn og sannfærði kommúnistinn sem ganga til starfa sinna á lagernum hjá KEA og niðri á kaja, en heima fyrir ríkir svo gamla hefðin í bland við óttann gagnvart nýjungum.

87 bls.

**Skrudda**

KIL




## Glerflísakliður

**Ragnheiður Lárusdóttir**

Glerflísakliður er önnur ljóðabók Ragnheiðar Lárusdóttur, en fyrir fyrstu bók sína, 1900 og eitthvað, hlaut hún Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar árið 2020.

44 bls.

**Bjartur**

SVK




## Hamingja

**Didda Jónsdóttir**

Felst hamingjan í hinu hversdagslega og venjubundna: rigningunni, vorkomunni, öllu því sem lífið færir okkur? Felst hún í því að fá það sem maður vill – eða kannski frekar í því að vilja það sem maður fær? Didda hefur áður sent frá sér bækur og birt ljóð og greinar í tímaritum, auk þess sem hún hefur samið texta fyrir ýmsar hljómsveitir.

88 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

SVK




## Harmaborgin

**Helgi Jónsson**

Efni ljóðanna á sér stað á friðsælum reit, kirkjugarði, sem tekur á sig hrollvekjandi myndir þegar svo ber undir. Flest eru ljóðin fram sett af mildi og stemningin snertir hug og hjarta lesenda. Ég er býsna lukkulegur með þessi ljóð og titillinn er afbragðsorðaleikur. – Gísli Rúnar Jónsson

128 bls.

**Sögur útgáfa**

KIL




## Hjartað mitt

**Jo Witek**

**Þýð.: Hallgrímur Helgason**

**Myndskr.: Christine Roussey**

Hjartað mitt litla er heimur,<br>einn himinvíður geimur.<br>Sem hljóðfæri hjarta mitt er<br>sem leikur á líðan mín hver.

Ljóðabarnabók um tilfinngar í snilldarlegri þýðingu Hallgríms Helgasonar rithöfunds.

32 bls.

**Drápa**

IB




## Hún sem stráir augum

**Björk Þorgrímsdóttir**

Ljóð Bjarkar Þorgrímsdóttur eru margslungin og draumkennd og seiða lesanda með djúpri tilfinningu. Hún hefur áður sent frá sér ljóðabækurnar *Bananasól* og *Neindarkennd* og hlaut Ljóðstaf Jóns úr Vör 2020 fyrir ljóðið „Augastein".

48 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

SVK



## Í einlægni/Sincerely
**Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir**
**Þýð.: Ásbjörn Edgar Waage**
*Í einlægni* geymir ljóð Þorbjargar Ingu og sýnir einlægar birtingarmyndir í litrófi tilfinninganna. Tilefni ljóðanna eru sum hver komin beint frá höfundi, önnur hafa vakið upp spurningu eða setið eftir í huga hennar á einhvern hátt. Titill bókarinnar er heiti á ljóði sem segir í barnslegri einlægni frá kostum ljóss og myrkurs. Þannig má horfa á lífið sjálft- í einlægni þess. Bókin er bæði á íslensku og ensku.
46 bls.
**Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir**

SVK



## Í svartnættinu miðju skín ljós
*ljóðaviðtöl*
**Eyrún Ósk Jónsdóttir**
„Síðustu mánuði hef ég átt samræður við fjölda ólíkra einstaklinga, áhugavert fólk sem hefur treyst mér fyrir sögum sínum, frásögnum sem hreyfðu við hverri taug.
Í þessari bók hef ég reynt að gera þessum einstöku sögum skil í ljóðaformi. Hvert ljóð er merkt manneskjunni sem á frásögnina."
140 bls.
**Bjartur**

SVK



## Jóðl
**Bragi Valdimar Skúlason**
Hér er komið úrval kvæða og ljóða eftir Braga Valdimar sem þjóðinni er að góðu kunnur fyrir snjalla texta sína. Hér eru gamankvæði, ástarkvæði, lífsspeki og kvæði af öllu tagi.
160 bls.
**Bjartur**

SVK



## Klettur
*ljóð úr sprungum*
**Ólafur Sveinn Jóhannesson**
Klettur – ljóð úr sprungum er óvenjuleg ljóðabók. Ólafur Sveinn Jóhannesson missti ungur að árum foreldra sína og sem elsta barn þeirra tók hann að sér uppeldi yngri systkina. Hér yrkir hann um sína einstöku lífsreynslu af einlægni og íhugun sem er áhrifamikil og lifir lengi með lesandanum.
76 bls.
**Bjartur**

SVK



## Klón – eftirmyndasaga
**Ingólfur Eiríksson**
**Myndir: Elín Edda Þorsteinsdóttir**
Bráðfyndin og nístandi ljóðsaga um ábyrgð mannsins gagnvart lífi á jörðinni, um dauða og endurfæðingu.
Í bókinni er rakin ævisaga klónahundsins Samsonar Ólafssonar Moussaieff, sem lætur engan ósnortinn.
80 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

SVK



## Kona fer í gönguferð
*799 kílómetrar – 34 dagleiðir*
**Hanna Óladóttir**
Kona sem komin er í öngstræti í lífi sínu fær tilboð sem hún getur ekki hafnað: Gönguferð eftir hinum heilaga Jakobsvegi á Spáni, leið sem fólk hefur gengið öldum saman í leit að innri ró og svörum við knýjandi spurningum. Ferðin verður henni lærdómsrík og beinir huganum á óvæntar brautir. Þetta er önnur ljóðabók Hönnu Óladóttur.
43 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

SVK



## Kona lítur við
**Brynja Hjálmsdóttir**
Gáskafullt og femínískt furðuverk í þremur hlutum, fullt af eftirminnilegum myndum og ögrandi meiningum. Víða er litið við, svo sem í sjó, saumaklúbbi, hárgreiðslustofu, bílskúr og fylgsni undarlegs óramanns. Ferðalaginu lýkur loks í stórbrotinni útópíu. Eftirtektarvert ljóðverk sem læðist aftan að lesendum.
80 bls.
**Una útgáfuhús**

SVK



## Laus blöð
*ljóð og textar*
**Ragnar Helgi Ólafsson**
Hér má finna tækifæriskvæði, heilræðavísur, minnismiða, ættjarðarljóð, eggjanakvæði, heimsendatexta, jólalög, ádeilukveðskap, ljóð úr fyrri lífum, ástarsöngva, saknaðarljóð, ferðabálka, athuganir, vögguvísur, erfiljóð, grafskriftir, heimspekileg kvæði, gamankvæði í nokkrum tilbrigðum auk lausavísna.
160 bls.
**Bjartur**

IB



## Ljóðasafn
**Einar Bragi**
Einar Bragi (1921–2005) var í fylkingarbrjósti atómskáldanna svonefndu og átti stóran þátt í þeim straumhvörfum sem urðu í íslenskri ljóðagerð um og eftir miðja 20. öld.
Í þessari veglegu tveggja binda útgáfu birtist meginþorri frumortra ljóða Einars Braga, auk viðamikils úrvals af ljóðaþýðingum hans sem einnig spanna rúmlega hálfa öld.
Ástráður Eysteinsson bókmenntafræðingur ritar ítarlegan inngang þar sem fram kemur ný sýn á feril skáldsins.
513 bls.
**Dimma**

IB



## Ljóðvindar
**Magnea Þuríður Ingvarsdóttir**
Íslensk alþýðumenning og sjálfsbókmenntir eru samofin hugtög og í þeim felast allskonar ritun s.s eins og bréfaskriftir, sjálfsævisögur, ljóðagerð, rímur og fleira eftir alþýðu manna.
Ljóðin í þessari litlu ljóðabók er ort með þeim hætti. Efniviðurinn er persónulegur en um leið alþýðulegur og kallast á við ljóðmenningu Íslendinga.
141 bls.
**Magnea Ingvarsdóttir**

GOR




## Loddaralíðan

**Berglind Ósk**

Ég held fyrirlestur á tækniráðstefnu um hvernig ég komst yfir loddaralíðan og mér að óvörum fæ ég mögnuð viðbrögð, enginn hefur heyrt um hugtakið en allir upplifað þessa líðan. Nokkrum mánuðum síðar hef ég ekki fengið neina endurgjöf í vinnunni og gamalkunni óttinn grípur mig: að ég sé alltof lengi að læra, að ég sé ekki að standa mig, að ég sé ekki eins góð og allir héldu.

91 bls.

**Blekfélagið, félag meistaranema í ritlist**

KIL



## Lofttæmi

**Nína Þorkelsdóttir**

Nína er fædd í Reykjavík árið 1989. Hún er með bakgrunn í mannfræði, lögfræði og tónlist og hefur undanfarin ár starfað við ritstjórn og blaðamennsku. Vorið 2021 hlaut hún Nýræktarstyrk Miðstöðvar íslenskra bókmennta fyrir Lofttæmi, sem er hennar fyrsta bók.

56 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

SVK




## Maður á hvolfi

**Tryggvi Pétur Brynjarsson**

Bókin er ljóðasafn allskonar ljóða.

236 bls.

**Tryggvi Pétur Brynjarsson**

SVK




## Meðal hvítra skýja

*Vísur frá Tang-tímanum í Kína 618–907*

**Þýð.: Hjörleifur Sveinbjörnsson**

Fornar og heillandi vísur frá tímum Tang-keisaraættarinnar en þá náði kínversk ljóðlist áður óþekktum hæðum og teljast ljóðin til bókmennta-gersema heimsins. Hjörleifur Sveinbjörnsson þýðir af list á fjórða tug stuttra vísna eftir tuttugu skáld og tekur saman fróðleik og skýringar við hverja vísu til að gefa innsýn í þann framandi heim sem þær eru sprottnar úr.

79 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

SVK




## Menn sem elska menn

**Haukur Ingvarsson**

Einlæg og margræð, fyndin og átakanleg ljóð um karlmennsku og tilfinningar. Höfundur skoðar efnið í sögulegu og persónulegu ljósi, veltir fyrir sér vináttu og ást, hvernig tilfinningar mótast af hinu innra og ytra. Bókin skiptist í þrjá heildstæða bálka en er bundin saman af þemum, myndmáli og rödd sem talar bæði til lesandans og við hann.

76 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

SVK



## Næturborgir

**Jakup Stachowiak**

Næturborgir er heilsteypt ljóðabók sem hverfist um sorg, söknuð, borgina og skáldskap. Þar er á áhrifaríkan hátt slegið saman hversdagslegum myndum og nýstárlegu tungutaki. Jakup Stachowiak er Pólverji fæddur 1991 en yrkir á íslensku. Ljóð hans hafa áður birst í TMM og Skandala. Bókin fékk nýræktarstyrk hjá Miðstöð íslenskra bókmennta.

68 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Orð, ekkert nema orð

**Bubbi Morthens**

Bubbi Morthens er elskaður og dáður fyrir einlæg ástarljóð sín, beittar ádeilur og skarpa sjálfsgagnrýni í söngvum og textum. Hér birtir hann fjölbreytt ljóð um lífið og ástina, orðin og náttúruna, ásamt áhrifamiklum minningarljóðum um tónlistarfólk og ágengum prósaljóðum. Allt eru þetta kraftmiklar myndir mótaðar í orð af skáldi sem á erindi við samtímann.

64 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

SVK




## Orðinn að vissu

**Sigurður Kristjánsson**

Aftan úr rökkri alda
ennþá mig seiða ljóðin
undir hrynjandi háttum
hafandi í sér dulmögn.

Höfundur sendi árið 2015 frá sér ljóðabókina *Hinn óljósi grunur* sem hlaut góðar viðtökur lesenda. Grunur þessi er nú orðinn að vissu.

132 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Pólífónía af erlendum uppruna

**ýmsir**

Úrval ljóða eftir fimmtán skáld af erlendum uppruna sem hafa sest að á Íslandi. Þetta er bók sem stækkar mengið og kynnir til leiks nýjar og áhrifaríkar raddir. Þetta er bók full af ljóðrænni túlkun á bæði í senn framandi og kunnuglegum reynsluheimi íbúa af erlendum uppruna. Þetta er löngu tímabær fæðing innflytjendabókmennta á Íslandi.

160 bls.

**Una útgáfuhús**

KIL




## PTSD

*Ljóð með áfallastreitu*

**Ragnheiður Guðmundsdóttir**

Eftir að hafa greinst með krabbamein brutust fram hjá Ragnheiði Guðmundsdóttur gömul áföll sem hún hafði aldrei unnið úr. Hún varð að horfast í augu við þungbæra reynslu og takast á við hana. Hún fór að skrifa ljóð til að skilja betur erfiðar hugsanir og tilfinningar.

43 bls.

**Veröld**

SVK



GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa EÚT Endurútgáfa




## Raddir daganna

**Hannes Sigurðsson**

Hannes byrjaði ungur að fást við ljóðagerð. Í fyrstu var kveðskapurinn aðallega lausavísur og gamanbragir en með árunum jókst fjölbreytnin uns eftir stóð þroskaður höfundur. Móðir jörð skipar hæstan sess í ljóðum hans, svo og mannleg náttúra og eðli lífs og tilveru sem hann setur gjarnan í spaugilegt samhengi. Hér er um fyrstu bók höfundar að ræða og hún er tuttugasta og fyrsta bókin í flokknum Austfirsk ljóðskáld.

160 bls.

**Félag ljóðaunnenda á Austurlandi**

IB




## Réttindabréf í byggingu skýjaborga

**Eyþór Árnason**

Líkt og í fyrri bókum Eyþórs er sveitin yfir og allt um kring – en inn á milli bregður hann sér á allt aðrar slóðir. Ljóðin eru þrungin djúpri næmi höfundar á umhverfi sínu og rangölum sálarlífsins.

72 bls.

**Veröld**

SVK




## Rímur af stígvélakisu

**Skúli Pálsson**

**Myndskr.: Karl Jóhann Jónsson**

Ævintýrið um stígvélaða köttinn endursagt í ljóðum með útskýringum og útúrsnúningi. Kisa er lævís og lipur, spilar á tilfinningar annarra og kemst þangað sem hún vill. Rímur voru vinsælasta skemmtun Íslendinga um aldir og endurnýjast hér í kímilegu ævintýri handa fullorðnum.

96 bls.

**Skúli Pálsson**

SVK




## Sagði mamma

**Hal Sirowitz**

**Þýð.: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson**

Óvenjulegt og gáskafullt ljóðasafn þar sem hversdagsleg heilræði eru sett í broslegt samhengi. Efnið kemur kunnuglega fyrir sjónir því margt er líkt með mæðrum og sonum hvar sem er í heiminum. Ást og umhyggja eru auðvitað af hinu góða, en stundum virðist samt of langt gengið.

Bókin kom fyrst út á íslensku árið 2001, hlaut rífandi viðtökur og kemur nú út í þriðja sinn. Ljóð höfundarins hafa ratað víða og bækur hans átt miklum vinsældum að fagna.

96 bls.

**Dimma**

SVK EÚT




## Sagði sálfræðingurinn minn

**Hal Sirowitz**

**Þýð.: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson**

Bandaríska skáldið Hal Sirowitz fylgdi metsölubókinni Sagði mamma eftir með þessari bráðfyndnu og einstöku bók. Hér úir og grúir af svörtum húmor og hin óborganlega mamma er ætíð í nánd til að gefa góð ráð eða gagnrýna. Eins bregður pabba fyrir með sín föðurlegu heilræði og kaldhæðni. Samtölin við sálfræðinginn eru þó í fyrirrúmi og vandamálin sem snúast flest um flókin samskipti kynjanna.

136 bls.

**Dimma**

SVK




## Satanía hin fagra

**Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir**

Velkomin
í heim hins
frjálsstrokna höfuðs,
heim hins léttari andardráttar!

Satína hin fagra er fjórða ljóðabók Steinunnar sem er tónlistarkona og skáld og hafa fyrri bækur hennar hlotið lofsamlegar viðtökur.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Sjáöldur augna minna

**Þóra Ingimarsdóttir**

Sjáöldur augna minna er önnur ljóðabók Þóru. Sú fyrsta heitir Augað í steinum (2004). „Þetta eru persónuleg ljóð sem túlka kenndir og þrár, sorgir og langanir. Svipmót ljóðabókarinnar er rómantískt og textinn ljóðrænn." MBL/2004. Þóra yrkir gjarnan um ástina, dauðann og náttúrunna og leitar svara við tíma hláturs og gleði andspænis þjáningunni.

180 bls.

**Eigin útgáfa**

KIL




## Stúlkan sem var gefin

**Hlíf Anna Dagfinnsdóttir**

*Stúlkan sem var gefin* er önnur ljóðabók höfundar.

Að þekkja ekki uppruna sinn er eins og að standa á brún hengiflugs og horfa niður í hyldýpi. Bókin fjallar um tilfinningar og reynslu höfundar hvernig það er að vera ættleidd.

59 bls.

**Hlíf Anna Dagfinnsdóttir**

SVK




## Tanntaka

**Þórdís Helgadóttir**

*Tanntaka* er frjó og áleitin ljóðabók, lofgjörð til þess að villast og vafra, umbreytast, fullorðnast og finna sinn innri styrk. Þórdís vakti mikla athygli fyrir smásagnasafnið *Keisaramörgæsir* og hefur líka sent frá sér tvær ljóðabækur og skáldsögu í félagi við höfundahópinn Svikaskáld. Hún hlaut Ljóðstaf Jóns úr Vör 2021.

80 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

SVK




## Troðningar

**Jón Hjartarson**

*Troðningar* varð hlutskörpust í samkeppninni um Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar í ár, kraftmikið verk um hið óvænta í hinu augljósa, fegurðina í hversdagsleikanum og mikilfengleika þess smáa. Jón Hjartarson er höfundur fjölmargra leikrita, samtalsbóka og barna- og unglingabóka. *Troðningar* er fyrsta ljóðabók hans.

52 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

SVK



## Umframframleiðsla

**Tómas Ævar Ólafsson**

Frumraun Tómasar á ritvellinum, en hann hefur vakið athygli fyrir dagskrárgerð í útvarpi. Ljóðabálkurinn er rannsókn á þeim verkfærum sem nútímasamfélag beitir á innstu kjarna manneskjunnar. Fjallað er um leit ljóðmælanda að lausn undan óefni í sálarlífi sínu og tilraunir til að orða það sem ekki fæst orðað, þegar hann ber vandamál sitt á borð þriggja kvenna.

76 bls.

**Una útgáfuhús**

SVK



## Út yfir stað og stund

*Úrval kveðskapar*

**Valgeir Sigurðsson**

Höfundur flutti ungur kennari til Seyðisfjarðar árið 1949 og bjó þar til dauðadags, árið 1995. Hann var gott ljóðskáld en var hógvær og hirti ekki um að gefa hugverk sín út á bók. Hann varð samt þekktur fyrir skemmtilega og grípandi söngtexta sem nutu mikilla vinsælda. Bókin geymir úrval kveðskapar hans. Ingólfur Steinsson hefur varðveitt ljóðahandrit Valgeirs og ritar í inngangi bókarinnar um höfundinn og verk hans.

120 bls.

**Félag ljóðaunnenda á Austurlandi**

SVK



## Verði ljós, elskan

**Soffía Bjarnadóttir**

Frásögn í ljóðum um flöktandi ljós milli svefns og vöku, milli kynslóða, um hringekju og fíkn, elskendur, leyndarmál, heilaga skál sem brotnar, tundurdufl.

*Verði ljós, elskan* er fimmta skáldverk Soffíu Bjarnadóttur. Áður útgefin og sviðsett verk eru skáldsögurnar *Hunangsveiði* og *Segulskekkja*, ljóðabækurnar *Beinhvít skurn* og *Ég er hér* og leikritið *Erfidrykkjan*.

128 bls.

**Angústúra**

IB



## Vísur og kvæði

**Þórarinn Már Baldursson**

Þórarinn Már Baldursson hefur lagt stund á hefðbundinn kveðskap frá ungaaldri og er vel kunnur meðal hagyrðinga landsins. Hér hefur hann safnað í bók vísum og kvæðum um allt milli himins og jarðar, ekki síst nútímabölið, náttúruna og sjálfan sig. Bráðskemmtileg bók fyrir alla vísnavini.

80 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB



## Ætli Adólf hafi grátið Evu sína

**Friðvin Berndsen**

*Ætli Adólf hafi grátið Evu sína* geymir hvers kyns vangaveltur um tilveru og viðveru meðborgara okkar, samfélagslega galla og þá gullmola sem leynast í kringum okkur, vel faldir á milli þilja.

Bókin er frumraun höfundar, Friðvins Berndsen, skálds og rafvirkja sem uppalinn er á Skagaströnd en býr nú í Laugardalnum í Reykjavík með nokkrum landnámshænum.

80 bls.

**Sögur útgáfa**

KIL

# Listir og ljósmyndir



## Af nótnaborði náttúrunnar / Notes of Nature

**Sigmundur Ernir Rúnarsson**

**Þýð.: Wincie Jóhannsdóttir**

**Myndir: Friðþjófur Helgason**

Það er eins og úrið hægi á sér þegar Páll á Húsafelli er sóttur heim, enda er tíminn í hans húsakynnum ekki af klukkuverki þessa heims. Ljúfmennskan ræður þar mestu, í bland við háttvísi og æðruleysi, en samfundir með listamanninum eru þeirrar náttúru að allt um hægist og gesturinn finnur það á eigin skinni að eitthvað hefur gerst sem glæðir skilningarvitin og skerpir sköpunarþrána.

160 bls.

**Skrudda**

IB




## Andlit Afríku

**Helga Guðrún Johnson og Kristján Gíslason**

**Myndir: Kristján Gíslason**

Nú liggur leið Hringfarans, Kristjáns Gíslasonar til Afríku. Þar segir m.a. af byltingum og eymd, frumbyggjum, górillum og óbærilegum hita – en líka brosandi, ógleymanlegum andlitum Afríku. Fallegar ljósmyndir fylgja frásögninni og QR-kóðar fyrir mögnuð myndbrot. Frískandi og lifandi ferðasaga. Öll innkoma rennur til góðgerðarmála.

186 bls.

**Hringfarinn styrktarsjóður ehf.**

IB




## Birgir Andrésson – In Icelandic Colours

**Robert Hobbs**

Bókin er stórvirki um líf og list Birgis Andréssonar (1955–2007). Höfundur er bandaríski listfræðingurinn Robert Hobbs, sem rýnir í verk hans, en að auki birtist hér ensk þýðing á bók Þrastar Helgasonar, sem byggð var á samtölum hans við Birgi. Ragnar Kjartansson ritar formála. Bókin er prýdd fjölda mynda af verkum Birgis, sem mörg hver hafa ekki sést opinberlega áður. Textinn er á ensku.

432 bls.

**Distanz Verlag GmbH**

IB




## Brim Hvít Sýn

**Jóna Hlíf Halldórsdóttir**

**Ritstj.: Auður Aðalsteinsdóttir**

*Brim Hvít Sýn* fjallar um myndlist Jónu Hlífar Halldórsdóttur, innsetningar og textaverk, og inniheldur úrval ljósmynda af verkum hennar, um 100 myndir, auk texta og upplýsinga um sýningar. Í bókinni eru jafnframt greinar og umfjöllun um verk Jónu Hlífar.

260 bls.

**Ástríki útgáfa**

IB



## Deiglumór, Kermik úr íslenskum leir 1930–1970

**Inga S. Ragnarsdóttir og Kristín G. Guðnadóttir**

Í bókinni er fjallað um leirnýtingu og framleiðslu á keramiki úr íslenskum leir á árunum 1930–1970. Saga helstu verkstæðanna: Listvinahússins, Funa, Laugarnesleirs, Leirmunaverkstæðis Benedikts Guðmundssonar, Roða og Glits er rakin. Ríkulega myndskreytt með myndum frá verkstæðunum, sýningum og af fjölda leirmuna.

192 bls.

**Minningarsjóður um Ragnar Kjartansson 1923-1988**

IB




## Oft eru gamlir hrafnar ernir

**Unnur Guttormsdóttir**

Unnur Guttormsdóttir – „kerlingarálftin" – tekur myndir af fuglum, les hugsanir þeirra og setur í orð af skáldlegu innsæi. Í tilefni af áttræðisafmæli hennar 18. október 2021 birtast í þessari bók áttatíu af fuglamyndum hennar og tilheyrandi skondnar hugleiðingar og fuglahjal.

Fríða Bonnie Andersen skrifar afmæliskveðju í bókarlok.

176 bls.

**Ormstunga**

IB




## DÆS

**Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir**
**Myndir: Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir**

2020 var ótrúlegt ár. Lóa Hjálmtýsdóttir, sem aldrei stendur við áramótaheit, ákvað að teikna eina mynd á dag á árinu á tilraunastofu sinni. Aldrei hafði hana grunað hvað árið myndi bera í skauti sér – og að það væri hlaupár í þokkabót! Myndirnar 366 spegla sameiginlega reynslu samfélags í samkomubanni – og við megum leyfa okkur að hlæja smá. Bæði að því sem er fyndið og því sem er óþolandi og óbærilegt. Og ekki síst að okkur sjálfum.

320 bls.

**Salka**

IB




## Ósnortið Ísland / Pure Iceland

**Kristján Ingi Einarsson**

Bókin inniheldur kraftmiklar og fallegar landslagsmyndir eftir ljósmyndarann Kristján Inga Einarsson. Vel völdum ljóðlínum íslenskra höfuðskálda sem Pétur Gunnarsson rithöfundur hefur valið er fléttað saman við myndefnið þannig að úr verður einstök blanda ljósmynda og ljóðlistar sem lætur engan ósnortin.

Textin er bæði á íslensku og ensku.

152 bls.

**STILLA útgáfu- og ljósmyndaþjónusta**

IB




## Kristín Þorkelsdóttir

**Birna Geirfinnsdóttir og Bryndís Björgvinsdóttir**

Fáir hafa skilað af sér jafn mörgum þekktum verkum hér á landi sem skipa viðlíka sess í íslenskri sjónmenningu og grafíski hönnuðurinn Kristín Þorkelsdóttir. Hún hefur hannað urmul auglýsinga, fjölmargar bókarkápur og ýmis rótgróin merki sem hafa verið landsmönnum sýnileg á skiltum, pappír og skjáum í yfir fimm áratugi, ásamt íslensku peningaseðlunum og vegabréfinu. Kristín stofnaði einnig og rak eina mikilsvirtustu auglýsingastofu landsins um árabil.

248 bls.

**Angústúra**

IB




## Tvísöngur

**Berglind María Tómasdóttir**

Tvísöngur er samtal um tónlist og hefðir, hljóðfærin Hrokk og Lokk og hvað er satt og hvað er logið. Í bókinni eru rannsóknir á fræðasviði lista ofnar saman við persónulegar pælingar og sögur af eigin afrekum á tónlistarsviðinu. Samhliða bókinni kemur geisladiskur og hljóðsnælda. Höfundur er tónlistarmaður og prófessor við LHÍ.

104 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

IB



# Saga, ættfræði og héraðslýsingar




## Bréfin hennar Viktoríu

*Saga systkinanna frá Gýgjarhóli í Biskupstungum*

**Inga Kristjánsdóttir**

Bókin rekur sögu systkina sem ólust upp á Gýgjarhóli í Biskupstungum í byrjun 20. aldar. Tilviljun réði því að sendibréf sem fóru á milli systkinanna og vina þeirra hafa varðveist og er sagan rakin í gegnum þessi bréf, þótt einnig sé stuðst við fleiri heimildir. Áhugaverð heimild um sveitarbrag og áhugamál ungs fólks fyrir einni öld síðan.

272 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Byggðasaga Skagafjarðar X

**Ritstj.: Hjalti Pálsson**

Komið er út lokabindi Byggðasögu Skagafjarðar sem jafnframt er hið tíunda í röðinni. Það fjallar um Hofsós og Hofsóshrepp, eyjarnar Drangey og Málmey ásamt kauptúnunum Grafarósi og Haganesvík. Í bókinni er fjöldi ljósmynda, korta og teikninga auk margra áhugaverðra innskotsgreina. Einstakt verk í byggðasöguritun á Íslandi.

394 bls.

**Sögufélag Skagfirðinga**

IB




## Flóamannabók I og II

*Hraungerðishreppur fyrra og síðara bindi*

**Jón M. Ívarsson**

Ábúendatal Hraungerðishrepps frá 1703 og saga hverrar fjölskyldu frá 1801 til 2020. Myndir af bændum, húsfreyjum og börnum þeirra, einnig af hverjum bæ. Eigendasaga jarða rakin ásamt örnefnaskrá og stöðu í dag. Sagt frá helstu félögum sveitarinnar, skóla, kirkjum og fleiru markverðu. Lifandi saga fólksins í sveitinni. Bókin fæst aðeins hjá útgefanda, sjá Útgefendaskrá. Heimsend ókeypis.

1046 bls.

**Flóamannabók**

IB




## How Iceland Changed the World

**Egill Bjarnason**

Saga Íslands frá landnámi til vorra daga, rakin af fádæma hógværð með áherslu á framlag okkar til mannkynssögunnar. Bandaríska forlagið Penguin Random House gaf verkið út síðastliðið vor við góðar undirtektir. The New York Times segir þessa Íslandssögu Egils Bjarnasonar „skemmtilega sérstaka.“ Tilvalin gjöf fyrir erlenda vini.

288 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Hvað er svona merkilegt við það að vera biskupsfrú II

**Hildur Hákonardóttir**

Höfundur rekur sögu löngu genginna fyrirkvenna, sögur sem faldar hafa verið í myrkviðum þöggunar og kynjamisréttis. Þrátt fyrir vakningu upplýsingaraldar var áfram fjallað um konur og líf þeirra eins og um væri að ræða meinlitla dýrategund sem deildi landi og kjörum með körlum. Frásögn Hildar gerir líf löngu genginna kvenna ljóslifandi fyrir lesendum.

256 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

IB




## Iceland in World War II

*Extended version*

**Gísli Jökull Gíslason**

Höfundur rekur stríðsárasögu Íslands en enginn einn atburður hefur haft eins mikil áhrif á sögu landsins og seinni heimsstyrjöldin. Fyrir stríð var þjóðin ein sú fátækasta í Evrópu en eftir það í hópi hinna ríkari. Bókin, sem er skrifuð á ensku, kom fyrst út 2019 og er sú útgáfa uppseld. Hér er á ferðinni önnur og aukin útgáfa.

204 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Ótrúlegt en satt

*Saga Akureyrar í öðruvísi ljósi*

**Jón Hjaltason**

Sagnfræðingurinn Jón Hjaltason kemur víða við í þessari fróðlegu og afar skemmtilegu bók. Hið óvenjulega í sögu Akureyrar er í sviðsljósinu, það sem síður er talað um og verður út undan. Mikill fjöldi ljósmynda bregður skærri birtu á kaupstaðinn við Pollinn. Margar þeirra hafa aldrei birst á prenti og segja sögu sem við höfum aldrei séð fyrr en nú.

166 bls.

**Völuspá útgáfa**

IB




## Skriðuhreppur hinn forni 1. & 2. bindi

*Bændur og búalið á 19. öld*

**Bernharð Haraldsson**

Í þessu tveggja binda stórvirki segir skólameistarinn Bernharð Haraldsson 19. aldar sögu 64 bæja í Skriðuhreppnum forna í Öxnadal og Hörgárdal og byggir á frumheimildum, m.a. dómabókum, kirkju- og hreppsins bókum. Sagt er frá ábúendum, forfeðrum þeirra, formæðrum og afkomendum í gleði og sorg. Hér tvinnast með einstæðum hætti saman sagnfræði, ættfræði og héraðslýsing.

1024 bls.

**Völuspá útgáfa**

IB




## Þegar Kjósin ómaði af söng

**Bjarki Bjarnason og Ágústa Oddsdottir**

Fjallað er um mannlíf í Kjósarhreppi á liðinni öld og öflugt söngstarf sem teygði sig út á Kjalarnes og suður í Mosfellssveit undir stjórn Odds Andréssonar á Neðra-Hálsi. Brugðið er ljósi á samfélagið sem sú söngmenning óx upp úr. Fjöldi frásagna og mynda eru í bókinni og geisladiskur með upptökum RÚV af söng Karlakórs Kjósverja og Karlakórs Kjósarsýslu.

250 bls.

**Ágústa Oddsdóttir og Sæbjörn Kristjánsson**

IB

# Ævisögur og endurminningar




## Ég átti flík sem hét klukka

*Endurminningar Ragnheiðar Jónsdóttur*
**Ragnheiður Jónsdóttir**
Ragnheiður Jónsdóttir er f. 1935 á Svertingsstöðum í Miðfirði og alin þar upp í torfbæ. Hún er yngst 11 systkina sem öll komust til fullorðinsára og fengu menntun umfram skyldu. Lesa má um búskaparhætti áður en tæknin ruddi sér til rúms. Ævi foreldra hennar eru gerð skil og systkina hennar. Ragnheiður starfaði sem kennari og bókasafnsfræðingur.
132 bls.
**Eigin útgáfa**

KIL




## 11.000 volt

*Þroskasaga Guðmundar Felix*
**Erla Hlynsdóttir**
Guðmundur Felix missti báða handleggi í skelfilegu slysi aðeins 25 ára gamall. Barátta hans hefst þó mun fyrr, því stór áföll hafa mætt honum frá fyrstu æviárum.
Í þroskasögunni *11.000 volt* fá lesendur rafmagnaða rússíbanareið í gegnum líf Guðmundar Felix og verða m.a. vitni að langþráðum draumi hans um nýja handleggi verða að veruleika.
286 bls.
**Sögur útgáfa**

IB




## Fjórar systur

*Saga rússnesku keisaradætranna*
**Helen Rappaport**
**Þýð.: Jón Þ. Þór**
Í þessari margrómaða sagnfræðiriti er brugðið upp lifandi myndum af stuttri ævi rússnesku keisaradætranna, Olgu, Tatjönu, Maríu og Anastasíu. Rúmri öld eftir andlát sitt fá þær loks rödd – með innsýn í dagbækur þeirra og einkabréf. Við kynnumst líka fjölskyldu þeirra, veikri móður, bróður sem þjáðist af dreyrasýki og áhrifum furðumannsins Raspútíns.
536 bls.
**Ugla**

KIL RAF HLB

Hljóðbók frá Storytel




## Á veraldarvegum

**Sverrir Sigurðsson**
Heillandi endurminningar Sverris Sigurðssonar um ævintýralegan lífsferli hans. Sverrir, segir frá ætt og uppruna en hann var fysti Íslendingurinn til að ljúka arkitektanámi í Finnlandi. Um áratugaskeið starfaði hann í Miðausturlöndum og Afríku sem arkitekt og síðar sem starfsmaður Alþjóðabankans. Sérlega vel skrifuð og áhugaverð bók sem vermir hjartarætur lesandans.
310 bls.
**Almenna bókafélagið**

IB




## Guðfaðir geðveikinnar

*Úr dagbókarslitrum, minningarbrotum og skjalfestum heimildum*
**Brynjólfur Ingvarsson**
Höfundur rekur sögu geðheilbrigðisþjónustu á Akureyri og nágrenni, umbúðalaust og án vafninga. Ýmis atvik sýna óvænta fordóma gagnvart geðsjúkdómum, jafnvel þar sem þeirra var síst von. En jafnframt er hér að finna áhugaverða ættar- og ævisögu höfundar. Höfundur hefur áður sent frá sér ljóðabækur auk þýðinga á ritum um geðheilbrigðismál.
108 bls.
**Bókaútgáfan Sæmundur**

IB




## Barnið í garðinum

**Sævar Þór Jónsson og Lárus Sigurður Lárusson**
Áhrifamikil saga manns sem tekst að snúa baki við erfiðum uppvexti. Dag einn ákveður Sævar Þór að nú sé nóg komið, hann yfirgefur heim óreglu og lyga og leitar sér hjálpar. Hann er einn fárra íslenskra karlmanna sem hefur orðið fyrir kynferðisofbeldi og opnað sig um það og hryllilegar afleiðingar þess. Upprisusaga af þjáningu, þrautseigju, fyrirgefningu og von.
203 bls. / 🔊 4:36 klst.
**Forlagið - JPV útgáfa**

SVK RAF HLB




## Gunni Þórðar

*Lífssaga*
**Ómar Valdimarsson**
Lífshlaup Gunnars Þórðarsonar er í senn furðulegt og stórkostlegt. Fáir núlifandi íslenskir tónlistarmenn komast með tærnar þar sem hann hefur hælana.
Þetta er saga um strák sem kemur suður og verður fljótt fremsti dægurtónlistarmaður landsins og nýtur virðingar og elsku þjóðarinnar. Svo fær hann nóg af dægurtónlistinni og snýr sér að klassík og óperusmíð með sama árangri.
240 bls.
**Skrudda**

IB




## Eyþór Stefánsson tónskáld Ævisaga

**Sölvi Sveinsson**
Eyþór Stefánsson (1901–1999) bjó alla ævi á Sauðárkróki og var mikilvirkur í menningarlífi Skagafjarðar, sérstaklega á sviði leiklistar og tónlistar. Eftir hann eru mörg þekkt sönglög. Bókin gefur einkar gott yfirlit um ævi Eyþórs og fjölþætt menningarlíf á Sauárkróki á hans tíð.
327 bls.
**Sögufélag Skagfirðinga**

IB






## Hanna Kjeld

*Lífshlaup í ljósi og skugga*

**Skrás.: Magnús Valur Pálsson**

Hanna Kjeld er fædd og uppalin í Innri-Njarðvík og bjó um tíma í Færeyjum. Hún fluttist ung til Hafnarfjarðar, þar sem hún hefur búið alla tíð síðan. Hanna var fyrst við nám í Flensborgarskólanum, en síðar varð skólinn vinnustaður hennar í tæpa fimm áratugi. Í þessari frásögn sinni rekur hún eitt og annað sem á daga hennar hefur drifið á lífshlaupinu.

176 bls.

**Magnús Valur Pálsson**

IB




## Læknirinn í Englaverksmiðjunni

*Saga Moritz Halldórssonar*

**Ásdís Halla Bragadóttir**

Eftir mikla heimildaleit tókst Ásdísi Höllu að svipta hulunni af ævintýralegu lífshlaupi manns sem átti sér stóra drauma og fjölskylduleyndarmálum sem aldrei áttu að verða afhjúpuð. Inn í söguna fléttast mestu fjöldamorð í sögu Danmerkur, sjálfstæðisbarátta Íslendinga og líf Vestur-Íslendinga.

323 bls.

**Veröld**

IB RAF




## Hákarla-Jörundur

*Ævisaga Jörundar Jónssonar hákarlaformanns*

**Friðrik G. Olgeirsson**

Jörundur Jónsson fór sem fátækur unglingur að heiman frá Kleifum í Ólafsfirði. Honum tókst að brjótast úr hlekkjum fátæktar og og verða sjálfstæður útgerðarmaður. Hann efnaðist og árið 1862 settist hann að í Hrísey með fjölskyldu sinni. Þar hélt velgengni hans áfram og Jörundur gat sér orð fyrir að vera einn fengsælasti hákarlaveiðimaður landsins, áræðinn og farsæll skipstjóri.

245 bls.

**Skrudda**

IB




## Markús

*Á flótta í 40 ár. Öðruvísi Íslandssaga*

**Jón Hjaltason**

Markús Ívarsson baslaði hálfa ævina í Eyjafirði, var vinnumaður og bóndi, átti 15 börn með 8 konum, sat fangi í þrjú ár í Kaupmannahöfn, braust úr tukthúsi á Akureyri, var flóttamaður í Skagafirði og eftirlýstur í tæp 40 ár. Lengst af útlegðar bjó Markús á Snæfellsnesi undir nafninu Sigurður Jónsson. Markús dó 1923 á Litla-Hrauni á Snæfellsnesi.

224 bls.

**Völuspá útgáfa**

IB




## Ilmreyr

*Móðurminning*

**Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir**

*Ilmreyr* er kveðja frá dóttur til móður en um leið óður til formæðra og -feðra sem háðu lífsstríð sitt við úthafsölduna vestur á fjörðum. Í bókinni vefast sjálfsævisöguleg efnistök saman við sagnfræði, þjóðfræði, skáldskap og skemmtun. Hér segir frá samspili kynja og kynslóða, bernskubrekum, hversdagslífi, ævintýrum, ástum og mögnuðum örlögum.

278 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB RAF HLB




## Með grjót í vösunum

**Sveinn Torfi Þórólfsson**

Bókin geymir minningar um horfinn tíma og svipmyndir af eftirminnilegu fólki á Skagaströnd, í Grindavík og víðar. Þetta er mikilsverð og bráðskemmtileg heimild um horfinn heim og harða lífsbaráttu sem lögð var á ungar herðar um miðja síðustu öld.

358 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

IB




## Jón Sverrisson

*Langferðamaður úr Meðallandi*

**Jón Árni Friðjónsson**

Endurminningaþættir Jóns Sverrissonar, fyrrum yfirfiskimatsmanns í Vestmannaeyjum, voru fyrst birtir sem röð greina í Lesbók Morgunblaðsins árið 1960. Þetta efni vakti athygli, ekki síst ævintýralegar frásagnir af svaðilförum sögumanns og erfiðri lífsbaráttu gamla samfélagsins. Í þessari bók er ævi Jóns rakin en þessum þáttum hans er fléttað inn í frásögnina.

341 bls.

**Skrudda**

IB




## Minn hlátur er sorg

*Ævisaga Ástu Sigurðardóttur*

**Friðrika Benónýsdóttir**

Ásta var skapheit og ástríðufull listakona sem bjó yfir miklum hæfileikum, en ljós og skuggar tókust á um líf hennar og sál. Hún var dáð og fyrirlitin, elskuð og fordæmd. Hennar biðu um síðir bitur örlög. Í þessari einstæðu ævisögu er lífsþorsta, brestum og óblíðri ævi Ástu Sigurðardóttur lýst af næmri samkennd og innsæi.

160 bls.

**Salka**

KIL




## Kristinn og Þóra

*Rauðir þræðir*

**Rósa Magnúsdóttir**

Kristinn E. Andrésson og Þóra Vigfúsdóttir voru áhrifamikil í íslenskri pólitík og menningarlífi. Þau trúðu á drauminn um framtíðarríki kommúnismans en létu hugsjónir sínar stundum blinda sig. Hér er m.a. byggt á dagbókum og einkaskjölum sem sýna hugsanir þeirra og skoðanir en ekki síður ástina sem veitti þeim skjól fyrir árásum og gagnrýni.

567 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF




## Rætur

*Á æskuslóðum minninga og mótunar*

**Ólafur Ragnar Grímsson**

Ólafur Ragnar Grímsson sýnir hér nýja hlið á manni sem flestir telja sig þekkja vel. Meitluð mynd, sannfærandi, hreinskilin og persónuleg. Hér leitar Ólafur upprunans og svara við fjölmörgum spurningum: Hvað markaði brautir lífsins? Hverjir mótuðu strákinn að vestan? Hvar er innri mann að finna?

290 bls. / 🔊 11:15 klst.

**Forlagið - Mál og menning**

SVK RAF HLB



GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa EÚT Endurútgáfa




## Sigríður á Tjörn

*Minningar og myndbrot frá langri ævi*

**Sigríður Hafstað**

Í bókinni bregður Sigríður Hafstað upp myndbrotum úr ævi sinni með sendibréfum, viðtölum og öðru efni sem frá henni er runnið. Hún ólst upp á stóru sveitaheimili í Vík í Skagafirði og stóð fyrir öðru slíku á Tjörn í Svarfaðardal. Þar fæddi hún og klæddi börn sín sjö og oft miklu fleiri börn, sinnti gestum, vann við bústörf og starfaði að félagsmálum, kórsöng og leiklist. Gekk á fjöll, rak héraðsfréttablað, var hreppstjóri og snerist í kringum niðjana.

256 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Veistu ef þú vin átt

*Minningar Aðalheiðar Hólm Spans*

**Þorvaldur Kristinsson**

Átján ára stofnaði Aðalheiður Hólm Starfsstúlknafélagið Sókn sem sameinaði konur í lægstu stéttum þjóðfélagsins í baráttu fyrir mannsæmandi lífi og hún stóð fremst í sveit þeirra sem töluðu máli alþýðukvenna á hörðum tímum.

„Áhrifamikil og djúpvitur saga."
Vigdís Finnbogadóttir

299 bls.

**Bjartur**

IB RAF EÚT




## Sigurður Þórarinsson

*Mynd af manni I–II*

**Sigrún Helgadóttir**

Ævisaga Sigurðar Þórarinssonar segir af einum fremsta vísindamanni Íslendinga. Hann gjörþekkti Ísland: eldgosin, jöklana og jarðlögin en líka sögu og menningu og glæddi áhuga og þekkingu þjóðarinnar á náttúru landsins og mikilvægi náttúruverndar - auk þess að vera vinsælt söngvaskáld.

802 bls.

**Náttúruminjasafn Íslands**

IB




## Völva Suðurnesja

**Gunnar M. Magnúss.**

Bók þessi segir frá dulrænni reynslu og hæfileikum Unu Guðmundsdóttur (1894–1978) í Sjólyst í Garði. Orðrómur um hæfileika hennar barst víða meðan hún lifði og öllum bar saman um að til hennar hafi verið að sækja styrk og hjálp í orði og verki. Metsölubók allt frá fyrstu útgáfu 1969. Gefin út í samvinnu við Hollvinafélag Unu.

190 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

IB




## Tólf keisarar

*I – Caesar, II – Ágústus, III – Tiberius og Caligula, IV – Claudius og Nero, V – Galba, Otho og Vitellius, VI – Vespasianus, Titus og Domitianus*

**Gaius Suetonius Tranquillus**

**Þýð.: Illugi Jökulsson**

**Lesari: Illugi Jökulsson og Vera Illugadóttir**

Um árið 100 hóf Suetonius að skrifa sögu fyrstu keisara Rómaveldis. Í afar fjörugri og líflegri frásögn rekur hann afreksverk þeirra jafnt sem ótrúlega glæpi, samsæri, undirferli og yfirsjónir í rúminu í bland við orrustur, borðsiði og fjölskyldumál. Sería í 12 hlutum þar sem fjallað er um ótrúlega sögu keisaranna.

🔊 2:20 klst.

**Storytel**

HLB




## Þeir hreinu tónar

*Ævisaga Oddgeirs Kristjánssonar*

**Kristín Ástgeirsdóttir**

Hver er sagan að baki ungs drengs sem vex upp í Vestmannaeyjum, eitt margra barna fátækra foreldra, sker sig úr hópnum, gerist tónskáld og verður einn af vinsælustu dægurlagahöfundum landsins?

Hér er dregin upp mynd af lífi og ævistarfi Oddgeirs Kristjánssonar, sem í gegnum brotsjó 20. aldarinnar, sóttir og styrjaldir samdi mörg sinna ljúfustu laga.

328 bls.

**Sögur útgáfa**

IB




## Úr heljargreipum

**Baldur Freyr Einarsson**

„Alinn upp við ofbeldi og óreglu fetar Baldur sama veg þegar hann eldist en snýr við blaðinu eftir hreint ótrúlegt lífshlaup, ákveðinn í að nota reynslu sína til að hjálpa öðrum. Mögnuð bók sem gefur sjaldgæfa innsýn í heim sem við þekkjum frekar úr glæpasögum. Einlæg frásögn sem veitir von þeim sem eru fastir á vondum stað og aðstandendum þeirra."

„Á köflum hefði maður viljað spenna öryggisbeltin við lesturinn."
Guðríður Haraldsdóttir blaðamaður

410 bls.

**Von Ráðgjöf**

IB




## Úr sagnabrunni Hólmsteins Helgasonar

**Ritstj.: Níels Árni Lund**

Hólmsteinn Helgason ólst upp á Langanesi en fluttist ungur til Raufarhafnar. Hann hóf fljótlega eigin útgerð frá Raufarhöfn sem hann rak til æviloka. Hólmsteinn tók snemma að skrifa ýmsar minningar frá æskuárum en einnig sögur og sagnir sem annars hefðu glatast. Í þessari bók er dregið saman megnið af skrifum Hólmsteins og þau fléttuð saman við æviferil hans.

429 bls.

**Skrudda**

IB





Komdu til okkar
á Háskólatorg
eða pantaðu á
www.boksala.is

bóksala stúdenta

Vertu ekki bóklaus á jólanótt

# Matur og drykkur




## Bakað með Evu

**Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir**
**Myndir: Heiðdís Guðbjörg Gunnarsdóttir**
Bakað með Evu hefur að geyma rúmlega 80 uppskriftir að bökuðu góðgæti af öllum stærðum og gerðum sem henta við öll tilefni. Háar og tignarlegar veislutertur, ilmandi pönnukökur og vöfflur, gómsætir brauðréttir og sætabrauð, dásamlegar marengstertur, girnilegar osta- og skyrkökur, frábærar formkökur og smákökur og litríkar bollakökur eru meðal þess sem prýðir síður bókarinnar.
208 bls.
**Salka**

IB




## Bakarabókin

**Þýð.: Margrét Ísdal**
**Ritstj. ísl. útg: Ásgeir Þór Tómasson og Dýrfinna Guðmundsdóttir**
Yfirgripsmikil kennslubók á vefbókarformi, sem er íslensk þýðing og staðfæring á bókunum *Bageri* og *Konditori* sem Samtök sænskra bakara stóðu að. Um er ræða viðamesta kennsluefni fyrir bakaraiðn sem komið hefur út á íslensku og inniheldur gagnvirkar orðskýringar, skýringarmyndbönd og uppskriftir auk fjölmargra tengla á ítarefni.
**IÐNÚ útgáfa**

RAF




## Bestu kleinur í heimi

*Íslenskar kleinuuppskriftir og skemmtilegur fróðleikur um kleinur*
**Ingunn Þráinsdóttir**
Þær gleymast seint kleinurnar sem urðu til í eldhúsinu heima. Ingunn Þráinsdóttir hefur lengi safnað kleinuuppskriftum um allt land, og þær er nú að finna í þessari fallega myndskreyttu bók. Í bókinni eru 57 kleinuuppskriftir, gott sýnishorn af heimagerðum íslenskum kleinum. Auk uppskriftanna er í bókinni skemmtilegur fróðleikur um kleinur.
72 bls.
**Nýhöfn**

IB




## Borð fyrir einn – allan ársins hring

**Nanna Rögnvaldardóttir**
Að elda fyrir einn – girnilegan, hollan og góðan mat af öllu tagi – er auðveldara en margir halda. Hér eru allar uppskriftir ætlaðar fyrir einn, hvort sem um er að ræða hversdagsrétti eða veislumat, pottrétti og súpur eða létta rétti, kjötrétti, fiskrétti eða grænmetisrétti, eftirrétti, kökur eða meðlæti. Bók sem kemur sér afar vel fyrir einbúa – og aðra líka.
240 bls.
**Forlagið - Iðunn**

IB




## Borðum betur

*Fimm skref til langvarandi lífsstílsbreytinga.*
**Rafn Franklín Johnson Hrafnsson**
Í þessari fróðlegu og handhægu bók leiðir Rafn Franklín heilsuráðgjafi og þjálfari lesendur á markvissan hátt í gegnum 5 skref sem umbreyta mataræðinu. Breytingarnar stuðla að langvarandi heilbrigði og hjálpa þeim sem vilja haldast í kjörþyngd.

Rafn miðlar sinni þekkingu á einstakan hátt í bókinni auk þess sem girnilegar og heilnæmar uppskriftir fylgja.
262 bls.
**Sögur útgáfa**

SVK




## Breyttu leiknum, borðaðu betur

**Elísa Viðarsdóttir**
Hvernig getur íþróttafólk hámarkað árangur sinn og náð meiri færni í leik sínum? Færa breyttar áherslur í mataræði fólk beint á toppinn?

Það veit Elísa Viðarsdóttir, næringarfræðingur og knattspyrnukona, sem deilir hér hagnýtum fróðleik um næringu og mataræði ásamt girnilegum uppskriftum. Einnig fáum við innsýn í máltíðir þekkts íþróttafólks á leikdegi.
140 bls.
**Sögur útgáfa**

KIL




## Börnin baka

**Berglind Hreiðarsdóttir og Elín Heiða Hermannsdóttir**
**Myndir: Berglind Hreiðarsdóttir**
Bókin *Börnin baka* inniheldur fjöldann allan af einföldum uppskriftum sem henta vel fyrir börn og unglinga. Uppskriftirnar eru að mestu tengdar bakstri en í bókinni er einnig að finna uppskriftir að einföldu góðgæti sem ekki felur í sér bakstur. Í bókinni eru gefin góð ráð fyrir bakstur ásamt því sem leiðbeiningamyndir eru við flóknari uppskriftir.
128 bls.
**Gotterí & gersemar**

IB




## Eftirlætisréttir Eddu

**Edda S Jónasdóttir**
**Myndskr.: Hlíf Una Bárudóttir**
Edda hefur haft áhuga á mat og matargerð í tugi ára og viðað að sér fróðleik og uppskriftum úr ýmsum áttum og lagað að sínum smekk. Fjölskylda hennar og vinir hafa fengið að njóta alls konar kræsinga sem hún hefur töfrað fram. Eftirlætisréttir Eddu eru hollur og bragðgóður heimilismatur - sannkallaðir veisluréttir. Verði ykkur að góðu.
131 bls.
**Gamla bláa húsið**

IB




## GRILL

**Viktor Örn Andrésson og Hinrik Örn Lárusson**
**Myndir: Heiðdís Guðbjörg Gunnarsdóttir**
GRILL hefur að geyma fleiri en 100 girnilegar uppskriftir úr smiðju Viktors og Hinriks í Sælkerabúðinni ásamt góðum ráðum um grill- og eldunaraðferðir. Réttir bókarinnar eru fjölbreyttir og hver öðrum gómsætari. Hráefnið er af ýmsum toga, allt frá nauti til grænmetis, villibráðar til skelfisks og sósum til eftirrétta. GRILL er yfirgripsmikil og falleg matreiðslubók sem blæs grillurum eldmóði í brjóst og tryggir að allir geti framreitt hina fullkomnu steik.
240 bls.
**Salka**

IB


GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa EÚT Endurútgáfa



### Heima hjá Lækninum í eldhúsinu
**Ragnar Freyr Ingvarsson**
Heima líður okkur vel og þar eigum við okkar bestu stundir. Ástríðukokkurinn og Læknirinn í eldhúsinu, Ragnar Freyr, er kominn heim eftir langa dvöl erlendis og hér töfrar hann fram litríkt lostæti sem aldrei fyrr. Enda á heimavelli.

Læknirinn í eldhúsinu sló í gegn með fyrri bókum sínum, sem eru löngu orðnar ófáanlegar.
374 bls.
**Sögur útgáfa**

IB




### HEIMABARINN
**Ivan Svanur Corvasce og Andri Davíð Pétursson**
HEIMABARINN býður upp á fjölda spennandi uppskrifta í bland við áhugaverðan fróðleik - sannkallaður dýrgripur fyrir alla sem hafa gaman af að lífga upp á tilveruna með kræsilegum kokteilum!
224 bls.
**Edda útgáfa**

IB




### Jómfrúin
*Dönsk og dejlig í 25 ár*
**Jakob E. Jakobsson**
**Myndir: Heiðdís Guðbjörg Gunnarsdóttir**
Jómfrúin hefur á þeim 25 árum sem hún hefur starfað fangað hjörtu þeirra sem miðbæ Reykjavíkur sækja. Bókin sem hér kemur fyrir sjónir lesenda er óður til Jómfrúarinnar. Í henni má finna uppskriftir að fjölmörgum réttum sem prýtt hafa matseðilinn í gegnum tíðina, sögu veitingastaðarins og vitnisburð fastakúnna sem allir kalla Jómfrúna sína enda eru veitingastaðir hvorki stærri né meiri en fólkið sem er þar innandyra. Jómfrúin er okkar og við erum hennar.
192 bls.
**Salka**

IB





Komdu til okkar
á Háskólatorg
eða pantaðu á
www.boksala.is

bóksala stúdenta

Hó, hó, hó! Jólabóka-bókajól!


# Fræði og bækur almenns efnis




### A World in Fragments: Studies on the Encyclopedic Manuscript GKS 1812 4to
**Ritstj.: Gunnar Harðarsson, Christian Etheridge, Guðrún Nordal og Svanhildur Óskarsdóttir**
Bókin fjallar um íslenska alfræðihandritið GKS 1812 4to frá sjónarhornum ólíkra fræðigreina, þ. á m. handritafræði, stærðfræði og stjörnufræði.
322 bls.
**Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum**

SVK



### Af einskærri Sumargleði
*Sögur frá litríkum skemmtanaferli*
**Ómar Ragnarsson**
Hér segir Ómar á bráðsmellinn hátt frá árunum með Sumargleðinni, sem hann stofnaði með Ragnari Bjarnasyni söngvara. Þeir ferðuðust um landið sumrin 1971–1985 og héldu uppi söng, gríni og gleði. Einnig rekur Ómar upphaf ferils síns og segir frá skemmtanalífinu á Íslandi áður fyrr; revíunum, héraðsmótunum og ekki síst samferðafólki sínu.
257 bls.
**Forlagið - Iðunn**

IB RAF




### Agent Fox in Iceland
*136 things to know before coming to the island*
**Weronika Lis**
Í þessari teiknimyndabók sinni, lætur hin pólska Weronika Lis, refinn sinn, Agent Fox, kanna ýmsar staðreyndir um Ísland. Refurinn er fullur af húmor og jákvæðu hugarfari. Í bókinni, sem er skrifuð á ensku, gerir Agent Fox grein fyrir því hve ófyrirsjáanlegt Ísland getur verið. Tilvalin gjöf fyrir erlenda vini eða ættingja, hérlendis og erlendis.
160 bls.
**Nýhöfn**

IB




### Allt í blóma
*Stofublómarækt við íslenskar aðstæður*
**Hafsteinn Hafliðason**
Falleg pottablóm eru dásamleg. Þau gera heimilin okkar hlýlegri, veita gleði og fegra umhverfið.

Í *Allt í blóma* fræðir fremsti garðyrkjumaður okkar, Hafsteinn Hafliðason, blómaunnendur um hvaðeina sem skiptir máli af sínu alkunna listfengi.

Hafsteinn hefur lengi glatt fylgjendur Facebook-grúppunnar *Stofublóm, inniblóm, pottablóm* og gerir það svo sannarlega hér svo um munar.
400 bls.
**Sögur útgáfa**

IB




## Almanak Háskóla Íslands 2022

**Þorsteinn Sæmundsson og Gunnlaugur Björnsson**

Auk dagatals flytur almanakmið margvíslegar upplýsingar, svo sem um sjávarföll og gang himintungla. Lýst er helstu fyrirbærum á himni sem frá Íslandi sjást, stjörnukort, áttavitastefnur á Íslandi og kort sem sýnir helstu tímabelti heimsins. Einnig er Yfirlit um hnetti himingeimsins, mælieiningar, veðurfar, stærð og mannfjölda allra sjálfstæðra ríkja o.fl. Af nýju efni má nefna grein um útþenslu alheimsins og aðra um lengingu dagsins eftir vetrarsólhvörf.

96 bls.

**Háskólaútgáfan**

SVK

---




## Almanak HÍÞ ásamt árbók

**Arnór Gunnar Gunnarsson**

**Ritstj.: Þorsteinn Sæmundsson og Gunnlaugur Björnsson**

Auk dagatals flytur almanakmið margvíslegar upplýsingar, svo sem um sjávarföll og gang himintungla. Lýst er helstu fyrirbærum á himni sem frá Íslandi sjást, stjörnukort, áttavitastefnur á Íslandi og kort sem sýnir helstu tímabelti heimsins. Einnig er Yfirlit um hnetti himingeimsins, mælieiningar, veðurfar, stærð og mannfjölda allra sjálfstæðra ríkja o.fl. Af nýju efni má nefna grein um útþenslu alheimsins og aðra um lengingu dagsins eftir vetrarsólhvörf. Að vanda fylgir árbók ársins 2020.

120 bls.

**Háskólaútgáfan**

SVK

---




## Andardráttur

*Forn list endurvakin*

**James Nestor**

**Þýð.: Urður Snædal**

Öndun er mikilvægasti þáttur heilsu okkar en þó höfum við tapað hæfileikanum að anda rétt.

Blaðamaðurinn James Nestor sýnir okkur að smávægilegar breytingar á öndun geta lengt lífið, eflt þrek og þol, endurnært líffærin og komið í veg fyrir hrotur, astma og ýmsa sjúkdóma.

Metsölubók New York Times og Sunday Times. Bók ársins hjá Washington Post.

303 bls.

**Sögur útgáfa**

KIL

---




## Andlit á glugga

*Úrval íslenskra þjóðsagna með skýringum*

**Myndir: Halldór Baldursson**

**Ritstj.: Jón Karl Helgason og Romina Werth**

Safn íslenskra þjóðsagna og ævintýra með nútímastafsetningu og ítarlegum orðskýringum. Í bókinni eru um 60 sögur þar sem lýst er ástum og grimmum örlögum, heimsku og útsjónarsemi, hugrekki og hryllingi.

272 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

SVK RAF

---




## Andvari 2021

**Ritstj.: Ármann Jakobsson**

Aðalgrein Andvara 2021 er æviágrip Hermanns Pálssonar, prófessors í Edinborg, eftir Torfa H. Tulinius. Einnig er minnst þess að Hið íslenska þjóðvinafélag er nú 150 ára. Arnór Gunnar Gunnarsson sagnfræðingur ritar grein um síðustu 50 árin í sögu félagsins. Aðrar greinar í heftinu eru eftir Guðrúnu Nordal, Birnu Bjarnadóttur, Hauk Ingvarsson, Þórdísi Eddu Jóhannesdóttur, Kristínu Ingvarsdóttur, Guðrúnu Steinþórsdóttur, Hannes Pétursson, Svein Einarsson og Sigrúnu Júlíusdóttur.

217 bls.

**Háskólaútgáfan**

SVK

---




## Arfur aldanna I

*Handan Hindarfjalls*

**Aðalheiður Guðmundsdóttir**

Hér er fyrsta bindi af fjórum í ritröðinni Arfur aldanna en ritröðin fjallar um fornaldarsögur, uppruna þeirra, útbreiðslu og einkenni. Í þessi bindi er dregin upp heildarmynd af efnivið sagnanna í evrópsku samhengi utan Norðurlanda fram að ritunartíma þeirra á Íslandi á 13. og 14. öld. Einkum og sér í lagi er sótt í annála og aðrar fornar sagnfræðiheimildir en einnig söguljóð og fornminjar sem kunna að fela í sér myndrænar tilvísanir í söguefnið.

242 bls.

**Háskólaútgáfan**

IB

---




## Arfur aldanna II

*Norðvegur*

**Aðalheiður Guðmundsdóttir**

*Norðvegur* er annað bindi af fjórum í ritröðinni Arfur aldanna sem fjallar um fornaldarsögur, uppruna þeirra, útbreiðslu og einkenni. Í þessu bindi er dregin upp heildarmynd af efnivið sagnanna í norrænu samhengi fram að ritunartíma þeirra á Íslandi á 13. og 14. öld. Einkum er stuðst við fornminjar á borð við myndsteina, rúnasteina, útskurð í tré og vefnað en við sögu koma þó einnig sagnaritarar og skáld sem unnu með sagnaefnið í ritum sínum og kveðskap.

250 bls.

**Háskólaútgáfan**

IB

---




## Á fjarlægum ströndum

*Tengsl Spánar og Íslands í tímans rás*

**Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur**

**Ritstj.: Erla Erlendsdóttir og Kristín Guðrún Jónsdóttir**

Safn greina eftir 14 höfunda um samskipti Spánar og Íslands í tímans rás. Sagt er frá ferðum um Jakobsveginn fyrr og nú, hvalveiðum Spánverja við Íslandsstrendur, gömlum orðasöfnum, saltfisksölu, íslenskum sjálfboðaliðum í spænsku borgarastyrjöldinni, íslenskum gítarnemum, sólarlandaferðum, spænskukennslu á Íslandi, þýðingum bókmenntaverka o.fl. Einnig eru minningabrot Spánverja og Íslendinga.

422 bls.

**Háskólaútgáfan**

SVK

---




## Á réttri leið

*Uppbygging og þróun í málefnum fatlaðra á Norðurlandi eystra 1959 – 1996*

**Bjarni Kristjánsson og Svanfríður Larsen**

Raktar eru hugmyndir um þjónustu við fólk með þroskahömlun á 20 öld og breytingar á þeim við aldarlok. Í forgrunni er Vistheimilið Sólborg á Akureyri og starfsemi þess. Heimilið var lagt niður þegar barátta fyrir réttarbótum til handa fötluðum hafði skilað sér í auknum réttindum þeirra og sjálfstæði. Tími hinna stóru altæku stofnana var að líða undir lok.

379 bls.

**Á réttri leið**

SVK

---




## Á sviðsbrúninni

*Hugleiðingar um leikhúspólitík*

**Sveinn Einarsson**

Í þessum hugleiðingum um leikhúspólitík rifjar Sveinn Einarsson upp starf sitt í leikhúsum, óperuhúsum og sjónvarpi undanfarna áratugi. Hann veltir fyrir sér aðferðafræði og vinnubrögðum leikstjórans og samvinnunni við leikskáld, tónskáld, leikara, söngvara, höfunda leikmynda, búninga og ljósa ásamt öðrum sem koma að því að skapa sviðslistaverk.

234 bls.

**Ormstunga**

IB RAF




## Áfangastaðir – í stuttu máli

*Ritröð í félagsvísindum*

**Gunnar Þór Jóhannesson og Katrín Anna Lund**

**Ritstj.: Ólafur Rastrick**

Hér er sjónum beint að áfangastöðum ferðamanna og hvernig þeir mótast. Viðfangsefnið er tekið til gagnrýninnar skoðunar og rýnt í kvikt samband menningar og náttúru við tilurð ferðamannastaða. Bókin á erindi við alla sem sinna ferðaþjónustu og skipulagi ferðamála og sýnir hvernig hægt er að hugsa um samband ferðaþjónustu og samfélaga með nýjum hætti.

110 bls.

**Háskólaútgáfan**

SVK




## Bjarmalönd

*Rússland, Úkraína og nágrenni í nútíð, fortíð og framtíð*

**Valur Gunnarsson**

Í senn stórfróðleg og bráðskemmtileg svipmynd af heimshluta sem fjallað er um í næstum hverjum fréttatíma, hvort sem um er að ræða stríð í austurhluta Úkraínu eða mótmæli gegn Lúkasjenkó í Hvíta-Rússlandi, átök um Nagornó Karabak eða ráðgátuna Pútín. Skyldulesning allra sem vilja fylgjast með.

432 bls. / 🔊 17:48 klst.

**Forlagið - Mál og menning**

SVK RAF HLB




## Banvæn mistök í íslenska heilbrigðiskerfinu

*Hvernig lifir móðir slíkan missi*

**Auðbjörg Reynisdóttir**

Bók Auðbjargar byggir á sjúkraskrám og dagbókum en í henni er rætt um fagleg og ófagleg viðbrögð við alvarlegum mistökum í meðferð sjúklinga, en einnig hvernig móðir getur lifað af missi og mætt viðbrögðum kerfisins. Saga Jóels Gauts (1999–2001) á erindi við alla þá sem tengjast heilbrigðiskerfinu, starfsfólk þess, sjúklinga og aðstandendur.

272 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Bók allra árstíða

*Hugleiðingar um undirbúning, sáningu,vöxt og uppskeru lífsins*

**Linda Sigríður Baldvinsdóttir**

*Bók allra árstíða* er samansafn gullkorna sem höfundur hefur skrifað til samferðamanna sinna til að létta þeim lífsgönguna. Hún gefur þeim von, styrk, jákvæðni og samkennd á þeirri leið.

„Yndislegar, angurværar hugvekjur sem minna okkur á að við erum kraftaverk, ljósverur, sem ráða því hvernig við veitum athygli ljósi okkar“ Guðni Gunnarsson lífsþjálfi

172 bls.

**Linda Sigríður Baldvinsdóttir**

IB




## Bestu gamanvísurnar

**Ritstj.: Ragnar Ingi Aðalsteinsson**

Ragnar Ingi Aðalsteinsson hefur undanfarin ár safnað saman úrvalsvísum af ýmsum toga sem eiga það sameiginlegt að vera fyndnar, frumlegar, furðulegar eða allt þetta. Sumar vísurnar leika á hvers manns vörum, aðrar eru alveg nýjar og óbirtar. Í upphafi bókarinnar er stórskemmtilegt ágrip um helstu gamanvísnahöfunda þjóðarinnar. Stórskemmtileg bók.

248 bls.

**Almenna bókafélagið**

IB




## Bretaveldi

**Jón Þ. Þór**

Sú var tíð að Bretar réðu víðfeðmasta heimsveldi sögunnar. Saga þess hófst á valdadögum Elísabetar I á 16. öld og stóð fram á þá 20. Í þessari fróðlegu og læsilegu bók rekur Jón Þ. Þór sögu Breska heimsveldisins í stuttu máli, skýrir ris þess og hnig.

269 bls.

**Urður bókafélag**

KIL




## Birgir Andrésson

*Í íslenskum litum*

**Þröstur Helgason**

Birgir Andrésson (1955–2007) var í senn þjóðlegastur og alþjóðlegastur íslenskra listamanna. Úr uppdráttum af torfbæjum, hestalýsingum, flökkurum og neftóbaksfræðum bjó hann til verk sem segja öllum íbúum heimsins sannleikann um sig sjálfa. Árum saman skráði Þröstur Helgason hnyttni hans og heimspeki, uppvaxtarsögur af Blindraheimilinu og frásagnir af vopnabræðrum í listinni. Það leiðist engum að hlýða á sagnagarpinn í ham og í þokkabót fær lesandinn frábæra innsýn í list hans og feril.

180 bls.

**Háskólaútgáfan**

SVK EÚT




## Bréf Vestur-Íslendinga III

**Ritstj.: Böðvar Guðmundsson**

Í þriðja og síðasta bindi þessarar merku ritraðar birtast bréf vesturfara sem hófu að skrifa heim á 20. öldinni. Bréfin eru heillandi lesning og ómetanleg heimild um vesturíslenskt samfélag. Efni þeirra litast af innreið nútímans og mörgum hinna eldri þykir sárt að horfa upp á afkomendurna samlagast nýju þjóðfélagi og tapa niður íslenskunni.

734 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB




## Bílamenning

*Akstursgleði liðinnar aldar í máli og myndum*

**Örn Sigurðsson**

Ómissandi verk fyrir alla bílaáhugamenn. Hér eru bílar almennings, lögreglu og slökkviliðs; trukkar jafnt sem eðalvagnar, jeppar, vörubílar og húsbílar. Fjallað er um fjölmargt tengt bílum, svo sem bensín- og smurstöðvar, verkstæði, hjólhýsi og leikföng, að ógleymdri vega- og gatnagerð. Bókina prýða rúmlega þúsund ljósmyndir. Sannkallað stórvirki!

320 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

IB



## Bríet

**Bríet Ísis Elfar**

Orðin sem ég fékk að láni.

128 bls.

**Króníka**

SVK




## Bærinn brennur
*Síðasta aftakan á Íslandi*
**Þórunn Jarla Valdimarsdóttir**
Margt hefur verið skrifað um morðin á Illugastöðum árið 1828, aðdraganda og eftirmál. Bóndinn Natan var myrtur ásamt öðrum manni, rændur og síðan kveikt í til að reyna að dylja verksummerki. Miklar sögur spunnust um glæpinn og sakborningana – en hver er sannleikurinn? Þórunn leitar í frumgögn og varpar nýju ljósi á málið og einstaklingana sem við sögu komu.
349 bls.
**Forlagið - JPV útgáfa**

IB RAF HLB




## Erindi
*Póetík í Reykjavík*
**Ritstj.: Kjartan Már Ómarsson**
Reykjavík fagnar tíu ára afmæli sem Bókmenntaborg UNESCO haustið 2021. Á þessum tímamótum hugleiða fjórtán reykvískir höfundar skáldskaparlistina.
Höfundarnir eru; Auður Ava Ólafsdóttir, Hallgrímur Helgason, Margrét Bjarnadóttir, Mazen Maarouf, Steinar Bragi, Steinunn Sigurðardóttir, Gerður Kristný, Yrsa Sigurðardóttir, Bergrún Íris Sævarsdóttir, angela rawlings, Bergsveinn Birgisson, Hildur Knútsdóttir, Alexander Dan og Elías Knörr.
384 bls.
**Benedikt bókaútgáfa**

KIL




## Börn og sorg
**Sigurður Pálsson**
Hvernig má leiða börn og unglinga til fundar við þá staðreynd lífsins sem dauðinn er á eðlilegan og nærfærinn hátt?
*Börn og sorg* kom fyrst út árið 1998 og öðlaðist miklar vinsældir. Hún er ætluð þeim sem annast börn og unglinga, hvort sem er á heimili eða í skóla.
112 bls.
**Skálholtsútgáfan - Kirkjuhúsið**

KIL




## Ég lifi lífi sem líkist ykkar
*Lífslýsing*
**Jan Grue**
**Þýð.: Steinar Matthíasson**
Jan Grue hefur notað hjólastól frá barnæsku vegna vöðvarýrnunarsjúkdóms. Í þessari verðlaunabók lýsir hann lífi sínu og hugleiðir ýmsar áskoranir sem hann hefur mætt, bæði hversdagslegar og þungvægar. Hann greinir frá uppvextinum, baráttu sinni við kerfið, vonbrigðum og árangri, biturleika en einnig gleði.
164 bls.
**Háskólaútgáfan**

SVK




## Dagbókin
**Katrín Edda Þorsteinsdóttir**
Í Dagbókinni er farið yfir leiðir til að innleiða góðar venjur út frá skilgreiningu innri gilda og skýrri markmiðasetningu sem hámarka afköst og árangur. Dagbókin er hönnuð til að auka meðvitund á daglegum venjum og líðan m.a. með markvissri sjálfsskoðun, skipulögðum verkefnalistum og dagbókarfærslum.
256 bls.
**Króníka**

IB




## Fimmaurabrandarar 3
Þegar Aðalbjörg svarar ekki í símann hringi ég í Varabjörgu. Ef ég villist á leiðinni að Heilsuhælinu í Hveragerði er ég þá hælisleitandi? Hvort er útrunnið eitur hættulegra eða hættuminna? Í gær ætlaði ég að segja góðan brandara um IKEA en ég er enn að setja hann saman. Hér rekur hver snilldin aðra og víst er að margir munu eiga góðar stundir með þessa bók á milli handanna.
80 bls.
**Bókaútgáfan Hólar**

SVK




## Eikonomics
**Eiríkur Ásþór Ragnarsson**
Sumir halda að hagfræði sé hrútleiðinleg og snúist eingöngu um verðteygni, stýrivexti, verga þjóðarframleiðslu og arðsemi eigin fjár á fyrsta ársfjórðungi. En í húsi hagfræðinnar eru fleiri herbergi sem minna hefur farið fyrir, svo sem jóla- og djammhagfræðin auk landabruggs- og bílasöluhagfræðinnar. Hér er hlutur þeirra réttur nokkuð í grútskemmtilegri og stórfróðlegri bók.
224 bls. / 🔊 5:41 klst.
**Forlagið - Mál og menning**

SVK RAF HLB




## Fjárfestingar
**Aníta Rut Hilmarsdóttir, Kristín Hildur Ragnarsdóttir og Rósa Kristinsdóttir**
Fjárfestingar fjallar um fjármál og fjárfestingar á áhugaverðan og hvetjandi hátt. Bókin er ætluð öllum sem hafa áhuga á því að fjárfesta, jafnt byrjendum sem lengra komnum. Fjallað er um allar helstu fjárfestingaleiðir og er bókin uppfull af frábærum ráðum sem þú getur nýtt þér við að ávaxta pening og taka góðar ákvarðanir í fjármálum.
128 bls.
**Fullt tungl**

IB




## Elítur og valdakerfi á Íslandi
**Gunnar Helgi Kristinsson**
Elítum er oft stillt upp sem óvinum alþýðunnar í pólitískri orðræðu samtímans. En hvað er í raun vitað um elíturnar? Mynda þær samhentan kjarna sem stýrir samfélaginu á bakvið tjöldin eða samanstanda þær bara af fólki sem hefur náð góðum árangri á sínu sviði? Í þessari bók er þróun valdakerfanna á Íslandi rakin frá því á nítjándu öld og gögn birt um samsetningu og starfshætti elítuhópa á mismunandi sviðum samfélagsins.
182 bls.
**Háskólaútgáfan**

SVK




## Fléttur V
*#MeToo*
**Ritstj.: Elín Björk Jóhannsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir**
Þverfaglegt greinasafn um #MeToo og baráttu kvenna gegn áreitni og ofbeldi. Rýnt er í umhverfið sem #MeToo-hreyfingin sprettur upp úr, ástæður þess að hún verður jafn öflug og raun ber vitni, árangur hreyfingarinnar sem og andstreymið gegn henni.
272 bls.
**Háskólaútgáfan**

SVK


GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa EÚT Endurútgáfa




## Flýgur tvítug fiskisaga

*Fiskidagurinn mikli 2001–2020*

**Atli Rúnar Halldórsson**

Fjallað er um Fiskidaginn mikla, þá merkilegu og sérstæðu mannlífssamkomu á Dalvík, frá upphafi þar til veirufárið hjó skarð í gleðina. Ljósi er varpað á aðdragandann, gangverkið og það sem gerist framan við tjöldin og að tjaldabaki. Höfundur er brottfluttur Svarfdælingur og upplifði Fiskidagsfjörið sextán sinnum. Hann hefur því ríka reynslu af gestrisni heimafólks í Dalvíkurbyggð til að miðla af í bók.

236 bls.

**Svarfdælasýsl forlag**

IB




## Framtíð mannkyns

**Michio Kaku**

**Þýð.: Baldur Arnarson, Gunnlaugur Björnsson og Sævar Helgi Bragason**

Í þessari bók er fjallað um sögu geimkönnunar í ljósi endurvakins áhuga á geimferðum nú þegar stórveldi jafnt sem auðjöfrar hafa sett stefnuna á Mars. Í líflegri frásögn sinni skírskotar Kaku m.a. til skáldverka frá gullöld vísindaskáldskapar sem endurspeglað hafa framtíðarsýn mannsins og sýnir hvernig ný tækni hefur gert raunhæft það sem áður þótti óhugsandi.

370 bls.

**Ugla**

KIL RAF HLB

Hljóðbók frá Storytel




## Frá degi til dags

*Dagbækur, almanök og veðurbækur 1720–1920*

**Davíð Ólafsson**

Bókin byggist á safni dagbóka sem varðveitt er í Handritasafni Landsbókasafns. Dagbókaritarar – alls á þriðja hundrað einstaklingar – eru margbreytilegir og dagbækurnar mjög fjölbreyttar að formi og innihaldi. Þær spanna frá örfáum vikum til margra áratuga samfelldra skráninga og færslurnar eru frá örfáum orðum um veðurfar til langra tilfinningaþrunginna hugleiðinga.

324 bls.

**Háskólaútgáfan**

SVK




Fuglar á Íslandi og árstíðirnar fjórar

## Fugladagbókin 2022

**Sigurður Ægisson**

Þessi bók er nýjung á íslenskum bókamarkaði og einkum hugsuð fyrir þau fjölmörgu, ung og eldri, sem hafa áhuga á fuglum, ekki síst í nærumhverfinu, þótt einnig megi nota bókina sem venjulega dagbók. Í henni er hægt að skrá hjá sér í hverri viku ársins þær tegundir, og fjölda innan hverrar og einnar, sem sjást þennan eða hinn daginn, auk þess sem ítarlegur fróðleikur er um 52 af þeim rúmlega 400 fuglategundum sem hingað hafa komið til lengri eða skemmri dvalar frá því farið var að halda tölur um slíkt. Glæsilegar myndir prýða bókina.

224 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

IB




## Fulltrúi þess besta í bandarískri menningu

*Orðspor Williams Faulkners í íslensku menningarlífi 1930–1960*

**Haukur Ingvarsson**

Í miðju kalda stríðinu heimsótti bandaríska Nóbelsskáldið William Faulkner Ísland og heillaði landsmenn. Hér er fjallað um bandarísku bylgjuna í íslensku menningarlífi um miðbik 20. aldar. Áhrifa hennar gætti þvert á flokkslínur en á bak við tjöldin hélt bandaríska leyniþjónustan um þræði. Bókin á erindi til alls áhugafólks um bókmenntir og sögu.

491 bls.

**Sögufélag**

IB




## Fyrsti sendiherra á Íslandi 1919–1924

**Jakob Þór Kristjánsson**

Að fyrri heimsstyrjöldinni lokinni óttast Danir að Ísland geti ekki staðið sig sem fullvalda ríki og ákveða því að senda reyndan erindreka til Íslands, hinn íslenskættaða Johannes Böggild.

Í bókinni *Fyrsti sendiherra á Íslandi* er nýju ljósi varpað á samskipti Íslands og Danmerkur á tímabilinu og það hvernig smáríkið Ísland varð til.

185 bls.

**Sögur útgáfa**

KIL




## Fæðingin ykkar - Handbók fyrir verðandi foreldra

**Inga María Hlíðar Thorsteinsson**

Fjöldi nytsamra ráða og svör við þeim fjölmörgu spurningum sem upp geta komið í aðdraganda fæðingar. Inga María ljósmóðir skrifar hér fróðlega, áhugaverða og sérlega vandaða bók. Með góðum undirbúningi, áreiðanlegum upplýsingum og hófstilltum væntinum aukast líkur á að foreldrarnir öðlist ánægjulega upplifun af fæðingunni.

138 bls.

**Bókafélagið**

SVK




## Galdur og guðlast

*Dómar og bréf I–II*

**Ritstj.: Már Jónsson**

Galdramál 17. aldar eru óhugnanlegur vitnisburður um refsihörku yfirvalda sem á sextíu árum létu brenna eina konu og tuttugu og einn karl á báli. Í þessu tveggja binda verki eru teknir saman allir tiltækir dómar og bréf sem vörðuðu ákæru eða orðróm um galdra á árabilinu 1576–1772. Már Jónsson prófessor bjó til útgáfu og ritar inngang og skýringar.

946 bls.

**Sögufélag**

IB




## Gengið til rjúpna

*Allt um rjúpnaveiði fyrir byrjendur og lengra komna*

**Dúi J. Landmark**

Farið er yfir það hvernig rjúpnaskyttur þurfa að útbúa sig áður en haldið er til veiða, hvernig best er að haga sér á veiðislóð, greint frá líffræði rjúpunnar, sögu rúpnaveiða, hvernig á að hantera bráðina og matreiða rúpur. Og svo eru veiðisögur af öllu tagi.

235 bls.

**Veröld**

IB




## Guðni á ferð og flugi

**Guðni Ágústsson og Guðjón Ragnar Jónasson**

Hér fer Guðni með lesandann í ferðalag um hinar dreifðu byggðir Íslands og heimsækir fólk af öllu tagi sem á það sameiginlegt að vera skemmtilegir og forvitnilegir viðmælendur. Í þessum heimsóknum er Guðni yfir og allt um kring og hin landskunna „guðníska" skýtur hvað eftir annað upp kollinum.

200 bls.

**Veröld**

IB RAF




## Handan góðs og ills

**Friedrich Nietzsche**
**Þýð.: Þröstur Ásmundsson og Arthúr Björgvin Bollason**
Nietzsche er líkast til sá heimspekingur sem frægastur er utan raða fræðimanna, hann er í senn dáður og alræmdur. *Handan góðs og ills* er eitt af höfuðverkum Nietzsches og að mörgu leyti besti inngangurinn að heimspeki hans. Þessari vönduðu þýðingu fylgir ítarlegur inngangur Arthúrs Björgvins Bollasonar þar sem lífshlaup höfundarins og meginstef heimspeki hans eru rakin.
425 bls.
**Hið íslenska bókmenntafélag**

IB EÚT




## Hjarta Íslands

*Frá Hrísey til Fagradalsfjalls*
**Gunnsteinn Ólafsson**
**Myndir: Páll Stefánsson**
Þriðji og síðasti hluti stórvirkis þessara höfunda um Ísland. Nú er komið að Norðausturlandi, Austfjörðum og Suðurlandi. Fléttað er saman náttúrulýsingu, sögu, þjóðtrú og bókmenntum á afar læsilegan hátt. Myndir Páls Stefánssonar eru stórkostlegar, bæði af jörðu niðri og úr lofti.
200 bls.
**Veröld**

IB




## Handbók um málfræði

**Höskuldur Þráinsson**
Aðgengilegt grundvallarrit um íslenska málfræði fyrir nemendur, kennara og allt áhugafólk um íslenskt mál. *Handbók um málfræði* kemur nú út í endurskoðaðri útgáfu og tekið er tillit til breyttrar hugtakanotkunar, nýs orðaforða og nýrrar þekkingar í málfræði. Höskuldur Þráinsson, prófessor emeritus, er einn okkar virtustu fræðimanna á sviði íslensks nútímamáls.
368 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

SVK




## Hjálp fyrir kvíðin börn

**Cathy Cresswell og Lucy Willets**
**Þýð.: Gyða Haraldsdóttir og Sólrún Ósk Lárusdóttir**
Kvíðaraskanir eru algengasti tilfinninga- eða hegðunarvandi sem greinist hjá börnum og talið er að um fimmtán prósent barna eigi í erfiðleikum vegna kvíða.

Þessi gagnlega handbók er skrifuð af leiðandi sérfræðingum á sviði kvíðaraskana barna. Bókin mun hjálpa foreldrum og öðrum sem sinna börnum að skilja hvað veldur kvíða barnsins og að fylgja hagnýtum leiðbeiningum til að hjálpa barninu að sigrast á kvíðanum.
280 bls.
**Skrudda**

SVK




## Harður skellur

**Svanhvít Vatnsdal Jóhannsdóttir**
Fyrirsagnir fjölmiðla af alvarlegum umferðarslysum eru gjarnan eitthvað á þessa leið: Harður árekstur, lítil meiðsl. Er það virkilega svo?

Nýrri tilvist eftir fyrirvaralaust og óafturkræft líkamstjón fylgja sorg og sárar tilfinningar, óheyrilegt álag og yfirþyrmandi streita. Í bókinni segir höfundur frá tveimur alvarlegum umferðarslysum og afleiðingum þeirra. Sorg sinni og sigrum.
158 bls.
**LEÓ Bókaútgáfa**

SVK




## Hlutabréf á heimsmarkaði

*Eignastýring í 300 ár*
**Sigurður B. Stefánsson og Svandís Rún Ríkarðsdóttir**
Í bókinni er leitast við að auka skilning og gefa betri yfirsýn yfir alþjóðlegan fjármálamarkað. Með meiri þekkingu aukast gæði fjárfestinga og yfirgripsmeiri skilningur verður á áhættunni sem viðskiptunum fylgir. Hvar er að finna góða ávöxtun, í hvaða löndum er vænlegast að fjárfesta, hvaða aðferðir er best að nota og síðast en ekki síst, hvernig er hægt að verjast óhóflegri áhættu?
248 bls.
**Salka**

IB




## Hérasmellir

*Óborganlegar gamansögur af Héraðsmönnum*
**Baldur Grétarsson**
Þórunn á Skipalæk spænir rassinn úr buxunum. Hákon Aðalsteinsson lögregluþjónn skilar skýrslu um hestamenn. Frissi í Skóghlíð kennir þorstaleysis. Jón dýralæknir stýrir hundaslag. Jón Egill týnir héraðslækninum. Kjartan Ingvarsson reynir fyrir sér í leiklistarbransanum. Stórval fer í sögulega læknisaðgerð og flámæli veldur misskilningi. Þetta er bara brotabrot að þeim sem hér stíga á stokk og gera góðan dag enn betri.
96 bls.
**Bókaútgáfan Hólar**

KIL




## Hugræn endurforritun - 2. útgáfa

**Ingibergur Þorkelsson**
*Hugræn endurforritun* er afar öflug sálræn meðferð sem byggir á samþættingu meðferða þriggja sálfræðinga og geðlækna sem kynntar hafa verið á síðustu árum og nýjustu rannsókna í taugafræði.

Bókin er skrifuð fyrir almenning og er auðlesin og afar fróðleg um hvernig hugurinn er upp byggður og hvernig hægt er að

Hún kom fyrst úr árið 2020 en hefur nú verið aukin að efni og kemur nú út sem 2. útgáfa.
236 bls.
**Dáleiðsluskóli Íslands ehf.**

SVK




## Hittumst á Horninu

**Atli Rúnar Halldórsson**
Hér er stiklað á stóru í sögu Hafnarstrætis 15, eins af elstu húsum Reykjavíkur, en að stærstum hluta fjallað í máli og myndum um matar- og menningarhúsið Hornið, fyrstu pizzeríuna á Íslandi. Þar hafa Jakob H. Magnússon og Valgerður Jóhannsdóttir staðið veitingavaktina ásamt fjölskyldu sinni í 42 ár og skapað líka ótal myndlistar- og tónlistarmönnum vettvang til að sýna, spila og syngja.
148 bls.
**Svarfdælasýsl forlag**

IB




## Húðin - og umhirða hennar

**Kristín Sam**
Langar þig að:

Læra að greina þína húðgerð? Læra að velja húðvörur sem henta þinni húð? Læra að setja saman persónulega húðrútínu? Fræðast um innihaldsefni húðvara? Húðin og umhirða hennar inniheldur margvíslegan fróðleik um húðina og hvernig best er að annast hana. Kristín Sam hefur áralanga þekkingu og reynslu af húð- og snyrtivörum.
**Björt bókaútgáfa - Bókabeitan**

IB


GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa EÚT Endurútgáfa




SVK

## Hús og híbýli á Hvammstanga

*Húsaskrá 1898–1972*

**Þórður Skúlason**

Hvammstangi er þéttbýlisstaður sem byggðist upp á fyrri hluta 20. aldar sem aðalverslunar- og þjónustustaður fyrir Vestur-Húnavatnssýslu. Í bókinni rekur Þórður Skúlason þróun byggðar á Hvammstanga frá 1898 til 1972, sögu um 180 húsa á Hvammstanga -húsa sem enn standa og einnig þeirra sem hafa horfið af sjónarsviðinu í tímans rás. Sagan er krydduð með kátlegum mannlýsingum og fróðlegum lýsingum á mannlífi fyrri tíðar á Hvammstanga. Bókin er prýdd fjölda ljósmynda af húsum og umhverfi, bæði gömlum og nýjum.

287 bls.

**Skriða bókaútgáfa**




IB

## Hvað er lífið?

**Erwin Schrödinger**

**Þýð.: Guðmundur Eggertsson**

Erwin Schrödinger var einn merkasti eðlisfræðingur tuttugustu aldar. Hann hlaut nóbelsverðlaun fyrir framlag sitt til skammtafræðinnar árið 1933. En Schrödinger var einnig annt um að máta skilning eðlisfræðinnar á lifandi efni og í *Hvað er lífið?* fjallar hann um erfðafræði á forsendum eðlis- og efnafræði. Bókin er enn í dag meðal þekktustu rita um eðli lífsins.

192 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**



KIL

## Hvað veistu um kvikmyndir og sjónvarpsþætti?

**Gauti Eiríksson**

Frábær spurningabók fyrir allt áhugafólk um kvikmyndir og sjónvarpsætti. 265 spurningar í þremur þyngdarflokkum og mikið af ljósmyndum prýða bókina. Gauti Eiríksson gefur jafnframt út í ár spurningabækur um Ísland og fótbolta.

84 bls.

**Óðinsauga útgáfa**



IB

## Hæstiréttur í hundrað ár

*Saga*

**Arnþór Gunnarsson**

Stofnun Hæstaréttar var mikilvægur áfangi í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar enda fengu Íslendingar þá í hendur æðsta dómsvald í eigin málum. Í þessu riti er aldarsaga réttarins rakin. Oft hefur gustað um Hæstarétt og jafnvel verið vegið að sjálfstæði hans en í annan tíma hefur rétturinn notið virðingar og friðhelgi. Þetta er viðburðarík saga sem varpar ljósi á íslenskt samfélag og kemur á óvart.

550 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**




IB

## Höndlað við Pollinn

*Saga verslunar og viðskipta á Akureyri frá öndverðu til 2000*

**Jón Þ. Þór**

Í þessari fróðlegu og læsilegu bók rekur Jón Þ. Þór sögu verslunar á Akureyri frá öndverðu til þúsaldarmótanna 2000. Hér segir frá fjölda fyrirtækja og körlum og konum sem mótuðu viðskiptaumhverfið og settu svip á mannlífið í bænum í áranna rás. Bókin er prýdd fjölda ljósmynda og auk þess teikningum og máluðum myndum eftir Kristin G. Jóhannsson listmálara.

270 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**




IB

## Í auga fellibylsins

**Óttar Sveinsson**

Árið 2013 lenda þrír menn á lítilli skútu í fárviðri á leiðinni frá Kanada til Íslands. Lífshættulegir brotsjóir dynja á skútunni, hún fer á hliðina og sjór flæðir inn. Eftir að neyðarkall er sent út berjast þeir í óratíma upp á líf og dauða. Frásagnir mannanna hafa ekki birst áður opinberlega. Útkallsbækurnar hafa verið eitt vinsælasa lesefni Íslendinga í 28 ár.

208 bls.

**Útkall ehf.**




IB

## Í bragar túni

**Óskar Halldórsson**

Óskar Halldórsson var lektor í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands. Þessi bók hefur að geyma safn ritgerða hans um bókmenntir, einkum um íslenskar fornsögur og ljóðagerð á 19. og 20. öld. Þar á meðal er þekktasta framlag hans til rannsókna á fornbókmenntum, *Uppruni og þema Hrafnkels sögu*. Bókin er gefin út í tilefni þess að 100 ár eru liðin frá fæðingu Óskars.

328 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**




SVK

## Í helgum lundi

*Kærleikur og ástarorð*

**Skúli Þór Bragason**

Einfaldir textar um lífið, kærleikann, ástina og sorgina.

62 bls.

**Skúli Þór Bragason**




SVK

## Íslenskar bókmenntir

*Saga og samhengi*

**Aðalheiður Guðmundsdóttir, Ármann Jakobsson, Ásta Kristín Benediktsdóttir, Jón Yngvi Jóhannsson, Margrét Eggertsdóttir og Sveinn Yngvi Egilsson**

*Íslenskar bókmenntir: saga og samhengi* er tveggja binda verk um sögu íslenskra bókmennta frá upphafi Íslandsbyggðar til vorra daga. Þar er sagan rakin á knappan hátt í samhengi við strauma og stefnur hvers tíma og er sú umfjöllun grundvölluð á rannsóknum seinustu áratuga. Verkið er ætlað háskólastúdentum, kennurum og áhugamönnum um íslenskar bókmenntir.

840 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**




IB

## Íslenskar draugasögur

**Svanhildur Sif Halldórsdóttir og Huginn Þór Grétarsson**

Við Íslendingar eigum ríka sagnahefð sem teygir sig aftur til tíma landnámsmanna. Draugar, mörur, fylgjur, mórar, skottur og afturgöngur spila þar oftar en ekki stórt hlutverk. Þessar óvættir urðu ekki eftir í fortíðinni heldur eru hér enn og stundum stíga þær út úr myrkrinu. Í þessari bók má finna draugasögur frá nútímanum.

260 bls.

**Óðinsauga útgáfa**




## Jarðfræði fyrir framhaldsskóla

**Jóhann Ísak Pétursson**

Yfirgripsmikil kennslubók á vefbókarformi þar sem grundvallarþáttum jarðfræðinnar, s.s. flekareki, jarðskjálftum, eldvirkni og jarðsögu, eru gerð skil í máli og lifandi myndum. Gagnvirk verkefni og sjálfspróf fylgja hverjum kafla auk skýringarefnis af ýmsum toga. Nemendur geta glósað og leyst verkefni í vefbókinni og nýtt sér talgervil.

**IÐNÚ útgáfa**

RAF




## Klúbburinn

**Matilda Voss Gustavsson**

**Þýð.: Jón Þ. Þór**

Árið 2017 ásökuðu átján konur áhrifamann í sænsku menningarlífi um áreitni, hótanir og nauðganir. Ásakanirnar lömuðu m.a starfsemi Sænsku akademíunnar, einnar elstu og virtustu menningarstofnunar veraldar. Í þessari bók er saga kvennanna rakin, fjallað um afleiðingar uppljóstrunar þeirra og hversu langt sumir leyfa sér að ganga í nafni listarinnar.

292 bls. / 🔊 8:59 klst.

**Ugla**

KIL RAF HLB




## Kortlagning heimsins

*Frá Grikkjum til Google Maps*

**Reynir Finndal Grétarsson**

Hvers vegna lítur kort af heiminum út eins og það gerir? Hví er norður upp og Ameríka vinstra megin? Af hverju er Evrópa stærri á korti en á hnettinum?

*Kortlagning heimsins* eftir Reyni Finndal Grétarsson svarar öllum þessum spurningum, en bókin geymir fjölmörg kort og fágætar sögur sem endurspegla þau kort sem maðurinn hefur skapað allt frá Grikkjum til Google Maps.

346 bls.

**Sögur útgáfa**

IB




## Landfesti lýðræðis

*Breytingarregla stjórnarskrárinnar*

**Kristrún Heimisdóttir**

Landfesti lýðræðis, ritgerð Kristrúnar Heimisdóttur um stjórnarskrá Íslands, sem vakti mikla athygli þegar hún birtist í *Tímariti lögfræðinga* vorið 2021, kemur nú út á bók.

Ritgerðin varð til þess að umskipti urðu á umræðu sem staðið hafði í nær 13 ár um hvar ný stjórnarskrá væri.

Kristrún fjallar um stjórnarskrárferlið á árunum 2009–2013 með hætti sem enginn hefur gert áður og rannsókn hennar sýnir að engin ný stjórnarskrá er til og hvers vegna svo er.

96 bls.

**Ugla**

KIL




## Landgræðsluflugið

*Endurheimt landgæða með eins hreyfils flugvélum*

**Páll Halldórsson og Sveinn Runólfsson**

Hér er bæði lýst merkilegum þætti í íslenskri flugsögu og verðmætu framlagi til sögu landgræðslu. Höfundarnir voru þátttakendur í landgræðslufluginu nær alveg frá upphafi. Þeir segja hér sögu þessa ævintýris og birta um 200 sögulegar ljósmyndir af fluginu og landgræðsluverkefnunum á þessu tímabili sem spannar 35 ár.

208 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

IB




## Laugavegur

**Anna Dröfn Ágústsdóttir og Guðni Valberg**

Einstaklega áhugaverð bók um byggingar- og verslunarsögu aðalgötu Reykjavíkur, í máli og myndum. Höfundar gera tilraun til að útskýra hvers vegna byggingar við Laugaveg eru jafn fjölbreyttar og raun ber vitni. Í bókinni er að finna fróðleik um yfir hundrað húsnúmer við Bankastræti og Laugaveg. Fyrri bók höfunda, *Reykjavík sem ekki varð*, seldist upp í þrígang og hefur lengi verið ófáanleg.

320 bls.

**Angústúra**

IB




## Lénið Ísland

*Valdsmenn á Bessastöðum og skjalasafn þeirra á 16. og 17. öld*

**Kristjana Kristinsdóttir**

Á 16. og 17. öld var Ísland lén í Danmörku og var rekstur þess og stjórnsýsla sambærileg við önnur lén innan danska ríkisins. En hverjir voru lénsmenn konungs á Íslandi og hvernig mótaðist stjórnsýslan? Hér birtist ný sýn á sögu þessa tímabils og stöðu Íslands innan danska ríkisins. Bókin er grundvallarrit um þetta áður lítt rannsakaða tímabil í sögu Íslands.

666 bls.

**Þjóðskjalasafn Íslands**

IB




## Listin að vera fokk sama

*Óhefðbundinn leiðarvísir að betra lífi*

**Mark Manson**

**Þýð.: Magnea J. Matthíasdóttir**

Sumar sjálfshjálparbækur hvetja lesandann til að vera besta útgáfan af sjálfum sér, aðrar segja okkur að allt fari vel ef við bara óskum þess nógu heitt. Ekki þessi bók. Höfundinum er fokk sama um alla jákvæðni og góða strauma. Bókin mun ekki losa þig undan vandamálum þínum eða þjáningum. En þér gæti orðið fokk sama um þau.

222 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

SVK RAF




## Líffræðibókin

**Þýð.: Jóna Dóra Óskarsdóttir**

**Ritstj. ísl. útg: Kristín Marín Siggeirsdóttir og Þóra Víkingsdóttir**

Kennslubók í líffræði fyrir framhaldsskóla, þýdd úr dönsku (*Biologibogen*). Vefbók sem hefur m.a. að geyma kafla um vistfræði, lífeðlisfræði, frumulíffræði, erfðir og þróun. Orðskýringar eru fjölmargar en einnig gagnvirkar æfingar og próf. Þá fylgja leiðbeiningar um rannsóknir og tilraunir en nemendur geta glósað og leyst verkefni í vefbókinni.

**IÐNÚ útgáfa**

RAF




## Lífsbiblían

*50 lífslyklar, sögur og leyndarmál*

**Alda Karen Hjaltalín og Silja Björk Björnsdóttir**

*Lífsbiblían* byggist á geysivinsælum LIFE Masterclass-fyrirlestrum Öldu Karenar sem hefur slegið í gegn sem fyrirlesari bæði hérlendis og í Bandaríkjunum. Í félagi við Silju Björk Björnsdóttur hefur hún tekið saman 50 lífslykla sem hafa hjálpað henni að ná jafnvægi, skapa hamingju og gert henni kleift að fylgja eftir öllum draumum sínum.

293 bls. / 🔊 7:52 klst.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

SVK RAF HLB



GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa EÚT Endurútgáfa




## Loftslagsréttur

**Hrafnhildur Bragadóttir og Aðalheiður Jóhannsdóttir**

Megininntak þessa rits er gagnrýnin fræðileg umfjöllun um alþjóðlega og innlenda stefnumörkun á sviði loftslagsmála og reglur alþjóðlegs réttar, Evrópuréttar og íslensks réttar sem tilheyra réttarsviðinu. Mikilvægt heildstætt yfirlit yfir lagaumhverfi málaflokksins hér á landi og greining á lagaumhverfi loftslagsréttar í þremur réttarkerfum. Nýmæli á íslensku.
364 bls.
**Háskólaútgáfan**

SVK

---




## Lykilorð 2022

*Orð Guðs fyrir hvern dag*

Í bókinni eru biblíuvers fyrir hvern dag ársins auk ljóðaerindis eða fleygs orðs. Uppbygging hennar og innihald býður upp á fjölbreytta notkun fyrir þá sem vilja leyfa innblásnum textum að vekja sig til umhugsunar og hafa jákvæð áhrif á líf sitt. Auk þess að vera gefin út á kilju og rafbókarformi eru textar hvers dags lesnir í hljóðvarpi og birtast að hluta til á helstu samfélagsmiðlum.
144 bls.
**Lífsmótun**

KIL RAF

---




## Markús

*Á flótta í 40 ár. Öðruvísi Íslandssaga*

**Jón Hjaltason**

Jón Hjaltason sagnfræðingur notar ótrúlega sögu útlagans Markúsar Ívarssonar til að varpa ljósi á lífsaðstæður á 19. öld og tekst á við goðsagnir. Máttu fátækir giftast? Hvað með „falleraðar“ konur? Alræði bænda? Voru einstæðar mæður réttlausar? Fjallað er um tukthús og böðla, ótrúlegar skyldur presta, hór, legorð og faðernispróf 19. aldar.
224 bls.
**Völuspá útgáfa**

IB

---




## Málið er – Greinasafn 1980–2020

**Höskuldur Þráinsson**

**Ritstj.: Ásgrímur Angantýsson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson**

Bókin hefur að geyma úrval tímaritsgreina, bókarkafla og áður óbirtra erinda eftir Höskuld. Ritunartíminn spannar fjóra áratugi. Efnið er allt á íslensku og endurspeglar nokkur helstu rannsóknarsvið hans og hugðarefni: hljóðkerfisfræði, bragfræði, setningafræði, málkunnáttufræði, samanburð íslensku og færeysku, málvöndun og málfræðikennslu. Bókin ætti að höfða til málfræðinga, íslenskukennara, háskólanema og fróðleiksfúsra lesenda.
522 bls.
**Háskólaútgáfan**

SVK

---




## Mátturinn í Núinu

**Eckhart Tolle**

**Þýð.: Vésteinn Lúðvíksson**

Engin bók af andlegum toga hefur vakið jafn mikla athygli á undanförnum árum og MÁTTURINN Í NÚINU. Höfundurinn glímdi lengi við langvarandi kvíða og þunglyndi þar til hann varð fyrir djúpstæðri reynslu sem færði honum frið og sálarró. Síðan hefur hann reynt að miðla reynslu sinni til fólks og er hann nú einn eftirsóttasti andlegi kennari heims.
256 bls. / 🔊 6:56 klst.
**Ugla**

KIL EÚT RAF HLB

Hljóðbók frá Storytel

---




## Milli vonar og ótta

*Örlagasögur íslenskra ljósmæðra*

**Sveinn Víkingur**

Íslenskar ljósmæður þurftu í aldanna rás að brjótast í öllum veðrum um erfiðar leiðir til að sinna fæðandi konum. Þær tóku á móti börnum við alls konar aðstæður á misjafnlega búnum heimilum. Hér birtist úrval frásagna úr þriggja binda verki séra Sveins Víkings, Íslenskar ljósmæður.
327 bls.
**Veröld**

IB RAF

---




## Minningarrit um Jón Hallfreð Ingvarsson

**Jón Hallfreð Engilbertsson, Engilbert S. Ingvarsson og Jóhanna S. Ingvarsdóttir**

Jón Hallfreð Ingvarsson fæddist á Snæfjallaströnd 1921 og lést þar 1945 úr Duchenne vöðvarýrnunarsjúkdómnum. Í þessu riti eru ljóðmæli eftir Jón Hallfreð Engilbertsson til minningar um föðurbróður hans og nafna. Einnig skrifa í ritið systkini Jóns Hallfreðs eldri. Engilbert S. Ingvarsson skrifar minningabrot um bróður sinn og Jóhanna S. Ingvarsdóttur skrifar minningabrot sem bera heitið Blóm í brotnum vegg.
194 bls.
**Snjáfjallasetur**

KIL

---




## Mislingar

**Erla Dóris Halldórsdóttir**

Mislingar eru bráðsmitandi og stórhættulegur veirusjúkdómur sem getur eyðilagt heilsuna til frambúðar, eða valdið dauða. Í þessari yfirgripsmiklu bók er rakin saga mislinga á Íslandi. Fjallað er um fjölda fólks sem varð mislingum að bráð og sagt er frá raunum og sorgum þeirra sem misstu börn sín, maka eða aðra ættingja, af völdum veirunnar.
350 bls.
**Nýhöfn**

IB

---




## Mjólkurfræðingafélag Íslands

**Erna Marsibil Sveinbjörnsdóttir og Sigurlín Sveinbjarnardóttir**

Í þessari bók er greint frá starfi Mjólkurfræðingafélags Íslands á árunum 1990–2020, sagt frá kjarabaráttu og rakið hverjir setið hafa í stjórn félagsins á þessum þremur áratugum. Loks hefur bókin að geyma stéttartal liðlega tvö hundruð mjólkurfræðinga, allt frá upphafi þeirrar starfsgreinar á Íslandi til vordaga 2021.
208 bls.
**Bókaútgáfan Sæmundur**

IB

---




## Náðu tökum á þyngdinni

*– með hugrænni atferlismeðferð*

**Sóley Dröfn Davíðsdóttir**

Hugarfarið er gleymda vopnið í baráttunni við þyngdina en jafnframt það öflugasta. Með hugrænni atferlismeðferð má rjúfa vítahring megrunar og stjórnleysis með því að tileinka sér hugarfar og venjur sem markast af skilningi á þörfum líkamans.
157 bls.
**Forlagið - Vaka-Helgafell**

SVK




## Ný menning í öldrunarþjónustu

**Sigrún Huld Þorgrímsdóttir**

Hér er greint frá nýjum straumum innan öldrunarþjónustu. Aldraðir víða um lönd gera kröfur um að fá að njóta valfrelsis og sjálfræðis þrátt fyrir að þurfa á þjónustu að halda. Þróun öldrunarmála er hér rakin og sagt frá skrefum í þessa átt bæði í Bandaríkjunum og N-Evrópu. Sagt er frá þróun öldrunarmála á Íslandi og framtíðin skoðuð.

**Ömmuhús**

SVK




## Nýja Reykjavík

*Umbreytingar í ungri borg*

**Dagur B. Eggertsson**

Á undanförnum áratugum hefur Reykjavík tekið miklum stakkaskiptum – og á næstu árum mun borgin breytast enn meira. Dagur B. Eggertsson fjallar um sögu þessara róttæku hugmynda sem í stígandi mæli eru að verða að veruleika. En það gekk ekki átakalaust og margt gerðist bak við tjöldin.

352 bls.

**Veröld**

IB




## Orð í gleði

**Karl Sigurbjörnsson**

Þessi vinsæla bók kemur loks í nýrri útgáfu. Hún er mörgum hjartfólgið veganesti út í amstur dagsins. Hún flytur jafnt glettin orð og alvörufull sem ylja og kæta. Örsögur og íhuganir, myndbrot, ljóð og spekiorð, bænir sem styrkja og næra.

112 bls.

**Skálholtsútgáfan - Kirkjuhúsið**

KIL




## Óorð

*bókin um vond, íslensk orð*

**Jón Gnarr**

„Þessi bók inniheldur safn íslenskra orða sem mér finnst vera léleg. Ég kalla þau fúskyrði og óorð ...

Við eigum öll að hafa skoðun á tungumálinu okkar og vera óhrædd við að viðra þær. Þessi bók er innlegg í þá umræðu. Í krafti kærleika leyfi ég mér þennan derring. Áfram allskonar!"

174 bls.

**Bjartur**

IB RAF




## Ósýnilegar konur

**Caroline Criado Perez**

**Þýð.: Sæunn Gísladóttir**

Gögn og gagnasöfnun eru undirstaða heimsins í mörgum skilningi. Til að mynda reiðum við okkur á tölur þegar kemur að því að ráðstafa fjármunum og taka afdrifaríkar ákvarðanir í efnahagslegri uppbyggingu, heilbrigðisþjónustu og menntakerfinu. Vandamálið er hins vegar að stór hluti gagnasöfnunar lítur á karlkynið sem sjálfgefið en kvenkynið sem frávik. Afleiðingin er að hlutdrægni er samofin kerfinu á öllum sviðum. Konur gjalda þessari hlutdrægni dýrum dómi, til að mynda með tíma sínum, peningum og oft heilsu sinni.

376 bls.

**Salka**

KIL




## Peningar

*Ótrúlegar sögur af dýrkeyptum mistökum, lygilegri heppni og undarlegu fólki*

**Björn Berg Gunnarsson**

**Myndir: Auður Ýr Elísabetardóttir**

Bókin varpar ljósi á áhugaverðar, spaugilegar og stundum hreint út sagt ótrúlegar hliðar fjármála á lifandi og aðgengilegan hátt. Litið er bak við tjöldin meðal annars í heimi kvikmynda, tölvuleikja, fótbolta, tónlistar og tísku. Nokkur dýrkeyptustu mistök fjármálasögunnar eru reifuð á síðum þessarar bókar en einnig eru sagðar sögur af snilligáfu fólks á sviði fjármála.

160 bls.

**Salka**

IB




## Rannsóknir í aðferðafræði

**Ritstj.: Sigríður Halldórsdóttir**

Í bókinni er fjallað um flestar hliðar rannsókna frá aðferðum og áætlunum yfir í framsetningu og útgáfu. Flest umfjöllunarefni bókarinnar hafa víða skírskotun og mun hún því gagnast nemum, iðkendum og fræðimönnum. Í handbókinni eru 41 kafli og höfundar eru um 50. Þótt hér sé um viðamikla handbók að ræða er hún mjög aðgengileg enda er henni ætlað að vera í senn kennslubók og uppflettirit.

750 bls.

**Háskólaútgáfan**

SVK




## Rannsóknir í heimspeki

**Ludwig Wittgenstein**

**Þýð.: Jóhann Hauksson**

Bókin kom fyrst út ásamt enskri þýðingu árið 1953 og var strax talið eitt allra merkasta heimspekirit 20. aldar. Wittgenstein var ástríðufullur hugsuður, gæddur miklum persónutöfrum, en var mörgum samtíðarmönnum hálfgerð ráðgáta. Djúpstæð greining hans á tungumálinu og tengslum þess við mannshugann og umheiminn er leiðarstefið í þessu höfuðriti hans. Jóhann Hauksson vann að þýðingu ritsins í um 30 ár.

300 bls.

**Háskólaútgáfan**

SVK




## Raunveruleiki hugans er ævintýri

*Um valdar sögur Vigdísar Grímsdóttur, einkenni þeirra og viðtökur*

**Guðrún Steinþórsdóttir**

Bókin fjallar um valdar sögur Vigdísar Grímsdóttur, einkenni þeirra og viðtökur í ljósi hugrænnar bókmenntafræði. Rætt er um ímyndunarafl persóna, einkaheima, ímyndaða vini, samlíðan og valdabaráttu. Þá er fjallað um tilfinningaviðbrögð lesenda andspænis persónum og aðstæðum í skáldskap Vigdísar.

491 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

SVK




## Reykjaholt Revisited. Representing Snorri in Sturla Þórðarson's Íslendinga saga

**Úlfar Bragason**

**Þýð.: Andrew Wawn**

Bókin fjallar um mynd þá sem Íslendinga saga Sturlu Þórðarsonar dregur upp af Snorra Sturlusyni. Fræðimenn hafa löngum dregið mjög í efa hlutlægni Sturlu enda hefur mynd hans af Snorra ekki hugnast þeim. Í bókinni er lýsingin á Snorra og fjölskyldu hans í Reykholti greind og skýrð út frá frásagnarfræði verksins og ætlun höfundar með verkinu.

246 bls.

**Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum**

IB


GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa EÚT Endurútgáfa




## Saga

*Tímarit Sögufélags LIX: 1*
*Tímarit Sögufélags LIX: 2 2021*
**Ritstj.: Kristín Svava Tómasdóttir Vilhelm Vilhelmsson**
Tímaritið Saga kemur út tvisvar á ári, vor og haust. Efni þess tengist sögu og menningu landsins í víðum skilningi. Ritrýndar greinar og viðhorf mynda stærstu efnisþætti tímaritsins. Í Sögu birtast einnig ritdómar og ritfregnir um nýjar bækur er varða sögu, einkum Íslandssögu, og annað efni af sagnfræðilegu tagi. Ómissandi öllum þeim sem hafa áhuga á sögu Íslands.
240 / 352 bls.
**Sögufélag**

KIL




## Sálubót

*Afmælisrit til heiðurs Jörgen L. Pind*
**Ritstj.: Árni Kristjánsson, Heiða María Sigurðardóttir og Kristján Árnason**
í bókinni sameina krafta sína afmælisbarnið og samstarfsfólk hans í sálfræði og málfræði og fjalla um margvísleg efni, m.a. lesblindu og sjónskynjun, sögu og uppruna sálfræðinnar, klíníska sálfræði, íslensku á erlendri grundu, orðfræði og málrækt.
248 bls.
**Háskólaútgáfan**

SVK




## Sagnalandið

**Halldór Guðmundsson**
**Þýð.: Steingrímur Teague**
Tengsl íslenskrar náttúru, sagnaarfs og bókmennta eru órjúfanleg og það hafa skáld okkar og rithöfundar nýtt sér á margvíslegan hátt, jafnt á liðnum öldum sem í nútímanum. Hér hefur Halldór Guðmundsson viðkomu víða um land og segir frá höfundum og bókmenntaverkum, þjóðsögum og atburðum úr sögunni. Bókin kemur einnig út á ensku.
301 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

SVK RAF HLB




## Sjávarplássið Dalvík

**Jóhann Antonsson**
Hér er fjallað í máli og myndum um útgerð og fiskvinnslu í sveitarfélagi með fjölbreytta og rótgróna sjávarútvegshefð. Bókarhöfundur er Dalvíkingur og viðskiptafræðingur með fjölþætta reynslu af starfsemi tengdri sjávarútvegi og fjallar um söguna allt frá hákarlaútgerð svarfdælskra bænda til veiða og vinnslu með tækni nútímans. Áhugaverð bók um mannlíf, atvinnulíf, dugnað og frumkvöðlahugsun.
271 bls.
**Svarfdælasýsl forlag**

IB




## Salt og hunang

*Orð úr Biblíunni til íhugunar fyrir hvern dag ársins*
**Petrína Mjöll Jóhannesdóttir**
Hér er fjallað um viðfangsefni daglegs lífs, eins og kvíða, reiði, samskipti, tilgang, gleði, þakklæti, trú og efa, kærleika og ást. Orðin eru ýmist sölt eða sæt og skilja eftir mismunandi eftirkeim hjá lesandanum. 2. prentun þessarar vinsælu bókar.
396 bls.
**Skálholtsútgáfan - Kirkjuhúsið**

IB




## Sjö goðsagnir um Lúther

**Stjernfelt Frederik**
**Þýð.: Ásmundur Stefánsson**
Marteinn Lúther hafði mikil áhrif með uppreisn sinni gegn hugmyndalegu einræði páfadóms snemma á sextándu öld. Þekktar eru kröfur hans um afnám aflátssölunnar og rétt presta til að ganga í hjónaband. Skoðanir hans á mörgum öðrum málum eru almenningi lítt kunnar. Lúther eru eignuð margvísleg framfaraspor, sum með rökum sem ekki standast nánari skoðun. Í þessari bók er hulunni lyft af Lúther.
148 bls.
**Ormstunga**

KIL




## Samfélagshjúkrun

**Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir**
Bókin byggist á reynslu og þekkingu á hjúkrun í íslensku samfélagi og er ætluð til kennslu á 3. hæfniþrepi sjúkraliðanáms. Hún á þó erindi víðar því hún miðlar þekkingu og skilningi á samfélagshjúkrun almennt, með sérstakri áherslu á geðhjúkrun. Efninu er skipt í þrjá hluta þar sem fjallað er um samfélag, fjölskyldu og geðheilsu í víðu samhengi.
464 bls.
**IÐNÚ útgáfa**

SVK




## Skáldkona gengur laus

*Erindi 19. aldar skáldkvenna við heiminninn*
**Guðrún Ingólfsdóttir**
Hér er fjórum skáldkonum frá 19. öld sleppt lausum úr handritageymslu Þjóðarbókhlöðunnar. Í kveðskap þeirra má sjá skýra sjálfsmynd og merkilega afstöðu til náttúrunnar og ímyndunarafls.
Bókin er afrakstur margra ára rannsókna Guðrúnar Ingólfsdóttur.
459 bls.
**Bjartur**

IB RAF




Baráttan fyrir mannúðlegu samfélagi

## Samræður um frið

**Daisaku Ikeda**
**Þýð.: Eyrún Ósk Jónsdóttir**
Í þessu fallega ritgerðasafni fjallar japanski friðarfrömuðurinn Daisaku Ikeda um kynni sín af nokkrum helstu málsvörum friðar og mannréttinda, m.a. þeim Rosu Parks, Nelson Mandela, Linus Pauling og fleirum sem höfðu áhrif á hann og hans eigin friðarbaráttu. Verk Ikeda hafa verið þýdd á fimmtíu tungumál og nú loks einnig á íslensku.
222 bls.
**Sögur útgáfa**

KIL




## Skessur og fornkappar

*25 Íslendingasögur*
*25 sögur af skessum og skrímslum*
**Jón R. Hjálmarsson**
Margar af minnisstæðustu persónum Íslendinga-sagnanna og skessur og skrímsli þjóðsagnaarfsins spretta hér ljóslifandi fram í skemmtilegum endursögnum. Handhægar smábækur sem eru upplagðar í ferðalagið eða sögustundir heimafyrir.
174 / 128 bls.
**Forlagið**

SVK RAF




## Skipskaðar á svörtum söndum
*Örlög og mannraunir á suðurströndinni*
**Steinar J. Lúðvíksson**
Sandarnir miklu á suðurströndinni hafa orðið grafreitur margra skipa. Barátta sjómanna fyrir lífi sínu í brjáluðu briminu hefur oftar en ekki verið tvísýn. Hér er fjallað um söguleg skipbrot við suðurströndina allt aftur til mannskæðasta sjóslyss Íslandssögunnar, þegar Gullskipið strandaði.
261 bls.
**Veröld**

IB RAF




## Skipskaðar við Ísland
**Jón Guðmundsson**
Fyrir nokkrum árum skrifaði ég gagnagrunninn yfir sokkin skip flugvélar og kafbáta sem hafa sokkið við strendur Íslands. Núna gef ég grunninn út í bók. Þessi bók er fyrsta bindið af um 10 bindum og tekur yfir styrjaldarárin frá 1940–1950. Það sem kom mér mikið á óvart hversu margir þýskir kafbátar liggja í kringum ísland. Þeim er gerð skil í þessarri bók.
183 bls.
**Jón Eggert Guðmundsson**

SVK




## Skírnir - Tímarit HÍB
*Vor og haust 2021*
**Ritstj.: Ásta Kristín Benediktsdóttir og Haukur Ingvarsson**
Fjölbreytt og vandað efni, m.a. um íslenskt mál, bókmenntir, náttúru og sögu, heimspeki, myndlist, stjórnmál og ýmis fræði í sögu og samtíð. Skírnir er elsta menningartímarit á Norðurlöndum og kemur út tvisvar á ári.
Nýir áskrifendur velkomnir: sími: 588-9060.
490 bls.
**Hið íslenska bókmenntafélag**

SVK




## Skurðpunktar
*Heimsóknir til staða á Íslandi þar sem lengdar- og breiddarbaugar skerast*
**Emil Hannes Valgeirsson**
Um Ísland liggja ellefu lengdarbaugar og þrír breiddarbaugar sem skerast á 23 stöðum innan strandlengjunnar. Í bókinni heimsækir höfundur alla þessa skurðpunkta í máli og myndum en þeir gefa vissan þverskurð af landinu og náttúrufari þess. Staðirnir fá hér sinn sess sem fulltrúar hinnar almennu náttúru, sem ávallt er merkileg á sinn hátt.
100 bls.
**Emil Hannes Valgeirsson**

IB




## Smárit - Þrjár esseyjur úr bókinni Salur Gagnleysisins
*Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur*
**Simon Leys**
**Þýð.: Geir Sigurðsson**
**Ritstj.: Ásdís R. Magnúsdóttir og Kristín Guðrún Jónsdóttir**
Hér er á ferðinni smárit í nýrri ritröð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Í þessu riti má finna þýðingar á fáeinum esseyjum eftir belgíska Kínafræðinginn Simon Leys.
70 bls.
**Háskólaútgáfan**

SVK




## Smárit - Hvers vegna hræðumst við ímyndunaraflið? Af siðaskiptum og fagurfræði
*Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur*
**Dorthe Jørgensen**
**Þýð.: Gísli Magnússon**
**Ritstj.: Ásdís R. Magnúsdóttir og Kristín Guðrún Jónsdóttir**
Hér er á ferðinni smárit í nýrri ritröð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Þetta rit er þýðing á verki danska heimspekingsins og guðfræðingsins Dorthe Jørgensen um áhrif siðaskiptanna á stöðu ímyndunaraflsins.
70 bls.
**Háskólaútgáfan**

SVK




## Smárit - Kynlíf og lygar. Samfélagseymd Marokkó
*Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur*
**Leïla Slimani**
**Þýð.: Irma J. Erlingsdóttir**
**Ritstj.: Ásdís R. Magnúsdóttir og Kristín Guðrún Jónsdóttir**
Hér er á ferðinni smárit í nýrri ritröð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Þetta rit er þýðing á verki fransk-marokkóska rithöfundarins og blaðakonunnar Leïla Slimani um tvöfalt siðgæði í kynferðismálum í Marokkó.
135 bls.
**Háskólaútgáfan**

SVK




## Smárit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur - Þrjú rit
*Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur*
**Ritstj.: Ásdís R. Magnúsdóttir og Kristín Guðrún Jónsdóttir**
Hér er á ferðinni ný ritröð sem ætlað er að miðla alls kyns fróðleik um ólíka menningarheima og hugsun. Í fyrstu þremur ritunum er að finna þýddar ritgerðir eftir þrjá höfunda. Þeir eru danski heimspekingurinn og guðfræðingurinn Dorthe Jørgensen, fransk-marokkóski rithöfundurinn og blaðakonan Leïla Slimani og Kínafræðingurinn Simon Leys.
265 bls.
**Háskólaútgáfan**

SVK




## Sprakkar
*Kvenskörungar Íslands og hvernig þær leitast við að breyta heiminum*
**Eliza Reid**
**Þýð.: Magnea J. Matthíasdóttir**
Eliza Reid hefur unnið við blaðamennsku, ritstjórn og ritstörf og varð árið 2016 forsetafrú. Hér fjallar hún um þá stöðu sína og segir frá sjálfri sér. Þær sögur fléttast saman við frásagnir viðmælenda hennar, sem eru konur á ólíkum sviðum þjóðlífsins, og rifjaðar eru upp sögur af nokkrum þekktum kvenskörungum.
306 bls.
**Forlagið - JPV útgáfa**

IB RAF HLB




## Stafróf ástarinnar
**Petrína Mjöll Jóhannesdóttir**
Það er alltaf dálítið kraftaverk þegar eitt hjarta fyllist ástúð í garð annars. Líttu á það sem lán að fá að elska og njóta ástar.
Þessi bók er skrifuð handa þeim sem vilja leggja rækt við kærleikann og hlúa að ástinni í lífi sínu.
64 bls.
**Skálholtsútgáfan - Kirkjuhúsið**

KIL


GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa EÚT Endurútgáfa




## Stafróf hugrekkisins
**Petrína Mjöll Jóhannesdóttir**
Óttinn er mikilvægt varnarkerfi sem varar okkur við hættum og hjálpar okkur að bregðast við. Ótti sem varir stöðugt og nagar okkur að innan er hins vegar annars eðlis.
 Þessi bók er skrifuð sem hvatning og leiðsögn handa þeim sem vilja sigrast á óttanum með hugrekkið að vopni.
64 bls.
**Skálholtsútgáfan - Kirkjuhúsið**

KIL




Útgáfa á aldarafmæli höfundar
## Stóraborg
*Staður mannlífs og menningar*
**Þórður Tómasson**
Í tilefni af aldarafmæli Þórðar Tómassonar í Skógum kemur út einstök bók hans um bæinn Stóruborg undir Eyjafjöllum. Höfundur dregur fram nær aldarlangt samband sitt við staðinn og það hvernig landbrot sjávar og rannsóknir fræðimanna á því sem þar kemur í ljós opnar okkur sýn á Íslandssöguna. Stóraborg er 30. bók höfundar sem jafnhliða fræðistörfum byggði upp eitt vinsælasta forngripasafn landsins.
158 bls.
**Bókaútgáfan Sæmundur**

IB




## Strand Jamestowns
*Við Hafnir 1881*
**Halldór Svavarsson**
Strand seglskipsins Jamestowns við Hafnir á Reykjanesi árið 1881 og eftirmálar þess er stórmerkileg saga sem allt of fáir þekkja. Varla er hægt að ímynda sér hvílíkur hvalreki strand þessa 4.000 tonna risastóra skips var fyrir Reyknesinga en það var fulllestað af unnum eðalvið, furu, sem átti að fara undir járnbrautarteina á Englandi. Halldór Svavarsson, höfundur bókarinnar, vinnur hér þrekvirki.
168 bls.
**Almenna bókafélagið**

IB




## Stríð og kliður
*Hvað verður um ímyndunaraflið?*
**Sverrir Norland**
Þurfum við að endurhugsa samfélagið frá grunni? Leiftrandi hugmyndarík bók sem talar til lesenda á öllum aldri. Höfundur sækir jafnt í eigið líf og skrif vísindamanna og skálda í aldanna rás og útkoman er frumleg glíma við margar stærstu spurningar samtímans.
144 bls. / 🔊 2:48 klst.
**Forlagið - JPV útgáfa**

SVK RAF HLB




## Sturlunga geðlæknisins
**Óttar Guðmundsson**
Óttar Guðmundsson geðlæknir veltir nú fyrir sér geðrænum vandamálum á þrettándu öld og skoðar róstusamt líf Sturlunga. Snorri Sturluson, Sturla Sighvatsson, Þórdís Snorradóttir og Gissur Þorvaldsson ásamt fleirum leggjast öll á bekkinn hjá geðlækninum. Hefur mannlegt eðli eitthvað breyst á þessum 800 árum sem liðin eru? Hver var skýringin á siðblindu Kolbeins unga, ákvarðanafælni Sturlu Sighvatssonar og tengslaröskun Snorra Sturlusonar?
239 bls.
**Skrudda**

KIL




## Sturlunga saga I–III
*Íslenzk fornrit XX–XXII*
**Ritstj.: Þórður Ingi Guðjónsson**
**Umsj.: Guðrún Ása Grímsdóttir**
Sturlunga er sagnasafn um atburði sem gerðust á Íslandi á tímabilinu 1117–1264 og er mikilvægasta samtímafrásögn sem til er um valdabaráttu íslenskra höfðingja. Sagan opnar lesanda leiftursýn á bændasamfélag miðalda en sviðsetur jafnframt örlagaþrungna atburði sem leiddu til þess að Íslendingar gengu Noregskonungi á vald laust eftir miðja þrettándu öld.
571 bls.
**Hið íslenska fornritafélag**

IB




## Stærðfræði 3B
*föll - markgildi - diffrun*
**Gísli Bachmann**
Bókin er hluti af nýjum kennslubókaflokki í stærðfræði fyrir framhaldsskóla og ætluð nemendum á 3. þrepi (öðrum áfanga). Hún er jafnframt hugsuð fyrir þá nemendur sem hafa lokið fornámsáföngum í stærðfræði. Höfundur bókarinnar, Gísli Bachmann, hefur um árabil kennt við Tækniskólann.
142 bls.
**IÐNÚ útgáfa**

GOR




## Sveppabókin
*Íslenskir sveppir og sveppafræði*
**Helgi Hallgrímsson**
*Sveppabókin* er frumsmíð um sveppafræði á íslensku og byggist á hálfrar aldar rannsóknum höfundar á sveppum.
 Í fyrri hluta bókarinnar er fjallað um eðli og gerð sveppa og hlutverk þeirra í lífkerfi jarðar. Þá er rætt um matsveppi og eitursveppi og nýtingu myglusveppa. Í síðari hluta er fjallað um alla flokka sveppa sem þekkjast á Íslandi.
640 bls.
**Skrudda**

SVK




## Sönn erlend sakamál
*Morðið í herbegi 348*
**Sigurgeir Orri Sigurgeirsson**
Sex sannar sögur af sakamálum sem flest gerðust í Bandaríkjunum. Morð, fjárkúgun, mannrán, fjármálasvik og hneyksli innan kaþólsku kirkjunnar eru á meðal þess sem sagt er frá í bókinni. Sum þessara mála rötuðu í fréttirnar hér á landi en önnur voru leyst í kyrrþey. Áhugaverð bók fyrir alla þá sem unna góðum glæpasögum.
244 bls.
**Almenna bókafélagið**

KIL




## Til hnífs og skeiðar
*Greinasafn um íslenska matarmenningu*
**Ritstj.: Brynhildur Ingvarsdóttir og Örn D. Jónsson**
Bókin hefur víða skírskotun, til almennings, áhugafólks um mat og matarmenningu jafnt sem fræðimanna. Fjallað er um færni, fjölbreytni og hugvit og hvernig íslensk matargerð og hérlendar aðstæður hafa skapað verðmæti sem koma sífellt á óvart, vekja athygli, jafnvel undrun eins og vöxtur og velgengni skyrsins er áberandi dæmi um.
206 bls.
**Háskólaútgáfan**

IB




## Tíminn minn - 2022
**Björg Þórhallsdóttir**
Hlý og fallega myndskreytt dagbók eftir íslensku listakonuna Björgu Þórhallsdóttur, sem nú er einn vinsælasti listamaður Noregs. Þessi dagbók er sniðin fyrir konur, full af jákvæðni og góðum ráðum. Tíminn minn er uppáhalds dagbók fjölda íslenskra kvenna og kemur nú út í áttunda árið í röð.
128 bls.
**Bókafélagið**

IB




## Tólf lífsreglur
*Mótefni gegn glundroða*
**Jordan B. Peterson**
**Þýð.: Herdís M. Hübner og Sigurlína Davíðsdóttir**
Endurprentun á þessari sérlega áhugaverðu bók sem skaut höfundinum upp á stjörnuhimininn. Hér lýsir Peterson djúpstæðum tengslum taugafræði og sálfræði við elstu sögur mannkyns. Talar á ákveðinn og blæbrigðaríkan hátt um persónulega ábyrgð og þá merkingu sem hún gefur lífinu. Hér er skrifað um sannleikann — ævafornan sannleika sem svar við brýnum vanda nútímans.
446 bls.
**Almenna bókafélagið**

KIL




## Trú og vald í mannkynssögunni
**Pétur Pétursson og Jónas Elíasson**
Meginstef þessarar bókar er að pólitískt vald styðjist ávallt við trúarlegt áhrifavald sem mótar grundvöll siða samfélagsins. Hér er um að ræða samband ríkis og trúarstofnana sem taka að mótast þegar sérstök prestastétt verður til í akuryrkjusamfélögum. Fjallað er um trúarhugmyndir og samfélag Forn-Egypta, íslam, páfadóm, einveldi og loks um kirkju og stjórnmál á Íslandi.
240 bls.
**Háskólaútgáfan**

SVK




## Trú og þjóðfélag
*Afmælisrit til heiðurs Péturs Péturssyni*
**Ritstj.: Bjarni Randver Sigurvinsson, Egill Benedikt Hreinsson og Jónas Elíasson**
Í bókinni eru 18 greinar fræðimanna á hinum ýmsu sviðum til heiðurs Pétri Péturssyni sjötugum. Hér kennir margra grasa enda endurspeglar það breitt rannsóknar- og áhugasvið afmælisbarnsins, m.a. er fjallað um mannhelgishugtakið, uppruna mannlegs máls, guðsmynd lista, prestshlutverkið, kristna siðfræði, sértrúarhreyfingar og áfengisneyslu í sænskum söfnuðum.
300 bls.
**Háskólaútgáfan**

SVK




## Tölum um hesta
**Benedikt Líndal og Sigríður Ævarsdóttir**
Í þessari einstöku, innihaldsríku og fallega myndskreyttu bók, er talað um hesta frá ýmsum sjónarhornum. Höfundar skrifa út frá hjartanu um reynslu sína af hestum og lífi sínu með þeim. Sagt er frá eftirminnilegum hestum og atvikum þeim tengdum og inn í frásögnina er fléttað fræðslu, sögum, ljóðum og því nýjasta sem uppgötvað hefur verið um hesta.
256 bls.
**Nýhöfn**

IB




## Umbrot
**Ari Trausti Guðmundsson**
**Þýð.: Neil McMahon**
**Myndir: Ragnar Th. Sigurðsson**
Í mars 2021 lauk kyrrðartímabili á Reykjanesskaga sem varað hafði í nærri 800 ár er eldgos hófst í Geldingadölum. Sjónarspilið skammt frá fjölmennustu byggðum landsins dró að sér þúsundir sem hrifust af krafti og fegurð gossins. Höfundar draga upp einstæða mynd af þessum sögulega viðburði í máli og myndum. Einnig fáanleg á ensku.
96 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

IB




## Út fyrir rammann
*Tólf lífsreglur*
**Jordan B. Peterson**
**Þýð.: Herdís M. Hübner**
Jordan B. Peterson er einn vinsælasti hugsuður og fyrirlesari heims. Hér er fjallað um mikilvægi persónulegrar ábyrgðar og þá merkingu sem hún gefur lífinu. Á tímum örra og róttækra breytinga, þegar grunnstoðir fjölskyldunnar láta undan síga, menntun breytist í innrætingu og samfélagið leggst í hættulegar pólitískar skotgrafir, á þessi bók sannarlega erindi við alla.
376 bls.
